

Megas XLR

Vélmennið Megas tortímir plánetu í hverjum þætti og á því fátt sameiginlegt með okkar íslenska Megasi.

SÍÐA 34 ▶



Grænland 4 dagar: **34.900 kr.**
www.arcticwonder.com

FRÉTTABLAÐIÐ

3. apríl 2005 – 88. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000

SUNNUDAGUR




NÆSTU SKREF ÓLJÓS Ekki er ljóst hver næstu skref í ráðningu fréttastjóra Ríkisútvarpsins verða. Markús Örn Antonsson útvarpsstjóri segir að það verði rætt í útvarpsráði. **Sjá síðu 2**

SKÝRSLAN TILBÚIN Jón Sveinsson, formaður einkavæðingarnefndar, segir nefndina hafa skilað endanlegri skýrslu um sölu Landssíma Íslands til ráðherranefndar um einkavæðingu. **Sjá síðu 2**

OSTUR ÁN STYRKJA Nýtt mjólkursamslag utan kvóta ætlar að framleiða osta og fara í samkeppni á fákeppnismarkaði. Fyrirtækið kallast Mjólkka og hefur þegar samið um sölu fjörutíu tonna til smásala. **Sjá síðu 4**

AFNÁM VERÐTRYGGINGAR Þingflokksformaður Framsóknarflokksins segir að afnám verðtryggingar hafi verið rædd á þingflokksfundum og að viðskiptaráðuneytið sé að vinna í málinu. **Sjá síðu 4**



HANN SNÝST Í NORDANÁTT með kvöldinu og má reikna með strekkingi vestanlands en annars mun hægari. El eða slydda á víð og dreif um landið í dag. **Sjá síðu 4**



MYNDASÖGUR Málþing um myndasögur verður haldið í Grófarhúsi Borgarbókasafnsins klukkan 14. Úlfhildur Dagsdóttir bókmenntafræðingur og Sjón flytja meðal annars fyrirlestra.

Kvikmyndir	34	Bækur	32
Tónlist	34	Íþróttir	24
Viðskipti	12	Sjónvarp	36

77%

fólks í úthverfum lesa Fréttablaðið daglega.*
Ekki missa af fólkinu í stærstu hverfunum.

*Gallup febrúar 2005

FRÉTTABLAÐIÐ



SORG Á PÉTURSTORGI Nunna huggar konu sem brostið hafði í grát eftir að tilkynnt var að páfinn væri látinn. Tugir ef ekki hundruð þúsunda manna voru á Péturstorginu í gærkvöld.

Páfinn er látinn

Jóhannes Páll páfi annar lést í gærkvöld eftir hjarta- og nýrnabilun. Páfinn er syrgður víða um heim. Páfinn sat næstlengst allra páfa sögunnar á páfastóli eða í 27 ár. Hann hafði átt við erfið veikindi að stríða síðustu ár. Leynd hvílir yfir því hver mun nú setjast á páfastól.

VATÍKANID, AP Jóhannes Páll páfi annar er látinn 84 ára að aldri. Joaquín Navarro-Valls, talsmaður Páfagarðs, tilkynnti þetta klukkan 19.37 að íslensku tíma. Heilsu páfa hafði farið mjög hrakandi undanfarnar vikur. Undir það síðasta átti hann orðið erfitt með andardrátt. Hjarta- og nýrnabilun varð páfanum að aldurtíla. Flaggð var í hálfu stöng um alla Ítalíu og í kaþólskum löndum víðsvegar um heim. „Englarnir bjóða þig velkominn“ var sagt á sjónvarpsstöð Vatíkansins eftir að Navarro-Valls

hafði tilkynnt um andlát páfans. Tugir ef ekki hundruð þúsunda manna komu saman á Péturstorginu í kjölfar tilkynningarinnar. Margir grétu af sorg, bjöllur glumdu og sálmar voru sungnir. Síðar brutust út fagnaðarlæti en það er ítalskur siður að votta merkur mönnum virðingu með lófaklappi. Skipun Pólverjans Karol Wojtyła í páfastól 16. október 1978 markaði að ýmsu leyti tímamót hjá kaþólsku kirkjunni. Fyrir utan að vera fyrsti Pólverjinn á páfastóli var Wojtyła

jafnframt sá páfi 20. aldar sem var langyngstur er honum hlotnaðist sá heiður. Hann var þá 58 ára. Páfinn sat næstlengst allra páfa sögunnar á páfastóli eða í 27 ár. Aðeins einn páfi hefur setið lengur, það var Píus IX. Jóhannes Páll páfi annar hafði átt við veikindi að stríða í fjöldamörgum ár. Ristilkrabbameinsæxli var skorið úr honum árið 1992. Hann fór úr axlarliði árið 1993, lærleggsbrotnaði árið 1994 og botnlanginn var fjarlægður árið 1996. Árið 2001, er páfi var kominn á nírfæðisaldurinn, var stað-

fest að hann þjáðist af Parkinsonsveiki. Ekki er vitað hver mun taka við af Jóhannesi Páli páfa öðrum. Kosið verður um nýjan páfa eftir fimmtán til átján daga. Mikil leynd liggur yfir öllu þegar nýr páfi er kosinn af rúmlega hundruð kardinálum kaþólsku kirkjunnar. Síðareglurnar eru þekktar en enginn kardináli má ræða opinberlega um þá sem helst koma til greina eða hvern þeir munu kjósa. Atkvæðagreiðslan sjálf fer fram í Sixtínsku kapellunni. **Sjá síðu 6**

Gamansemi guðanna

Á fimmtudaginn hafa mælst sextíu ár af ævi Megasar, eins umdeildasta og frábærasta snillings samtímans. Sjálfur vill hann reyna við blástur sextíu kerta í sjálfskipuðu næði en samferðamenn minnst dagsins í gleði og fögnuði yfir örlátri gjöf.



SÍÐUR 16 & 17 ▶

Með heimprá á vorin

Anna Mjöll Ólafsdóttir hefur búið í Bandaríkjunum í nokkur ár. Á daginn syngur hún inn á auglýsingar en þegar kvöldar er hún stjarnan í einkaveislum ríka fólksins.



SÍÐA 18 ▶



SPURNING DAGSINS

Heimír, er kannski íslensk útgáfa af lýtaaðgerðarþáttum eins og *Extreme Makeover* og *The Swan* á leiðinni?

Við erum alltaf að skoða og ef við gerum það þá skulum við vona að landlæknir sitji rólegur í stofunni heima hjá sér og njóti þáttarins.

Heimír Jónsson er dagskrárstjóri Stöðvar 2 sem hefur meðal annars sýnt íslenska útgáfu af *Idol* – stjórnualeit, *Viltu vinna milljón?* og *Einn, tveir og elda*.

Hafnarfjörður:

Tóku kannabis og amfetamín

LÖGREGLUMÁL Sjö grömm af amfetamíni og einn bútur af hassi náðist af fimm manns sem lögreglan í Hafnarfirði stöðvaði í bifreið í bítið í gærmorgun.

Lögreglan gerði húsleit hjá tveimur úr bifreiðinni í Hafnarfirði í kjölfarið. Hún fann óunnið kannabis sem vó 21 gramm í umbúðum í öðru þeirra og sex grömm af amfetamíni í hinu.

Fólkið er á ólíkum aldri. Það var á leið í eftirpart eftir skemmtanahald í miðbænum. Það var ekki byrjað að neyta efnanna. Þau voru yfirheyrd, þeim síðan sleppt og telst málið upplýst.

- gag

LÖGREGLUFRETTIR

ÓK ÖLVADUR UM HVERAGERÐI

Ókumaður á tvítugsaldri var stöðvaður í Hveragerði af lögreglunni á Selfossi. Hann er grunaður um ölvun við akstur. Hann var látinn blása í mæli og var nálægt efri mörkum eða rétt um 1. Séu menn yfir 1,2 í blóðprufu geta menn átt von á ársviptingu ökuréttinda við fyrsta brot samkvæmt lögreglunni. Niðurstaða blóðprufu á eftir að skera úr um ástand mannsins.

KJARAMÁL

RÍFLEG LAUNAHÆKKUN HJÁ NORÐURÁLI

Starfsmenn Norðuráls hafa samið um 24,5 prósentu launahækkun í nýjum kjarasamningi við eigendur. Skrifað var undir samninginn í fyrrinótt og á eftir að bera hann undir starfsmenn. Á vef Verkalýsfélags Akraness stendur að ljóst sé að stigið hafi verið mikilvægt skref í átt til jöfnunar á launum á við sambærilegar verksmiðjur.

Ráðherrar samþykkja einkavæðingu Símans eftir helgi:

Skýrsla um söluferlið tilbúin

EINKAVÆÐING Jón Sveinsson, formaður einkavæðingarnefndar, segir nefndina hafa skilað endanlegri skýrslu um sölu Landssíma Íslands til ráðherranefndar um einkavæðingu. Í skýrslunni er mælt fyrir einni leið við sölu Símans.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru formenn stjórnarflokkanna samstiga í málinu. Þó hefur ekkert samkomulag um söluferlið verið handsalað og hafa þeir ekki hist eftir að einkavæðingarnefnd skilaði skýrslunni. Gert er ráð fyrir að ráðherranefnd um einkavæðingu hittist á mánudaginn og afgreiði málið frá sér. Verði engar viðamiklar breytingar gerð-

ar verður það kynnt í ríkisstjórn á þriðjudag. Í framhaldinu verður söluferlið kynnt opinberlega.

Heimildir Fréttablaðsins herma að Síminn verði seldur í heilu lagi. Þá hafa verið ræddar hugmyndir um að bak við hvert tilboð verði að vera að minnsta kosti þrjú hópar; einstakir fjárfestar eða félög þeirra. Einnig að enginn hópur megi fara með meirihluta hlutfjár.

- bjg



FORMAÐUR EINKAVÆÐINGARNEFNDAR
Jón Sveinsson segir nefndina hafa skilað endanlegri skýrslu um sölu Landssímans.

MARKÚS ÖRN Á FRÉTTASTOFU ÚTVARPS

Markús fylgdist með fyrsta fundi mannsins, sem útvarpsráð taldi hæfastan til að gegna starfi fréttastjóra Útvarps, með undirmönnum. Sá ákvað að taka ekki við starfinu eftir að hafa sótt vinnustaðinn heim. Hann var ekki velkominn.



FRÉTTABLAÐIÐ/ÉOL

Friðrik Páll aftur við stjórnvölinn

Útvarpsstjóri segir næstu skref við ráðningu fréttastjóra verða rædd í útvarpsráði. Það segir Markús einan um ákvörðunina. Fyrrverandi fréttastjóri sem útvarpsráð vildi síður í starfið tekur aftur við stjórn á fréttastofu Útvarpsins.

RÍKISÚTVARPIÐ Ekki er ljóst hvernig staðið verður að ráðningu fréttastjóra fréttastofu Ríkisútvarpsins eftir að Auðun Georg Ólafsson ákvað að taka ekki við starfi fréttastjóra hennar.

Friðrik Páll Jónsson sem gegndi stöðu fréttastjóra þar til Auðun gekk í hús sest aftur við stjórnvölinn. „Bogi [Ágústsson forstöðumaður fréttasviðs] hringdi í mig og bað mig að verða aftur starfandi fréttastjóri,“ segir Friðrik. Hann gegnir starfinu þar til mál skýrast.

Markús Örn Antonsson útvarpsstjóri sagði í viðtali við Stöð 2 að næstu skref yrðu tekin fyrir á fundi útvarpsráðs á þriðjudag. Gunnlaugur Sævar Gunnlaugsson, formaður

útvarpsráðs, hefur sagt framhaldið vera í höndum Markúsar. Undir það tekur Pétur Gunnarsson framsóknarmaður og staðgengill Páls Magnússonar í útvarpsráði.

„Útvarpsstjóri er skipaður af menntamálaráðherra og starfar í umboði hans en hvorki útvarpsráðs né starfsmanna stofnunarinnar,“ segir Pétur.

Ingvar Sverrisson sem situr fyrir Samfylkinguna í útvarpsráði segir erfitt að átta sig á stöðunni innan fréttastofunnar þar sem hún breytist ört. Útvarpsstjóri verði að fluga stöðu sína vel og útvarpsráð ætla að fjalla um málið í heild á þriðjudag.

„Ástandið á fréttastofunni er há-

alvarlegt og afskaplega erfitt tilfinningalega fyrir mjög marga, þar með talinn Auðun Georg, hina umsækjendurna og aðra starfsmenn á fréttastofunni. Eg tel að í ljósi þessa alls og vantrauststillagna á útvarpsstjóra verði menn að hugsa sinn gang. Það á ekki síst við um Markús Örn og útvarpsráð sjálft.“

Friðrik segir að verði staða fréttastjóra Útvarps auglýst aftur geri hann fremur ráð fyrir að sækja aftur um: „En það er augljóst að það er afskaplega leiðinleg staða að skila inn umsókn þegar allt er óbreytt hjá þeim sem eiga að fjalla um umsóknina.“

Ekki náðist í útvarpsstjóra.

gag@frettabladid.is



Á MIKLATÚNI
Börnin kunnu vel að meta snjókomuna í gær.

Síðbúið páskahret á höfuðborgarsvæðinu: Snjóaði síðast í febrúar

VEÐUR Talsverð snjócoma var á landinu í gær. Veðurstofan hafði spáð fyrir um snjókomuna en samkvæmt upplýsingum hennar hefur þó ekki snjóað að ráði á höfuðborgarsvæðinu síðan um miðjan febrúar.

Örlítil slydda var þó fyrir nokkrum dögum og í lok febrúar en ekkert þessu líkt. Það má því segja að þetta síðbúna páskahret hafi komið eins og þruma úr heiðskíru lofti fyrir þá sem orðnir voru hjartsýnir um að verið væri á næsta leiti. Óþarfi er þó að fara að taka fram snjóþuxur og göngu-skíði því ekki er búist við að snjórinn haldist í neinn tíma. Það ætti að birta til á næstu dögum.

-bg



ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON
Telur farsælast að kosningabaráttan verði stutt.

Formannskjör Samfylkingar:

Össur hefur baráttuna

STJÓRN MÁL Össur Skarphéðinsson, formaður Samfylkingarinnar, opnar í dag kosningaskrifstofu í Armúla 40. Össur býður sig fram til formanns Samfylkingarinnar líkt og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir sem opnaði sína kosningaskrifstofu fyrir tæpum mánuði síðan.

„Þetta markar formlegt upphaf minnar kosningabaráttu,“ segir Össur. „Ég hef mína kosningabráttu svona seint því að ég tel að það sé flokknum farsælust að þessi barátta verði stutt.“

Kosið verður með póstkosningu og verða atkvæðaseðlar sendir út 22. apríl.

- th

Markús Örn Antonsson útvarpsstjóri Ríkisútvarpsins:

Ófaglega unnið á fréttastofu

RÍKIÚTVARPIÐ Útvarpsstjóri Ríkisútvarpsins, Markús Örn Antonsson, sagði í viðtali við Stöð 2 að fréttamenn Útvarps hefðu gengið furðu langt í fréttaflutningi til að koma málfutningi sér í vil á framfæri. Hann sagði viðtal fréttamanns fréttastofunnar við Auðun Georg Ólafsson, hafi verið óviðeigandi miðað við tilefnið.

„Mér fannst mjög fjarstæðukennt, að þau atriði [að Auðun hafi setið fund með formanni útvarpsráðs] skyldu hafa verið tekin upp þar [í fréttatímanum] þegar var verið að ræða við hann svona nýtekinn við þessu starfi,“ sagði Markús. Einhvers skonar spurningakeppni um hluti sem komu málinu ekkert við hafi farið fram. Við það hafi hann gert athugasemdir.

Ingimar Karl Helgason fréttamaður tók viðtalið við Auðun:



MARKÚS ÖRN OG AUÐUN GEORG
Markús Örn sagði að framganga fréttamanns við Auðun Georg hefði verið hörð.

„Útvarpsstjóri er ábyrgur sinna eigin orða. Eg sé enga ástæðu til að munnhöggvast við hann í fjölmöllum en bendi einungis á til fróðleiks að útvarpsstjóri sagði í viðtalinu að hann hefði ekki heyrt hádegisfréttir Útvarpsins fyrsta apríl.“

- gag

Apollo hefur numið land!
- ein stærsta leiguflugs-ferðaskrifstofa á Norðurlöndum.

Nýjar víddir í sólarferðum
í samstarfi við Langferðir og Iceland Express.

- Flug á sólarströnd með viðkomu í Kaupmannahöfn.
- Kynntu þér einstakt vortilboð **Netklúbbs Iceland Express** og á heimasíðu okkar, www.kuoni.is.
- Sætaframboð takmarkað.

Verð frá **55.995 kr.**
á mann með öllum sköttum

Innifalið: Flug milli Íslands og Kaupmannahafnar með Iceland Express, hóteli í Kaupmannahöfn, vikupakki með Apollo með gistingu í tvíþýli, ferðir til og frá flugvelli á áfangastað, þjónusta danskra fararstjóra og allir flugvallarskattar.

Holtasmára 1 • 201 Kópavogur
Sími: 5 100 300 • Símbref: 5 100 309
Netfang: langferdir@langferdir.is
Heimasíða: www.langferdir.is
Opnunartímar alla virka daga frá 10:00-17:00

LANGferðir **apollo**

Ný og betri bóknarleið á Netinu

veljið dagsetningu

Reykjavík til London	27 jún. 05	+/- 3 dagar	Farþegar:	1
London til Reykjavík	3 júl. 05	+/- 3 dagar	Fargjald:	Almennt

Verð miðast við fulloröna án skatta. Heildarverð að meðtöldum sköttum fyrir alla farþega verður birt á næstu síðum.

Til baka: London - Reykjavík

	fim. jún. 30	fös. júl. 01	lau. júl. 02	sun. júl. 03	mán. júl. 04	þri. júl. 05	mið. júl. 06
Á útleið: Reykjavík - London	fös. jún. 24	fös. jún. 24	fös. jún. 24	fös. jún. 24	fös. jún. 24	fös. jún. 24	fös. jún. 24
	21000 ISK	23800 ISK	21000 ISK	23800 ISK	21000 ISK	21000 ISK	21000 ISK
	21000 ISK	23800 ISK	21000 ISK	23800 ISK	21000 ISK	21000 ISK	21000 ISK
	49800 ISK	49800 ISK	49800 ISK	25900 ISK	23100 ISK	23100 ISK	23100 ISK
	49800 ISK	49800 ISK	49800 ISK	23800 ISK	21000 ISK	21000 ISK	21000 ISK
	59800 ISK	49800 ISK	49800 ISK	21000 ISK	18200 ISK	18200 ISK	18200 ISK
	69800 ISK	59800 ISK	49800 ISK	21000 ISK	18200 ISK	18200 ISK	18200 ISK
	69800 ISK	69800 ISK	59800 ISK	21000 ISK	18200 ISK	18200 ISK	18200 ISK

Umbeðin dags. = Lægsta verð ISK = Íslenskar krónur

Umbeðnir ferðadagar á lægsta verði

Lægsta verð
sem er í boði
almennt
á viðkomandi
áfangastað



Nú er einfaldara, þægilegra og fljótlegra að panta flug á www.icelandair.is

Um helmingur farþega með Icelandair pantar og greiðir fyrir flugfarið á Netinu.

Við höfum nú tekið í notkun nýtt og einfaldara leitar- og bóknarkerfi á vef okkar, www.icelandair.is. Notandaviðmótið er skýrt og þægilegt og leikur einn að kanna flugmöguleika á

tilteknum dögum, skoða mismunandi verð og ganga frá pöntun og greiðslu.

Kynntu þér málið og slástu í hóp þeirra tugþúsunda Íslendinga sem kaupa sér alltaf flugmiða á www.icelandair.is

ICELANDAIR
www.icelandair.is



GENGIÐ

GENGI GJALDMÍÐLA 1.4.2005

	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur USD	60,52	60,80
Sterlingspund GBP	114,19	114,75
Evra EUR	78,40	78,84
Dönsk króna DKK	10,52	10,58
Norsk króna NOK	9,57	9,63
Sænsk króna SEK	8,55	8,60
Japanskt jen JPY	0,56	0,57
SDR	XDR	91,37 91,91

Gengisvísitala krónunnar
108,00 -0,07%

Heimild: Seðlabanki Íslands

Þingflokksformaður Framsóknarflokksins:

Unnið að afnámi verðtryggingar

EFNAHAGSMÁL „Málið hefur verið tekið fyrir á þingflokksfundum og vinna er hafin í viðskiptaráðuneytinu,” segir Hjálmar Árnason, þingflokksformaður Framsóknarflokksins.

Á stefnuskrá flokksins fyrir yfirstandandi kjörtímabil var að afnema verðtryggingu allra lána skemmri en tuttugu ár en tveimur árum síðar bólar lítið á efnun. Hjálmar segir enn stefnt að því innan flokksins að koma verð-

tryggingunni fyrir kattarneyf á kjörtímabilinu. „Þetta hefur mætt mikilli andstöðu meðal annars hjá bönkunum sem vilja meina að slíkt leiði til vaxtahækkunar þó ég skilji ekki hvernig þeir fá þá niðurstöðu. Miðað við reynslu nágrannalanda hefur það ekki verið raunin.“

Hjálmar segist ekki vita hvenær sjá megi fyrir endann á vinnu vegna þessa máls.



HJÁLMAR ÁRNASON
Afnám verðtryggingar skemmri lána er ennþá baráttumál Framsóknarflokksins.

-aöe



MÝRARGATA

Óljóst er hvað olli upptökum eldsins.

Hús brann:

Mannbjörg

SLÖKKVILIÐIÐ Útigangsmáður var fluttur á sjúkrahús í fyrrinótt vegna gruns um að hafa orðið fyrir reykeitrun. Maðurinn var í húsi sem brann við Mýrargötu. Reykkafari slökkviliðsins fann manninn.

Vaktmaður segir slökkviliðið alltaf leita af sér allan grun þegar eldur kvikni í húsum. Ekki sé ljóst hver upptök hans voru. Það sé í rannsókn.

Vel gekk að slökkva eldinn. Slökkviliðið kom á vettvanginn rúmlega hálf fjögur og eldurinn var slökknður korter yfir fjögur. Húsum í kring stafaði ekki hættu af eldinum.

- gag

Fangelsisfyrvöld: Brugðust rangt við

ÁLIT Umboðsmaður Alþingis segir fangelsisfyrvöld ekki hafa brugðist rétt við þegar þau ákváðu að setja fanga á Litla-Hrauni í 78 klukkustunda einangrun.

Fanginn kvartaði yfir því að hann fengi ekki almenna heilbrigðisþjónustu í fangelsinu og sagði að yrði ekki bætt úr því eða hann fluttur í annað fangelsi kynni hann að taka eigið líf eða annarra.

Umboðsmaður biður dóms- og kirkjumálaráðuneytið að bæta úr vinnuferlum hjá fangelsisfyrvöldum svo bregðast megi rétt við slíkum aðstæðum.

- gag

Ostur án styrkja

Nýtt mjólkursamlag utan kvóta ætlar að framleiða osta og fara í samkeppni á fákeppnismarkaði. Fyrirtækið kallast Mjólk og hefur þegar samið um sölu fjörutíu tonna til smásala. Fyrirtækið biður leyfa heilbrigðisfyrivalda.

LANDBÚNAÐUR Nýtt mjólkursamlag sem ætlar að sérhæfa sig í framleiðslu og sölu á ostum fyrir innviðsmarkað hefur verið stofnað. Mjólkursamlagið heitir Mjólk og mun það starfa utan greiðslumarkskerfis landbúnaðarins sem þýðir að það nýtir ekki framleiðslustyrkja frá hinu opinbera.

„Við ætlum að kaupa mjólk af mönnum ef þeir vilja selja okkur hana. Þá gildir okkur einu hvort kvóta eða ekki.“

Ólafur M. Magnússon, framkvæmdastjóri Mjólk, segir fyrirtækið ætla að bjóða sambærilegt verð og neytendum bjóðist í verslunum.

„Við höfum þegar gengið frá

samningum um sölu vörunnar,” segir Ólafur. Stórar verslunarkeðjur taki samkeppninni fagnandi.

Fjölskyldan á Eyjum II í Kjós og aðrir henni tengdir eru stofnendur Mjólk. Sótt hefur verið um leyfi fyrir starfsemi til heilbrigðisfyrivalda og er þess vænt að leyfið fái inn tólar. Ráðgjert er að framleiðsla á mjólk vegna ostagerðarinnar fari fram að Eyjum II en ostaverksmiðjan verði í Ártúnsholti í Reykjavík. Stefnt er að því að fyrstu vörur Mjólk komi á markað í byrjun sumars.

Ólafur segir að fyrirtækið ætli einnig að kaupa mjólk til framleiðslunnar ef vel gengur: „Við ætlum að kaupa mjólk af mönnum ef þeir vilja selja okkur hana. Þá gildir okkur einu hvort menn eigi kvóta eða ekki.“

Ólafur segir undirbúning hafa staðið yfir á ann-

að ár. Hlutfæði sé yfir fjörutíu milljónir: „Það er fyrir stofnkostnaði og á að tryggja félaginu rekstrarfé.“

Í fyrsta áfanga er gert ráð fyrir að framleiðslan verði um 40 tonn af osti á ári. Fyrst um sinn ætli fyrirtækið að einblína á eina osttegund en stefnt sé að auknu vöruúrvali strax á næsta ári.

Forsvarsmenn Mjólkur segja fákeppni hafa ríkt á mjólkurvörumarkaði: „Það fyrirtæki sem framleiðir osta er með 98 prósentu markaðshlutdeild,” segir Ólafur. Ostahúsið í Hafnarfirði hafi þá markaðshlutdeild sem upp á vanti. Inn á þann markað stefni Mjólk.

th/gag



KÝR Á BEIT Í KJÓS UM MITT SUMAR

Fjörutíu tonn af nýrri osttegund koma á markaðinn fáist leyfi heilbrigðisfyrivalda, eins og er í sjónmáli. Hann verður ekki ríkisstyrktur.

LÖGREGLUFRÉTTIR

BELTIN BJÖRGUÐU Í BÍLVELTU

Ókumaður skrámaðist þegar fólksbíll valt á Norðurlandsvegi við Vatnsdalshóla um klukkan hálf fjögur í fyrrinótt. Þrjú voru í bílnum, öll innan við tvítugt. Þau voru flutt af lögreglunni á Blönduósi á sjúkrahús bæjarins til skoðunar. Lögreglan telur að bílbeltin hafi bjargað ungmennunum. Bíllinn er mikið skemmdur ef ekki ónýtur.

ÁTÖK Á ESKIFIRDI Ungir menn rúmlega tvítugir að aldri slógust á Eskifirði aðfaranótt laugardags. Lögreglan var kölluð að veitingastaði í bænum þar sem um sex manns áttu í átökum. Þeir voru drukknaðir. Lögreglan skakkaði leikinn og kom erfiðustu órásegggjunum af svæðinu. Enginn gisti fangageymslur.



LEIFSTÖÐ

Er meðal þeirra bestu í könnun sem gerð var meðal ferðamanna um allan heim.

Flugstöð Leifs
Eiríkssonar:

Meðal þeirra bestu

FLUGSTÖÐVAR Flugstöðin í Hong Kong er sú besta í heimi samkvæmt könnun sem framkvæmd var á vegum Airport Council International árið 2004. Flugstöðin Seoul Incheon lenti í öðru sæti og flugstöðin í Singapore í því þriðja.

Flugstöð Leifs Eiríkssonar lenti í þriðja sæti í flokki flugstöðva undir fimm milljónum í könnuninni sem gerð var á 48 flugvöllum um allan heim. Farþegar svörðu spurningum um hina ýmsu þjónustuþætti í byggingunni.

- sgi

Sundlaugar:

Fótasveppir í karlaklefum

HEILBRIGÐISMÁL Fótasveppamengun er mun algengari í karlakefum sundlauga en í kvennaklefum, samkvæmt nýrri rannsókn Landspítalans og Háskóla Íslands.

Ástæðurnar fyrir því að meiri fótasveppamengun er í skiptiklefum karla en kvenna eru tvíþættar. Í fyrsta lagi sækja mun fleiri karlar en konur sundlaugarnar. Í öðru lagi eru fótasveppasýkingar algengari meðal karla en kvenna. Einnig kom í ljós að gólfín í kvennaklefum eru þrífín oftar en gólfín í karlaklefum.

- bþg

VARÚÐ
• ÖRITSKODADUR
• BANNAD INNHAN 18 ÁRA

Viltu vinna miða á 199 kr!

Sailesh

Sendu SMS skeytið **BTL DAF** á númerið **1900** og þú gætir unnið. Vinningar eru miðar á Sailesh • ADSL tengingar hjá BTnet • DVD myndir og margt fleira.

Þú færð miða á dávaldinn Sailesh í öllum verslunum Skifunnar og á skifan.is. Miðaverð 3.500 kr.

„Langfyndnasti gríndávaldur á jörðinni!“
-MTV

VAS event


Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind. Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 199 kr/skeytið. Fólk undir 18 ára aldri verður ekki afhentur miði þar sem aldurstakamark er 18 ára.

Veðrið

Snýst í norðanátt
Hann snýr sér í norðrið með kvöldinu og gæti vindur orðið nokkuð stífur um tíma vestast á landinu. Annars verður vindur hægari. Hitinn ætti að ná upp fyrir frostmark viðast hvar, en þó ekki mikið meira en það. Það má búast við slyddu- eða lítilsháttar eljum á víð og dreif um landið í dag en á milli ætti að rofa eitthvað til. Á morgun verður norðanátt með eljum fyrir norðan en björtu veðri syðra en þriðjudagsspáin er enn nokkuð ótrygg, það gæti orðið hvassviðri á vesturlandi.

Kveðja, Guðrún Arnardóttir nátturfræðingur.


Í dag




Veðrið úti í heimi í dag

Kaupmannahöfn	12°C	sk.m.köflum	Glasgow	12°C	léttskýjað
London	17°C	sk.m.köflum	Stokkhólmur	11°C	sk.m.köflum
Paris	18°C	sk.m.köflum	Barcelona	14°C	léttskýjað
Frankfurt	17°C	sk.m.köflum	Helsinki	6°C	skýjað

Á morgun



Þriðjudagur



Oslo	9°C	sk.m.köflum
Prag	15°C	sk.m.köflum
Róm	16°C	sk.m.köflum
Amsterdam	17°C	sk.m.köflum

Svæði þar sem búast má við talsverðu vætu eru skyggt á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknúð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

PEUGEOT 407

TÖLUM UM NÝSKÖPUN

Meistarahönnun Peugeot 407 sem setur nýjan staðal fyrir fjölskyldubíla



HER & NU / SIA

Peugeot 407 frá kr. **2.190.000**
kr. 22.941 á mánuði *

Peugeot 407 SW frá kr. **2.350.000**
kr. 24.618 á mánuði *

www.peugeot.is



airbags



AC



JBL

F.A.P.

ESP



Tiptronic



T.D.T.

Komdu og upplifðu meistarahönnun sem setur fjölskyldubílnum nýjan staðal. Það er ekki aðeins krafturinn í hönnuninni sem gerir hann sérstakan - líka samspilið af þægindum, sportlegum aksturseiginleikum og öryggi. Þú hefur fjölda möguleika í útfærslu, þannig að við höfum um margt að tala saman. Líttu inn og tölum um Peugeot 407 – flottasta ljónið á veginum.

Peugeot 407 4ra dyra verð frá kr. 2.190.000 - kr. 22.941 á mánuði *

Peugeot 407 SW verð frá kr. 2.350.000 - kr. 24.618 á mánuði *

* Bítasamningur Lýsingar - 30% innborgun og eftirstöðvar á 84 mánuðum

407



PEUGEOT



BERNHARD ehf. • Vatnagarðar 24-26 • Sími 520 1100

Umboðsaðilar:

Reykjanesbær, **Bilavík**, sími 421 7800 • Akranes, **Bilver**, sími 431 1985

Akureyri, **Höldur**, sími 461 6020 • Vestmannaeyjar, **Bragginn**, sími 481 1535



KJÖRKASSINN

Hljóðspá 1. apríl?

Niðurstöður gærdagsins á visir.is

Já	15%
Nei	85%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Var rétt hjá Auðuni Georg Ólafssyni að taka ekki starf fréttastjóra Útvarps?

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun



Ráðherrar gegni ekki þingmennsku

ALÞINGI Siv Friðleifsdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins, hefur mælt fyrir frumvarpi á Alþingi um að ráðherrar gegni ekki jafnframt þingmennsku. Í umræðunni um frumvarpið kom fram að bæði Framsóknarflokkur og Samfylking hafa ályktað í samræmi við frumvarpið. Tilgangurinn er að skerpa skilin milli löggjafarvaldsins og framkvæmdarvaldsins.

„Við Pétur Blöndal vorum samála í umræðunum um frumvarpið að nú væri meira lag en oft áður því yfirstandandi er endurskoðun á stjórnarskránni en ekki er oft sem það gerist,“ segir Siv.

Hún benti á að hugur framsókn-

armanna stundi til þess að koma þessu í framkvæmd hið fyrsta en eitt af meginatriðunum í kosningastefnuskrá flokksins fyrir síðustu kosningar var að koma á þeim breytingum að ráðherrar gegni ekki jafnframt þingmennsku.

„Nefndin um endurskoðun stjórnarskrárinnar hlýtur að skoða þetta eins og aðrar hugmyndir um breytingu á stjórnarskrá. Nefndin hefur skýrt frá því að þar sé allt til skoðunar,“ segir Siv. „Þetta er mikilvæg breyting sem hægt er að horfa á í samhengi við breytingar á stjórnarráðinu sem buið er að tala um í fjölda ára og miða að því að fækka ráðuneytum og sameina.“



SIV FRÍÐLEIFSDÓTTIR

Mælti í gær fyrir frumvarpi um að ráðherrar gegni ekki jafnframt þingmennsku. Markmiðið er að skerpa skilin milli löggjafarvaldsins og framkvæmdarvaldsins.

Hafnarfjörður: Einn skóli fyrir börnin

LEIKSKÓLI Hafnarfjarðarbær byggir sameiginlegan grunnskóla og leikskóla í Vallarhverfi. Í Hraunvallaskóla verða fjórar leikskóladeildir auk grunnskólans. Leiksvæði barnanna verða aðskilin en mótuneyti, umsýsla og þjónusta verða sameiginleg og skólinn opin.

Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri Hafnarfjarðar, segir skólann áhugavert þróunarverkefni.

„Við lítum svo á að þetta sé spennandi útfærsla, bæði hagræði og opnari möguleikar í kennslu. Bilið milli grunnskóla og leikskóla verður brúað.“

Ráðgert er framkvæmdum við skólann ljúki á næsta ári og kennsla hefjist haustið 2006.

- gag

Eiginmaður og fjölskylda Schiavo:

Aðskildar jarðarfarir

BANDARÍKIN Krufning á líki Terri Schiavo er lokið. Líkið verður afhent eiginmanni hennar sem mun láta brenna það og grafa í ótilgreindum fjölskyldugrafreiti.

Terri Schiavo hafði lengi verið miðpunktur langrar lagabaráttu um það hvort henni skyldi haldið lifandi eður ei. Hún hafði fengið alvarlegan heilaskaða og verið haldið lifandi í fimmtán ár með því að gefa henni næringu í gegnum slöngu. Þrátt fyrir að niðurstaða sé komin í málinu er deilunni þó ekki lokið því enn rífast fjölskylda og eiginmaður um hvar jarða eigi Terri. Eiginmaðurinn, Michael Schiavo, hefur þó fengið leyfi frá dómstólum til þess að ákveða greifrarstað. ■

Viðförull og íhaldssamur

Ferill Jóhannesar Páls II páfa var að ýmsu leyti einstakur. Hann var fyrsti Pólverjinn sem varð páfi og sat næstlengst allra páfa sögunnar.

ANDLÁT PÁFA Skipun Pólverjans Karol Wojtyła í páfastól þann 16. október 1978 markaði að ýmsu leyti tímamót hjá kaþólsku kirkjunni.

Fyrir utan að vera fyrsti Pólverjinn á páfastóli var Wojtyła jafnframt sá páfi 20. aldar sem var langyngstur er honum hlotnaðist sá heiður. Hann var þá 58 ára. Ferill hans upp metorðastigann innan kirkjunnar hafði verið hraður. Hann var vígður prestur árið 1946 og átján árum síðar skipaður erkebiskup af Kraká, fæðingarborg hans sem á öldum áður var aðsetur Póllandskonunga. Árið 1967 fékk hann kardinálatign. En þótt hann nyti viðurkenningar var hann lítt þekktur utan Páfagarðs og fáir veðjuðu á að hann yrði arftaki Jóhannesar Páls, sem andaðist eftir aðeins 33 daga páfadómi.

Karol Wojtyła tók sér páfanafnið Jóhannes Páll II eftir að kardinálar kirkjunnar kusu hann eftir að hafa setið í tvo daga á rökstólum í Sixtínsku kapellunni í Péturskirkjunni í Róm. Páfatið hans átti eftir að verða sú næstlengsta í sögu kaþólsku kirkjunnar. Aðeins einn páfi hefur setið lengur, það var Píus IX sem sat í 31 ár og sjö mánuði 1846-1878.

Viðförlasti páfi allra tíma

Á yngri árum helgaði Karol Wojtyła krafta sína íþróttum, stundaði meðal annars knattspyrnu og skíði. Hann var mikill leiklistarunnandi og íhugaði á tímabili að gerast atvinnuleikari.

Á meðan á hernámi Þjóðverja stóð í síðari heimsstyrjöld lagði Wojtyła stund á guðfræðinám í Krakáháskóla. Að stríðinu loknu var hann vígður prestur. Árið 1964 var hann orðinn erkebiskup og kardináli árið 1967.

JÓHANNES PÁLL II PÁFI

1920: Fæddur nærri Kraká í S-Póllandi
1946: Vígður prestur
1964: Skipaður erkebiskup af Kraká
1978: Kjörinn páfi

Sem „aðkomumaður“ í Páfagarði gekk hann til verka af mikilli atorkusemi. Hann var aldrei maður sem kaus að loka sig af á bak við þykka vegg Vatíkansins, eins og það er orðað í upprifjun fréttavefjar BBC um feril hans. Mjög fljótlega eftir skipunina varð hinn nýi páfi auðþekkt tákn fjölmennustu kirkjudeilda kristinnar. Jóhannes Páll II var viðförlasti páfi allra tíma. Hann var fyrsti páfinn í sögunni sem heimsótti Ísland, en það gerði hann snemmsumar 1989. Á ferli sínum á páfastóli heimsótti hann alls 100 lönd. Áætla má að vegalengdin sem hann lagði að baki á



PÁFI Á ÍSLANDI

Frá messu páfa á Landakotsúni 2. júní 1989.

ferðalögum sínum jafngildi 27 hringferðum um jörðina.

En ósk hans um nálægð við alþýðuna kostaði hann nærri því lífið. Árið 1981 var honum sýnt banaáhrif. Tyrkneskur ofstækismaður, Mehmet Ali Agca, særði hann alvarlegum skotsárum á Péturstorginu. Eftir langan bataveg heimsótti hann tilræðismanninn í fangelsi og fyrirgaf honum. Lengi hafa verið uppi getgátur um að sovéska leyniþjónustan hafi verið viðriðin tilræðisáætlunina, en valdhöfum austantjalds var áhrifavald hins pólska páfa á fólk þar eystra þyrnir í augum.

Íhaldssemi og andkommúnismi

Þrátt fyrir að vera um margt nútímalegur í háttum, sem lýsti sér meðal annars í ferðagledi hans, einlendust viðhorf Jóhannesar Páls II til kirkjulegra málefna af íhaldssemi. Afstaða hans til hjónaskilnaða, getnaðarvarna og fóstureyðinga átti sér marga gagnrýndur, utan sem innan kirkjunnar. Að sögn gagnrýnenda eru slík viðhorf æðsta

yfirmanns kirkjunnar til þess fallin að fæla fólk frá henni í nútímanum.

En Jóhannesar Páls II verður þó ekki síst minnst fyrir sögulegt hlutverk sitt í að andæfa kommúnismanum. Mest voru áhrif hans í því sambandi í heimalandi hans, en Pólverjar voru ein fjölmennasta Austantjaldsþjóðin. Kirkjan reyndist mörgu fólki athvarf undan kúgun kommúnistastjórnarinnar.

Síðustu æviárin var páfi heilsutæpur. Ristilkrabbameinsæxli var skorid úr honum árið 1992. Hann fór úr axlarliði árið 1993, lærleggsbrotnaði árið 1994 og botnlanginn var fjarlægður árið 1996. Árið 2001, er páfi var kominn á níræðisaldurinn, var staðfest að hann þjáðist af Parkinsonsveiki.

Þrátt fyrir heilsuvandamálin veitti páfi trúuðum áheyrn í Páfagarði á hverjum miðvikudegi sem hann var ekki fjarverandi á ferðalagi. Þar til heilsu hans hrakaði síðast og banalegan hófst hafði hann ekki misst úr eina áheyrn síðan í september 2003.

- aa

Tölvunám eldri borgara

Grunnur

30 kennslustunda byrjendanámskeið. Engin undirstaða nauðsynleg, hæg yfirferð með þolinmóðum kennurum. Aldurstakmark 60 ára og eldri. Á námskeiðinu er markmiðið að þátttakendur verði færir að nota tölvuna til að skrifa texta, setja hann snyrtilega upp og prenta, fara á internetið, taka á móti og senda tölvupóst. Þátttakendur læra að koma sér upp ókeypis tölvupóstfangi.

Kennsla hefst 6. apríl og lýkur 27. apríl. Kennnt er mánudaga og miðvikudaga kl 13 - 16. Verð kr. 19.500,- Vegleg kennslubók innifalin.



Framhald I

30 kennslustunda námskeið, hentar þeim sem lokið hafa byrjendanámskeiðinu eða hafa sambærilega undirstöðu.

- Upprifjun
- Æfingar í Word ritvinnslu
- Leit og vinnsla á internetinu og meðferð tölvupósts.
- Excel kynning

Kennsla hefst 7. apríl og lýkur 28. apríl. Kennnt er þriðjudaga og fimmtudaga kl 13 - 16. Verð kr. 19.500,- Vegleg kennslubók innifalin.

Framhald II

30 kennslustunda námskeið ætlað þeim sem lokið hafa fyrri framhaldsnámskeiðinu eða hafa sambærilegan grunn og vilja enn meiri þekkingu og þjálfun. Byrjað er á upprifjun og svo er haldið áfram og kafað dýpra með framhaldsæfingum í ritvinnslu, á netinu og tölvupóstinum ásamt Excel. Einnig er fjallað um stafrænar myndavélar og meðferð ljósmynda í heimilistölvunni. Ýmislegt fleira skv. óskum þátttakenda.

Kennsla hefst 7. apríl og lýkur 28. apríl. Kennnt er mánudaga og miðvikudaga kl 13 - 16. Verð kr. 17.000,-



TÖLVUSKÓLINN
PEKking

Faxafen 10 • 108 Reykjavík • Sími: 544 2210 • www.tsk.is • skoli@tsk.is

Sesam, opnist þú!

Þegar þú kemur í heimsókn til okkar leiðum við þig um töfraheima Bang & Olufsen. Upplifðu BeoSound 3000 - sem flytur þér tónlistina á undraverðan hátt.



www.bang-olufsen.com

B&O skorar á skilningarvitin

BANG & OLUFSEN 
Síðumúla 21. Reykjavík. Sími 581 1100.

skoðun

SJÓNARMÍÐ
HAFLÍÐI HELGASON

Fréttastjóramálið ber vitni ömurlegu hugarfari stjórnmálanna í garð fjölmiðla.

Útvarpsráð og -stjóri rúin trausti

Endalokin í fréttastjóramáli Ríkisútvarpsins eru í senn vandræðaleg og dapurleg. Nýráðinn fréttastjóri missteig sig hrapallega í viðtali við fréttamann RÚV og eftir það var trúverðugleiki hans enginn. Það er rangt sem segir í yfirlýsingu Auðuns Georgs, þegar hann ákvað að hætta við að taka fréttastjóra starfið, að fréttamaðurinn hafi með lævislegum hætti komið honum í vandræði. Um þau vandræði var hann einfær, því miður. Hann kaus að byrja viðtalið á að greina ekki satt og rétt frá og af því spunnust vandræðin.

Stjórnamálmennt þurfa oft að þola aðgangshörku fjölmiðla í umdeildum málum. Það er hluti af þeirra starfi og þeir sem ekki þola eina og eina gusu sem þeir telja óverðskuldaða eiga einfaldlega að leita sér að rólegra starfi.

Auðuni er hins vegar nokkur vorkunn í málinu. Án þess að hann geti firrt sig algerlega ábyrgð á hlut sínum í málinu er hann að vissu marki fórnarlamb í pólitískum hráskinnaleik. Niðurstaða málsins ætti að vera stjórnmálamönnum áminning um að þeir tímar séu liðnir að aðrar forsendur en faglegar ráði því hverjir eru ráðnir í stöður hjá hinu opinbera.

Menn þurfa að spyrja sig að þessu loknu hver sé staða Ríkisútvarpsins eftir orrahróðina. Augljóst er að algjör trúnaðarbrestur er milli almennra starfsmanna Ríkisútvarpsins og útvarpsstjóra, Markúsar Arnar Antonssonar. Erfitt er að sjá nema tvo kosti í þeirri stöðu; annaðhvort að skipt verði um útvarpsstjóra eða að skipt verði um starfshóp, nánast eins og hann leggur sig.

Trúnaðarbrestur er einnig algjör milli starfsmanna og meirihluta útvarpsráðs. Dómgreindarleysi ráðsins og útvarpsstjóra hefur skaðað stofnunina verulega og það er á ábyrgð þessara aðila að bæta þann skaða. Erfitt er að sjá að það verði gert öðruvísi en með afsögn. Það útvarpsráð sem mælti með Auðuni Georg í starf fréttastjóra hlýtur að axla ábyrgð á því dómgreindarleysi og víkja. Það getur í það minnsta ekki tekið þátt í ráðningarfæri nýs fréttastjóra. Sama gildir um útvarpsstjóra.

Stjórnaflakarnir hafa gert nokkrar atlögur að sjálfstæði fjölmiðla á undanföllum misserum. Fréttastjóraráðningin og fjölmiðlafrumvarpið í fyrra afhjúpa ömurlegt hugarfar og sýn á fjölmiðla. Hugarfar þess sem býst við því að fréttar- og blaðamenn séu strengjafbrúður í höndum þeirra sem yfir þá eru settir. Þetta hugarfarar stjórnaðlaða á sér svo sem samsvaranir í veröldinni og af þeim löndum sem næst okkur eru má nefna Rússland og Ítalíu.

Þar sem siðmenntaðir stjórnmálamenn ráða ríkjum eru fjölmiðlar hvergi látnir sæta pólitískum afskipum, hvort sem þeir eru í ríkis- eða einkaeigu. Stjórnmál eru opinber mál og varða almenning í ríki mæli. Stjórnmálamenn þurfa oft að þola aðgangshörku fjölmiðla í umdeildum málum. Það er hluti af þeirra starfi og þeir sem ekki þola eina og eina gusu sem þeir telja óverðskuldaða eiga einfaldlega að leita sér að rólegra starfi. Það er ekki stórmannlegt að kvarta undan slíku. Að reyna að beygja fjölmiðla undir sig með pólitískum ofstopa er hins vegar háttur smámenna. ■



Talstöðin
FM 90,9

HÁDEGISÚTVARPIÐ
Fréttir og fréttatengt efni í umsjón
Sigmundar Ernís Rúnarssonar og Sigurjóns M. Egilssonar.
Alla virka daga kl. 12.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Vilhjálmur í Seðlabankann?

Ekki síðar en á næsta ári lætur Birgir Ísleifur Gunnarsson aldurs vegna af starfi bankastjóra Seðlabankans. Eins og gengur með feit embætti sem svo eru kölluð eru hafnar vangaveltur um arftaka hans. Viðskiptablaðið, sem hefur góð og nán tengsl við forystumenn Sjálfstæðisflokksins, segir á föstudaginn að embætti Birgis tilheyrir flokknum og þar á bæ heyrir í þessu sam-



bandi helst nefnt nafn Vilhjálms Egilssonar fyrrverandi alþingismanns og núverandi ráðuneytisstjóra í sjávarútvegsráðuneytinu. Mun það ekki spilla fyrir að Vilhjálmur er hagfræðingur að mennt og starfaði sem slíkur um árabil áður en hann hóf afskipti af stjórnmálum. Þá styrkir það stöðu Vilhjálms að hann er talinn í náðinni hjá flokksformanninum, Davíð Oddssyni, eftir að hafa stutt hann dyggilega á Alþingi.

Á náttborð ráðherra

Hið nýja bókaforlag Jakobs F. Ásgeirssonar, Uglan, ætlar innan skamms að gefa út í kilju fjölmiðlapistla sem Ólafur Teitur Guðnason blaðamaður hefur um skeið ritað í Viðskiptablaðið. Þetta kemur fram í viðtali við Jakob sem Ólafur Teitur

birtir í blaðinu á föstudaginn. Skrif Ólafs eru ekki í hávegum höfð meðal fjölmiðlamanna (sem út af fyrir sig er þó enginn hæstiréttur um gildi þeirra), þykja einkennast af þröngu sjónarhorni og þráhyggju um „Baugsmíðlana“, en njóta þess meira álits meðal ráðherra og stjórnaþingmanna. Er sennilegt að bókin sé ekki sist ætluð á náttborð þeirra – við hliðina á silkiþúfunum! Sé það rétt er umhugsunarefni fyrir útgefandann hvort ekki væri frekar við hæfi að hafa pistlana í viðhafnarbandi með gyllingu.



gm@frettabladid.is

Af sjálfsmynd þjóðarinnar

Það vill iðulega gleymast í umræðunni um trúarbragðafræðslu á Íslandi að íslensk saga er kristin saga. Að lang stærstum hluta. Svo stórum reyndar að önnur trúarbrögð eru aðeins lágvær tónn í hljómkviðunni.

Og hér tala staðreyndir. Sem við fáum ekki flúíð. Og viljum ekki flýja. Íslensk saga er sum sé kristin saga. Hún er saga kristinna gilda sem hafa litað alla afstöðu landsmanna til góðra verka og slæmra. Hún er saga síðar, sem hefur reynst flestum öðrum síðum umburðarlyndari, frjálsari og mannvænlegri.

Það er alveg óhætt að viðurkenna þetta.

Og líklega er þetta ekki hroki.

Það væri álíka gáfulegt að kenna ekki þessa kristnu sögu í skólum landsins og að leggja niður íslenskukennslu. Kristnin er svo rækilega samofin íslenskri sögu og menningu að þar verður á löngum köflum ekki gerður mikill greinarmunur á. Stundum enginn. Á síðari tímum kann að þykja flott – og gott ef ekki kúl eins og það heitir í nútímanum – að hreita ónotum í kristnina, segja ofríki hennar algert, íhaldið ömurlegt, siði hennar á undanhaldi.

Gott og vel.

En við skulum gangast við sögu okkar og menningu. Tilraunir manna til að endurhanna fortíðina hafa allar mistekist. Sovétherrarnir reyndu að þurrka burt heilu fyrirmennin á ljósmyndum og götuhornum – og bóka-brennur eru enn ein helsta sálhjálp margra þrengstu ofstækishópa mannkyns. En þeir hópar höfða ekki til margra. Ofstækið leitar jafnan eyðileggingarinnar. Og þótt það geti stjórnað um stund stekkur því varla bros. Það er fráhrindandi.

Hvort heldur það hefur verið í pólitík eða trúmálum hefur ofstækið haldið aftur af framförum. Það hefur haldið aftur af fólki, vilja þess og löngunum. Við þekkjum þetta úr pólitískum tilraunum í Evrópu, jafnt sem Afríku, Asíu og Ameríku. Og við þekkjum þetta úr kirkjusögunni.

Á ofríkistímum kirkjunnar, sem voru langar og ljótar miðaldir, tókst kirkjunnar mönnum að afvegaleiða boðskap kristinnar. Þeir urðu sjálfir miðja hennar, framkvæmdavald og löggjöf. Að ekki sé talað um dómssvald. Hræðilegt dómssvald. Þær þjóðir sem náð hafa lengst út úr þessum miðöldum hafa allar flúíð þennan ófögnuð ofstækisins, blindrar bókstafstrúar – hvort heldur er pólitískrar eða trúarlegrar. Og þetta á við um Ísland, reyndar

TÍÐARANDINN SIGMUNDUR ERNÍR RÚNARSSON

Sjónarhóll Íslendinga er eyja úti í miðju Atlantshafi; fremur köld og óræktarleg. Þar hefur hins vegar verið ræktuð trú um aldir og það er ekki síst þaðan sem þjóðin hefur öðlast sjálfsmynd sína.



einkum og sér í lagi Ísland og nokkur nálæg lönd.

Íslensk kristni, ef svo má segja, hefur á síðari öldum verið mild og umburðarlynd, öfgalaus og frjálssynd. En síðurinn samt skýr. Gildin klár. Hvort sem landsmenn telja sig kirkjurækna eða ekki, trúrækna eða ekki, hafa þeir fylgt þessari menningararfleifð þjóðarinnar – og ekki viljað víkja frá henni. Kristnin hefur leyt og ljóst mótað þjóðarsálina.

Kannski er í tísku að halda einhverju öðru fram. Kannski hentar betur á rokkudum tímum að segja kristnina vera ániðslu einhverrar frjálsrar hugsunar; hún brjóti á réttindum manna. Kannski er einhver partur þjóðarinnar orðinn svo heilagur að hann má hvorki við skoðun né sið, hvað þá trú.

Sjálfur sagði ég mig úr Þjóðkirkjunni á unga aldri. Líklega 16 vetra. Það fannst mér svalt. Róttækur ungur maður sem vildi hvorki láta foreldra né þjóðfélag segja sér fyrir verkum. Maður

frjálsra hugsana. Ungur að vísu, ómótaður. Á næstu árum fann ég hins vegar að ég gat ekki yfirgefið samfélag mitt; ég var snar partur af arfleifðinni og þeim ein-kennum þjóðarinnar sem gera hana frjálsa, víðsýna, kraftmikla og áræðna. Ég fann einfaldlega að ég var mótaður af kristnum veruleika.

Ég hefði líkast til getað flúíð. Og svo sem inn í einhvern öðruvísi veruleika; lokað mig af ... klæðst krumpuðum léreftspokum og neitað mér um annað fæði en kartöflur og vatn. Byrjað að lesa bækur með einhverjum öðrum augum en mínum eigin. Ég kaus hins vegar að fylgja meginstraumnum. Lifa eins og Íslendingar vilja. Og það er fint.

Sú umræða að kristni-fræðikennsla afvegaleiði íslensk ungmenni er alvarlega á skjön við heilbrigða skynsemi. Auðvitað upplýsum við alla Íslendinga um sögu þjóðarinnar og það, hvernig hún hefur viljað hugsa, trúna og breyta. Það er ekki áróður. Það er fræðsla. Auðvitað yfirgefum við ekki fortíð okkar í einhverri misskilinni tilraun til að gera öllum heiminum til hæfis. Það tekst aldrei. Sýn landsmanna á lífið mun alltaf verða upptekin af hnattstöðunni. Það er eðlilegt, einfaldlega mannlegt. Þannig finnst okkur til dæmis mikilvægara að læra um fjöllin á Suðurlandi en heiðarnar upp af Wagga Wagga. Sprengisandur stendur okkur nær en Sahara. Og Gunnarshólmi fer betur í munni en Leaves of Grass. Fræðsla og upplýsing hlýtur ávallt að taka mið af því hver við erum, hvar við erum. Að halda því fram að slíkt sé áróður er í besta falli skondið.

Sjónarhóll Íslendinga er eyja úti í miðju Atlantshafi; fremur köld og óræktarleg. Þar hefur hins vegar verið ræktuð trú um aldir og það er ekki síst þaðan sem þjóðin hefur öðlast sjálfsmynd sína. Og alla daga erum við að koma upp um kristni okkar; hún leynist einfaldlega í vitundinni, orðavalinu, látbragðinu.

Stundum er spurt af hverju íslensk þjóð hefur náð jafn langt í veraldlegum og andlegum efnum og raunin hefur orðið á síðustu hundráð árum. Stundum segjum við að fámennið hafi þjappað okkar saman; stundum að veðrið hafi hert okkur. Það gleymist iðulega að kristið umburðarlyndi og frjálslyndur siður hefur leyst úr læðingi krafta sem hafa notið sín hér á landi um aldir. Við erum með öðrum orðum afkomendur umburðarlyndis.

Það glæsilega við svona trúarsíð er að mega efast. Það leyfist ekki öllum. Og mætti gerast oftár á öðrum sviðum, jafnvel hér á landi – svo sem í flokkspólitíkinni. ■

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónsson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Emir Rúnarsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórnundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaltahlíð 24, 105 Reykjavík ABAL-SÍMI: 550 5000 SÍMBRÉF Á FRÉTTABLAÐI: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFFANG: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



TÖLVUSKÓLINN PEKking

Faxafen 10 • 108 Reykjavík
Sími: 544 2210 • Fax: 544 2215
www.tsk.is • skoli@tsk.is

Opnaðu nýjar dyr

Grafík og hönnun

Stafrænar myndavélar og meðferð stafrænna mynda í heimilistölvunni

Næstu námskeið:

1. Föstudagana 8. og 15. apríl
kl. 17:30 – 21:30 báða dagana.
2. Laugardagana 9. og 16. apríl
kl. 13:00 – 17:00.

Verð kr. 15.000,-. Innifalin ný kennslubók á íslensku.



Vefsíðugerð II - Dreamweaver

Stutt en markvisst námskeið fyrir lengra komna. Aðaláhersla námskeiðsins er þjálfun í notkun á Dreamweaver forritinu sem er eitt öflugasta og vinsælasta vefsmíðaforritið. Önnur viðfangsefni námskeiðsins er HTML og CSS.

Þetta námskeið hentar einnig vel þeim sem þurfa að sjá um viðhald á vef fyrirtækja eða stofnana. Þátttakendur geta unnið með eigin vef á námskeiðinu. Sjá nánari lýsingu á heimasíðu skólans.

Námskeiðið hefst 19. apríl og lýkur 12. maí.

Kennt er þriðjudaga og fimmtudaga frá kl. 17:30 – 21:00.

Verð kr. 39.000,- Allt kennsluefni innifalið.

Vefsíðugerð III – MySQL & ASP

Framhaldsnámskeið í hefðbundinni vefsíðugerð. Þátttakendur læra að tengja vefsíður við MySQL gagnagrunnsþjón og nota til þess hina vinsælu ASP tækni frá Microsoft. Ítarleg lýsing á heimasíðu skólans.

Námskeiðið hefst 8. apríl og lýkur 26. apríl

Kennt er þriðjudaga, fimmtudaga og föstudaga frá kl. 17:30 – 21:00.

Verð kr. 42.000,-

Grafísk hönnun

Vinsælt og sérlega hagnýtt nám ætlað þeim sem eru að stíga fyrstu skrefin í grafískri vinnslu eða fólk sem vill skapa sér forskot í frekara námi t.d. á háskólastigi. Þetta nám hentar einnig þeim sem vilja hanna sínar auglýsingar sjálfir hvort heldur fyrir vef- eða prentmiðla.

Kennd er notkun þriggja mest notuðu hönnunarforritanna; Photoshop, Freehand og Flash.

Hefst 6. apríl og lýkur 2. maí.

Kennt er mánudaga og miðvikudaga frá kl. 17:30 – 21:00 og laugardaga frá 9:00 – 12:30.

Verð kr. 65.000,- Allt kennsluefni innifalið.

Flestir fá stóran hluta námskeiðsgjaldsins endurgreiddan frá sínu stéttarfélagi. Kannaðu rétt þinn!

SÉRFRÆÐINÁMSKEIÐ Með alþjóðlegum prófgráðum



A+

Mjög hagnýtt nám til undirbúnings tveim alþjóðlegum prófum.

Nám þetta hentar þeim sem vilja auk alþjóðlegrar vottunar, fá aukinn skilning á virkni tölvunnar, bæði hvað varðar vélbúnaðinn (A+ Core Hardware) og ýmis stýrikerfi (A+ OS Technologies).

A+ þekking er góð undirstaða fyrir þá sem sinna viðhaldi og kerfisstjórn tölvubúnaðar hjá fyrirtækjum og stofnunum. Að loknu námi eiga þátttakendur að vera færir um að standast tvö eftirtalin próf sem veita alþjóðlega vottun:

- 220-301 A+ Hardware Technologies
- 220-302 A+ Operating Systems



Námskeiðið hefst 6. apríl og lýkur 14. maí. Kennt er mánudags- og miðvikudagskvöld frá kl. 17:30 – 21:00 og annan hvern laugardag frá 9:00 – 12:30.

Verð kr. 98.000,- án prófa, kr. 126.000,- með tveimur A+ prófum. Þeir sem lokið hafa 18 stunda námskeiðinu í tölvuviðgerðum hjá okkur hafa mjög góðan grunn fyrir þetta námskeið og býðst 25% afsláttur af verði námskeiðs án prófa.

MCP XP kerfis- og netstjórnun

Aðalmarkmið þessarar námsbrautar er að gera þátttakendur færa um að setja upp og reka tölvunet í minni og meðalstórum fyrirtækjum.

MCP námið er einnig grunnur að flestum öðrum sérfræðinámsbrautum Microsoft. Þeir sem ljúka þessu námi og því prófi sem það miðast við (próf 70-270) öðlast alþjóðlega vottun sem „Microsoft Certified Professional“

Ítarlega námslýsingu er að finna á heimasíðu skólans.



Námskeiðið hefst 18. maí og lýkur 9. júní. Kennt er mánudags- og miðvikudagskvöld frá kl. 17:30 – 21:30 og laugardaga frá 9:00 – 13:00.

Verð kr. 84.000,- án prófs, kr. 98.000,- með einu prófi.

MCSA

„Microsoft Certified Systems Administrator“ er nám fyrir þá sem vilja öðlast alþjóðlega vottun sem sérfræðingar við umsjón og rekstur Microsoft netkerfa.

Þetta nám samanstendur af eftirfarandi prófgráðum.

- MCP XP (próf 70-270)
- MCDST (próf 70-271 og 70-272)
- MCP - Server og netkerfi (próf 70-290 og 70-291)

Allar nánari upplýsingar á heimasíðu skólans.



Kennsla hefst 18. maí. Kennt er mánudags- og miðvikudagskvöld frá kl. 17:30 – 21:30 og laugardaga frá 9:00 – 13:00.

Verð kr. 242.000,- án prófa, kr. 312.000,- með fimm prófum.

Skráning í síma 544 2210, á vef skólans; www.tsk.is og í netpósti á skoli@tsk.is

viðskipti

vidskipti@frettabladid.is nánar á visir.is

Fyrsti ársfjórðungur segir lítið um hvernig restin af árinu kemur til með að verða eins og gerðist árið 2000 þegar Úrvalsvisitalan hækkaði um 14% á fyrsta ársfjórðungi en á árinu lækkaði hún um 19%. Hlutabréfaverð hefur ekki lækkað á fyrsta ársfjórðungi síðan árið 2001.

Enn flýgur markaðurinn

Flestir bjuggust við því að draga myndi úr hraðflugi hlutabréfa eftir miklar hækkunir síðustu tveggja ára. Árið byrjaði af miklum krafti og hækkunin á fyrsta ársfjórðungi ársins jafngildir væntingum margra um hækkun alls ársins. Ný tíðindi og góð afkoma stærstu fyrirtækja hafa glatt fjárfesta í upphafi árs.



GANGUR Á MARKAÐI FL Group, Bakkavör og Kögun hafa hækkað mest skráðra fyrirtækja frá áramótum og virði þeirra hefur vaxið um 25 milljarða á sama tíma

Íslenskur hlutabréfamarkaður fór vel af stað í upphafi árs og hækkunir verið framfarir vonum. Úrvalsvisitala Kauphallar Íslands hefur hækkað um 17%. Hækkunin hefur náð til nánast allra félaga en aðeins þrjú félög lækkuðu í verði á ársfjórðungnum. Það sem stendur upp úr er mikil hækkun nokkurra fyrirtækja en FL Group er það félag sem hefur hækkað mest. Ef arðgreiðslan er talin með nemur hækkunin á virði félagsins um 45% á fyrsta ársfjórðungi.

Síðustu ár á hlutabréfamarkaði hafa verið góð og því var búist við að eitthvað færi að draga úr hækkunum á þessu ári og spáði Greining Íslandsbanka því í upphafi árs að Úrvalsvisitalan myndi hækka um 15%. Sú hækkun hefur nú þegar komið fram.

Fyrsti ársfjórðungur segir lítið um hvernig restin af árinu kemur til með að verða eins og gerðist árið 2000 þegar Úrvalsvisitalan hækkaði um 14% á fyrsta ársfjórðungi en á árinu lækkaði hún um 19%. Hlutabréfaverð hefur ekki lækkað á fyrsta ársfjórðungi síðan árið 2001. Flestir búast við áframhaldandi hækkunum á árinu en þó ekki jafn miklum og verið hafa. Almennt er efnahagsástand gott, fyrir utan hátt gengi krónunnar, og helstu kennitölur sem notaðar eru við verðmat fyrirtækja benda ekki til þess að virði þeirra sé of hátt.

Athygli vekur að á sama tíma og nánast öll skráð félög hækka á fyrsta ársfjórðungi heldur flóttinn úr Kauphöllinni áfram en í lok mars gerðu helstu eigendur Samherja yfirtökutilboð í fyrirtækið. Aðeins þrjú félög lækkuðu í verði á fyrstu þremur mánuðum ársins og þar af

er aðeins eitt í Úrvalsvisitalunni, Flaga Group, en hún vegur lítið vegna þess að markaðsvirði félagsins er aðeins tæpir fjórir milljarðar. Hin félög voru SÍF og Jarðboranir en Jarðboranir hækkuðu mjög mikið á síðasta ári.

Hástökkvarar fyrsta ársfjórðungs að teknu tilliti til arðgreiðslna

FL Group	45%
Bakkavör Group	31%
Kögun Group	30%
Og Vodafone	28%
Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna	27%

Margir hástökkvarar

Gengi nokkurra félaga hefur hækkað um meira en 25% á fyrstu þremur mánuðum ársins en FL Group hefur hækkað mest félaga frá áramótum. FL Group, Bakkavör, Kögun, Og Vodafone og Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna eru þau fimm félög sem hafa hækkað mest. Ef tekið er tillit til arðgreiðslna nær Þormóður rammi – Sæberg einnig yfir 30% ávöxtun.

FL Group hækkaði ótrúlega snögg strax í upphafi árs en margar fréttir hafa borist af félaginu að undanförunu. Í janúar tilkynnti FL Group um kaup á tíu Boeing 737-800 flugvélum en til stendur að leigja þær til annarra flugfélaga og vikka með því út starfsemi félagsins. FL Group hafa ekki til þessa verið í flugvélaleigu en Atlanta hefur tekist vel upp á þessu sviði. Einnig tilkynnti félagið um kaup á tveimur nýjum Boeing breiðpotum og kaup á íslenska flugfélaginu Bláfugli. Fjárfestar hafa metið stöðuna þannig að félagið sé á miklu flugi og vilja því fljúga með.

Hækkunin á gengi Bakkavarar skýrist af kaupnum á breska matvælafyrirtækinu Geest en félagið fellur vel að núverandi rekstri Bakkavarar og skapar tækifæri til hagræðingar og minni þarfar til fjárfestingar á árinu. Annað sem skipti miklu máli fyrir Bakkavör var hversu hagstæð lánakjör fyrirtækið fékk og að ekki þurfti að hækka hlutfé til að fjármagna kaupin.

Hlutafjárútböð halda áfram

Ekki hefur mikið bólað á nýskráningum fyrirtækja á markað að undanförunu en líklega verður brátt breyting þar á. Í stað þess að ný fyrirtæki skrái sig á markað hafa þau sem fyrir eru stækkað mikið og mörg sótt auknið fjármagn með hlutafjárukningu.

Á síðasta ári notuðu fyrirtækin góð skilyrði á markaði og sóttu mörg fé með aukningu hlutafjár, bæði til þess að kaupa önnur fyrirtæki og einnig til að standa undir eigin vexti. Samtals nam hlutafjárukning á síðasta ári 170 milljörum í nýju hlutfé en það sem af er ári hafa fyrirtækin boðið út nýtt hlutfé fyrir 23 milljarða.

Flótti úr Kauphöllinni

Á sama tíma og fyrirtæki eru í stórum stíl að sækja peninga á markaði eru önnur að hverfa af markaði. Stærsta brotthvarfið á ársfjórðungnum er sjávarútvegsfyrirtækið Samherji en stærstu eigendur hans hafa gert öðrum hluthöfum þess yfirtökutilboð og verður það tekið af markaði í framhaldinu. Stærstu fyrirtæki sem hurfu á fyrstu þremur mánuðum ársins eru Opin kerfi Group, Tangi og Hraðfrystistöð Þórshafnar. Á fyrstu dögum ársins voru Opin kerfi Group afskráð en Kögun yfirtók félagið á síðasta ári og fengu hluthafar Opinna kerfa hluti í Kögun auk reiðufjár. Sjávarútvegsfyrirtækin Tangi og Hraðfrystistöð Þórshafnar voru einnig afskráð á fjórðungnum.

Fyrsti ársfjórðungur var mjög góður og umfram væntingar markaðsaðila þar sem flestir gerðu ráð fyrir að markaðurinn hækkaði ekki mikið þar sem hann hafði hækkað mikið síðustu tvö ár. Góðar rekstrarniðurstöður síðasta árs og þá sérstaklega bankanna og stærri fyrirtækja hafa rennt stöðum undir þessar hækkunir.

Í heildina lítið virðist árið í ár halda áfram líkt og síðasta ár með kaupum á erlendum fyrirtækjum og frekari útrás íslensku fyrirtækjanna. Búist er við að uppgjörin fyrir fyrstu þrjú mánuði ársins verði góð og ýti undir frekari hækkunir.

dogg@frettabladid.is

Vorið í Prag

Síðustu sætin

Frá kr. 9.990

Prag er einn ástsælasti áfangastaður Íslendinga. Vorið í Prag er einstaklega fagurt og veðrið milt og landið heillandi, allur gróður í blóma og landið skartar sínu fegursta. Heimsferðir bjóða ferðir til Prag í vor á hreint ótrúlegu verði. Í boði eru góð 3 og 4 stjörnu hótél og spennandi kynnisferðir með íslenskumælandi fararstjórum.

kr. **9.990**

Flugsæti með sköttum aðra leið. 11. apríl. Netbókun.

Beint flug til Prag

7. apríl
11. apríl
14. apríl
18. apríl

kr. **19.990**

Örfá sæti laus

2 fyrir 1 tilboð 7. apríl
Flugsæti með sköttum, 2 fyrir 1 tilboð, út 7. apríl, heim 11. apríl. Netbókun.


kr. **39.990**

Síðustu sætin

Helgarferð 14. apríl – síðasta helgin í Prag í vor
Flug, skattar og hótél með morgunverði í 4 nætur, 14. apríl. M.v. 2 í herbergi á ILF Hotel. Netbókun.



Skógarhlöð 18, sími 595 1000. www.heimsferdir.is



Góð ávöxtun vegur þungt

– og þar erum við á toppnum!

7,9%*

Verðbréf 3 - Peningamarkaður
Íslensk verðbréf - Eignastýring hf.

*Nafnávöxtun frá 01.12.2004 - 28.02.2005 á ársgrundvelli



ÍSLENSK VERÐBRÉF
EIGNASTÝRING ER OKKAR FAG!

460 4700 · www.iv.is

Verðbréfsnúmer skv. lögum nr. 30/2003

Á ekki von á lækkunum

Edda Rós Karlsdóttir, forstöðumaður greiningardeildar Landsbankans, segist ekki eiga von á að lækkun Úrvalsvisítölunnar haldi áfram líkt og hingað til. „Ég á samt ekki von á lækkunum, hrúni eða neinu slíku.“ Hún segir að drifkraftur hækkananna hingað til hafi verið breytingar á fyrirtækjunum og ótrúlegur kraftur sem hafi verið í útrás og tilkynningum um áframhaldandi vöxt. „Þessi mikla hækkun á fyrsta ársfjórðungi kom á óvart.“

EDDA RÓS KARLSDÓTTIR

Edda Rós býst við nýskráningum bráðlega og segir gott að fá nýja aðila inn á markaðinn. „Þá verða aðeins fleiri fyrirtæki fyrir fjárfesta til að velja á milli og það er ekki síst mikilvægt fyrir lífeyrissjóðina.“

Edda Rós á von á ágætum uppgjörum fyrsta ársfjórðungs og segir alveg ljóst að fyrirtækin hagnist á hækkun Úrvalsvisítölunnar. Mörg fjármálafyrirtækjanna séu í vísitölnni sem fá gengishagnað af hækkuunum. Á móti komi að ákveðin fyrirtæki líði fyrir sterka krónu og það hafi áhrif á hagnað þeirra tímabundið. „Fyrirtækin hafa sýnt ótrúlega mikinn sveigjanleika og aðlagð starfsemina gengissveiflum. Þau eru miklu sveigjanlegri en fyrir nokkrum árum.“

Góð uppgjör framundan

Atli B. Guðmundsson hjá Greiningu Íslandsbanka segir fyrsta ársfjórðung ársins hafa verið prýðilega góðan á hlutabréfamarkaði og betri en þeir hafi átt von á.



ATLI B. GUÐMUNDSSON

Greining Íslandsbanka spáði í ársbyrjun að hækkun Úrvalsvisítölunnar yrði 15% á árinu og er því sú hækkun nú þegar komin fram. Atli segir að fjárfestar séu orðnir góðu vanir því að undanförunni hafi oftast verið tveggja tölustafa hækkun á ársfjórðungi. Atli segir af einstökum atburðum á fyrsta ársfjórðungi tvennt koma upp í hugann. „Mikil hækkun á FL Group og yfirtaka Bakkavarar á Geest.“

Atli segir að þegar horft sé til stærstu félaganna séu þau að ganga í gegnum tímabil úrvinnslu. „Þau eru að vinna út úr verkefnum sem þau réðust í á síðasta ári.“ Hann telur að svo verði áfram því að félögin séu flest með stór verkefni í gangi. Rekstrartölur eru að berast úr þeim verkefnum og Atli segir að þær komi til með að hafa áhrif á markaðinn á næstu ársfjórðungi. „Við erum ágætlega bjartsýnir á þær niðurstöður og ef við horfum fram á veginn eigum við von á því að markaðurinn fari upp.“

Atli býst við prýðisgöðum uppgjörum fyrir fyrsta ársfjórðung og að áfram verði mikill gengishagnaður innifalinn í hagnaði fyrirtækjanna. „Það er bara góðæri.“

Íslenski markaðurinn hækkar áfram mest

Hækkun Úrvalsvisítölunnar á síðustu árum hefur verið mun meiri en í nágrannalöndunum og stærstu kauphöllum heims. Hlutabréfamarkaðir í Noregi, Danmörku, Finnlandi og Svíþjóð hafa verið að hækka en ekki jafn mikið og sá íslenski. Mesta hækkunin hefur verið í kauphöllinni í Danmörku á fyrstu þremur mánuðum ársins en í fyrri var næstmesta hækkunin á norska markaðinum.

Íslenskir fjárfestar líta í auknum mæli til London þar sem þeir telja að mikil tækifæri liggi þar. Vísitala 100 stærstu fyrirtækjanna í kauphöllinni í London hækkaði um 1,7% á fyrstu þremur mánuðum ársins en íslensk fyrirtæki hafa

náð mun betri ávöxtun þar. Íslensk fyrirtæki eiga talsvert stóra hluti í nokkrum skráðum félögum þar og

HLUTABRÉFAMARKAÐIR 2005

	1. ársfj. 2005	1. ársfj. 2004
Nasdaq 100	-8,5%	-2,0%
Dow Jones	-2,6%	-2,0%
USA – S&P 500	-2,6%	1,9%
MSCI heimsvísit.	-1,5%	2,2%
Bretland – FTSE 100	1,7%	-2,7%
Svíþjóð	3,8%	9,7%
Bloomberg Europ. 500	4,3%	5,9%
Finnland	5,9%	11,7%
Noregur	8,0%	13,0%
Danmörk	10,5%	5,9%
Ísland	16,6%	20,7%

Heimild: KB banki

önnur hafa verið að yfirtaka skráð félög í London. KB banki og Burðarás eiga í breska bankanum Singer & Friedlander en KB banki er nú í viðræðum um yfirtöku á bankanum. Gera má ráð fyrir að margir aðrir Íslendingar hafi einnig keypt hluti í Singer & Friedlander. Meðal annars á Baugur Group hlut í verslunarkerðjunni Somerfield og hefur áhuga á yfirtaka félagið og FL Group á í lágfargjaldflugfélaginu easyJet.

KB banki er skráður í sænsku kauphöllina og þar hafa íslensk félög verið að fjárfesta og hefur Burðarás verið mjög öflugur í að fjárfesta þar í landi. Burðarás hefur fest kaup á 20% hlut í sænska

fjárfestingarbankanum Carnegie en virði hans er um 10 milljarðar íslenskra króna. Burðarás á hlut í sænska tölvufyrirtækinu Scribona og einnig á félagið hlut í sænska tryggingafélaginu Skandia og virði hans er um 11 milljarðar íslenskra króna. Burðarás teygir anga sína einnig yfir til Finnlands þar sem félagið á hlut í Finnair en vísitalan þar hefur hækkað um 6% það sem af er ári.

Ljóst er að íslenskir fjárfestar horfa til erlendra markaða því að fá kaupæfifæri eru á íslenska markaðnum. Einnig hefur sterkt gengi krónunnar orðið til þess að erlendar fjárfestingar verða enn hagkvæmari en ella.

- dh

HYUNDAI
hefur gæðin

Bíll ársins

» Hyundai Tucson
Verð frá kr. 2.320.000

ÞANDALAG ÍSLENSKRA
BÍLL
ÁRSINS
2004
BÍLABLADAMANNA

Í FLOKKI JEPPA OG JEPPLINGA



Hyundai Tucson CRDi-Diesel, sjálfskiptur.
Þú eignast hann fyrir kr. 2.680.000
Bílasamningur kr. 35.900 á mánuði.
m.v. 10% útborgun. Við staðgreiðum þann gamla*.

B&L Grjóthálsi 1 575 1200 www.bl.is

Bílasala Akureyrar sími 461 2533 • Bílas Akranesi sími 431 2622 • SG Bílar Reykjanessbæ sími 421 4444
Bifreiðaverkstæði Áki Sauðárkróki sími 453 6140 • Bifreiðaverkstæði Borgþórs Egilsstöðum sími 471 1436



Með bílinn handa þér

*Mánaðargreiðslur miðast við bílasamning Lýsingar til 84 mánaða og 10% útborgun. Greiðum út þann gamla 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins.

6,2%* – Peningabréf Landsbankans

Góð og örugg ávöxtun á lausafé fyrir einstaklinga, fyrirtæki, sveitarfélög og aðra fjárfesta. Kynntu þér ótvíræða kosti Peningabréfa hjá ráðgjöfum Landsbankans.

*Nafnávöxtun frá 01.02.2005–28.02.2005 á ársgrundvelli.

Peningabréf eru fjárfestingarsjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rými fjárfestingarheimildir skv. lögnum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðinn, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðsins, vísat til útbóðslýsingar og útdráttar úr útbóðslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbanka Íslands hf. auk upplýsinga á heimasíðu bankans www.landsbanki.is

Kynntu þér ótvíræða kosti Peningabréfa hjá ráðgjöfum í útibúum Landsbankans eða í síma 410 4000.

410 4000 | landsbanki.is

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

DORIS DAY (1924 -)
á afmæli í dag.



„Það skelfilegasta við að vera miðaldra er vitneskjan um að maður eigi eftir að vaxa upp úr því.“

Doris Day er bandarísk söng- og leikkona, auk þess að vera ötul baráttukona fyrir velferð dýra. Hún var ein af mest áberandi leikkonum sjötta og sjöunda áratugs síðustu aldar, þá sprækleg ljóska með heilsusamlega mynd. Í mynd Alfreds Hitchcocks, *The Man Who Knew Too Much*, söng hún lagið „Que Sera Sera“ sem varð hennar einkennisöngur. Lagið vann til Óskarsverðlauna.

tímamót

timamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST

Marshall-aðstoðin lögfest

Þennan dag árið 1948 undirritaði Harry S. Truman, þáverandi Bandaríkjaforseti, lög um aðstoð til handa erlendum ríkjum – Marshallaðstoðina svokölluðu. Lögin eru nefnd í höfuðið á George C. Marshall, þáverandi utanríkisráðherra Bandaríkjanna. Þau kváðu á um að veita miklu fé til efnahagslegrar uppbyggingar í Evrópu á næstu árum. Þetta kom og í veg fyrir samdrátt heima fyrir með því að opna stóra markaði fyrir bandarískar vörur. Þá var Bandaríkjunum talsverður pólitískur akkur í aðstoðinni í síharðnandi samkeppni við Sovétríkin, og skerpti hún enn frekar á

skilum milli austurs og vesturs. Þótt Íslendingar hafi hagnast ágætlega í stríðinu fékk ekkert ríki hlutfallslega meira fé af Marshall-aðstoðinni en Ísland. Rausarskapur Bandaríkjanna var að hluta til af pólitískum toga en ríkisstjórn Stefáns Jóhanns Stefánssonar tók aðstoðinni fegins hendi. Hún myndi bæta úr gjald-eyrisskortri, auka innflutningsgetu og vonandi draga úr óánægju með ríkisstjórnina sem hafði rek-ið stranga haftastefnu. Sumir segja að ekkert ríki hafi grætt meira á Marshall aðstoðinni en Íslendingar, en því hefur líka verið haldið fram að þegar á



HARRY TRUMAN OG GEORGE MARSHALL

botninn var hvolfst hafi aðstoðin reynst Íslendingum bjarnargreið; hún hafi veitt haftastefnunni ógurlegu gálgafrést og tafið nauðsynlega uppstokkun í íslensku efnahagslífi.

MERKISATBURÐIR

- 1882** Jesse James, útlagi í villta vestrinu, var skotinn í bakið og drepinn.
- 1968** Martin Luther King yngri hélt fræga ræðu.
- 1974** Surtsey lýst friðland og Surtseyjarfélaginu falin umsjón með eyinni.
- 1975** Bobby Fischer neitaði að hefja heimsmeistaræinvígi við Anatoly Karpov þannig að Karpov varð heimsmeistari.
- 1993** Ólafur G. Einarsson menntamálaráðherra setur Hrafn Gunnlaugsson framkvæmdastjóra Sjóvarpsins. Nokkrum dögum fyrr hafði Heimir Steinsson útvarpsstjóri vikið Hrafn úr starfi dagskrárstjóra innlendirar dagskrárgerðar.

ANDLÁT

Bernharð Steingrímsson, Tungusiðu 2, Akureyri, lést þriðjudaginn 29. mars.

Ásta Steinunn Gissurardóttir, frá Litlu-Hildisey, Landeyjum, hjúkrunarheimilinu Garðvangi, áður Tunguvegi 8, Njarðvík, lést miðvikudaginn 30. mars.

Guðmundur Laxdal Jóhannesson, dvalarheimilinu Grund, áður Grandavegi 47, Reykjavík, lést fimmtudaginn 31. mars.

Kristín Guðmundsdóttir, f.v. matrúðskona í Vatnaskógi, síðast til heimilis í Seljahlíð, lést fimmtudaginn 31. mars.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.



Innilegar þakkir til allra sem sýnt hafa okkur samúð, vináttu og hlýðug við andlát ástkærrar eiginkonu minnar, móður, dóttur, systur og tengdadóttur,

Helgu Bjargar Svansdóttur

Musikþerapista, Malarási 15.

Stofnaður hefur verið minningarsjóður Helgu Bjargar Svansdóttur.

Hlutverk sjóðsins er tvíþætt:

- Að veita styrki til náms í musikþerapiu
- Að veita styrki til fagaðila vegna verkefna þar sem musikþerapia er notuð eða kynnt sem meðferðarúrræði.

Nafn og reikningsnúmer er eftirfarandi: Db. Helga Björg Svansdóttir kt. 200868-3589 banki 111-05-274300. Samnemendur Helgu í Kvinnaskólanum hafa tekið að sér að veita sjóðnum forstöðu. Nánari uppl. eru á <http://www.blog.central.is/musik>

Árni Stefánsson, Heiðar Már Árnason, Una Svava Árnadóttir, Svanur Ingvason, Rán Einaradóttir, Harpa Rut Svansdóttir, Stefán Tyrfinngsson og María Erla Friðsteinsdóttir.



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,

Erna Sigurðardóttir

Sjávargrund 6a, Garðabæ,

lést á Landspítalanum við Hringbraut þann 30. mars. Hún verður jarðsungin frá Fossvogskirkju, mánudaginn 4. apríl kl. 11.00.

Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnst hennar er bent á Krabbameinsdeild 11E á Landspítala eða CP Félagið, www.cp.is.

Jón Ívarsson, Ívar Þór Jónsson, Þóra Sigríður Karlsdóttir, Eva Rut Jónsdóttir, Ómar Örn Jónsson, Elfa Dögg S. Leifsdóttir og ömmubörn.



Elskuleg móðir mín, tengdamóðir og amma

Ingibjörg Adolfsdóttir

Austurbrún 4,

verður jarðsungin frá Fella- og Hólakirkju þriðjudaginn 5. apríl kl. 11.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkuð, en þeim sem vilja minnst hennar er bent á MS félagið.

Friðrik Eiríksson, Halldóra Sigurjónsdóttir, Sandra og Arnar.



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

TÍMAMÓTUNUM FAGNAÐ Gunnar, Baldvin og Róbert áttu saman ánægjulega stund í Iðná þar sem þeir stigu fyrst á fjalirnar fyrir 60 árum.

TÍMAMÓT: FAGNA 60 ÁRA LEIKAFMÆLI

Ógleymanleg frumsýning

Það var glatt á hjalla í Iðná á föstudagskvöld þegar þeir Baldvin Halldórsson, Gunnar Eyjólfsson og Róbert Arnfinnsson leikarar hittust til að dreypa á góðu viskíi og snæða góðan mat í tilfni þess að 60 ár eru liðin frá því að þeir stigu fyrst á fjalirnar.

Það var engin tilviljun að vinnirir ákæðu að hittast í Iðná. „Fyrsta sýningin var einmitt í þessu húsi, þegar við lékum í Kaupmanninum í Feneýjum“, segir Róbert. „Við ákváðum að miða starfsaldurinn við frumsýninguna; þetta var jú Shakespeare og í fyrsta skipti sem við fengum greitt fyrir að leika,“ bætir hann við.

Frumskýninguna segja þeir hafa verið ógleymanlega. „Baldvin lék stórt hlutverk,“ rifjar Gunnar upp. „Hann lék elskhugann unga og gerði það með bravúr. Við Ró-



UNGIR MENN Á UPPLIÐ Róbert, Baldvin og Gunnar í gervum sínum í Kaupmanninum í Feneýjum árið 1945.

bert lékum ungu fylgissveinana.“ „Og voruð glæsilegir,“ skýtur Baldvin inn í. Síðan þá hafa þrímennirnir verið í nánun vinfengi og leikið saman í fjölda sýninga, oftar en ekki í leikstjórn Baldvins. „Ég hef stýrt þeim í tuga skipta og það er yndislegt að vinna með þeim,“ segir hann. Og það er ekki loku fyrir það skotið að þeir komi saman á nýjan leik. „Við eigum eftir að ráðstafa 70 ára leikafmælinu en munum ræða það ítarlega þegar nær dregur,“ segja þeir glettnislegir á svip.

Föstudagskvöldið ætluðu félagarnir að leika eftir eyranu. „Við ætlum að borða svo góðan mat að hann mun slá út krásirnar sem við fengum eftir frumsýninguna forðum,“ segir Róbert. „Við spilum svo kvöldið bara eftir eyranu og sjáum hvernig það rekur sig.“ ■

AFMÆLI



Eiríkur Guðnason seðlabankastjóri er sextugur í dag.

Ragna Róbertsdóttir myndlistarkona er sextug í dag.



Einar Sveinsson stjórnarformaður Íslandsbanka er 57 ára í dag.

Heimir Guðjónsson knattspyrnumaður er 36 ára í dag.

Tinna Traustadóttir lyfjafraeðingur er 31 árs í dag.



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og vinarhug vegna andláts og útfarar elskulegrar móður minnar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Helgu S. Gunnarsdóttur

Víðilundi 24, Akureyri.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki FSA og Hjúkrunarheimilisins Skjaldarvík.

Hákon Hákonarson, Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, Hákon Gunnar Hákonarson, Petra Halldórsdóttir, Helga Hlín Hákonardóttir, Unnar Sveinn Helgason, Aðalborg Birta Sigurðardóttir, Álfhildur Rögn Gunnarsdóttir og Hákon Birkir Gunnarsson.

Fæst án
lyfseðils



Við vöðva-
og liðverkjum

Voltaren Emulgel er nú
loksins fáanlegt
í næsta apóteki.

Voltaren Emulgel®

Díklófenak tvíetýlamín 11,6 mg/g



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

TATJANA LATINOVIC Var landlaus í tvö ár þar sem hvorki Serbar né Króatar vildu veita henni ríkisfang. Af æðruleysi segir hún um þetta tímabil: „Þetta voru erfiðir tímar og það eina sem ég hef frá föðurlandinu er nafnið mitt og minningar. Mér þykir vænt um það.“

Átti bara nafnið sitt og minningar

Íslendingurinn Tatjana Latinovic er af serbneskum uppruna en fæddist og bjó í Króatíu. Tatjana hefur búið á Íslandi í tíu ár og leggur sitt af mörkum til að allir geti búið hér í sátt og samlyndi, óháð uppruna. Í samtali við *Björn Þór Sigbjörnsson* segir hún meðal annars frá þegar hvorki Serbar né Króatar vildu veita henni ríkisborgararétt og þegar hún kynntist ástinni í stríðinu á Balkanskaga.

Tatjana lætur víða til sín taka og að loknum löngum vinnudegi hjá hátækni-fyrirtækinu Össuri sinnir hún ýmsum félagsstörfum. Hún situr í stjórnnum Alþjóðahússins, Kvennaathvarfsins og Samtaka kvenna af erlendum uppruna og er þar formaður. Tatjana er brosmild þegar hún sest niður með kaffibolla á Kaffi Copenhagen, nýbúin að aka dóttur sinni í ballett og albúin að ræða fyrsta mál á dagskrá; nýkynnnta könnun um kynþáttafordóma íslenskra unglinga.

„Unglingar eru oft með öfga-fullar skoðanir og vilja hneyksla fólk,“ segir hún um þá niðurstöðu að þeim ungmennum fjólgar sem hafa neikvætt viðhorf til nýbúa. Hún efast að auki um að rétt sé að spyrja um áhrif þeirrar menningar sem fylgir nýbúum. „Hversu mikið vita fimmtán ára krakkar um menningu innflytjenda? Það er ekki mikið fjallað um hana, það er aðallega fjallað um innflytjendur þegar einhver vandamál koma upp. Að auki hefur orðið nýbúi gjaldfallið. Merking þess hefur breyst og lýsir nú aðeins þröngum hópi í hugum flestra.“

Engu að síður getur verið gagnlegt að fá svona könnun. Krakkarnir koma að einhverju leyti með sín viðhorf að heiman og því þurfa foreldrar og skólarnir að bregðast við. Það er líka athyglisverður munur á afstöðu unglínganna eftir námsgetu þeirra, menntun foreldra og þeim stuðningi sem krakkarnir fá heima fyrir. Þau eru sjálförugg og með sjálfsmyndina í lagi eru jákvæðari.

En ég hef ekki miklar áhyggjur af þessu.“

Kanntu að svara í síma?

Tatjana hefur ekki lent í teljandi vandræðum á Íslandi. Hún kom til landsins haustið 1994 og settist strax á skólabeck í Háskólanum til að læra íslensku. Hún segir nauðsynlegt fyrir útlendinga sem hingað flytja að læra málið, að öðrum kosti sé þeim hætt við að lenda utan gátta. „Íslenskan er lykillinn að íslensku samfélagi,“ segir Tatjana sem talar ljómandi gott mál og eru því allir vegir færir. Enda með BA-próf í tungunni upp á vasann.

Og hún hefur ekki fundið fyrir fordómum á eigin skinni. „Ég hef aldrei upplifað neitt slæmt en þó orðið vör við staðalímyndir. Reyndar voru gerðar leiðinlegar athugasemdir við mig fyrst eftir að ég kom og ég meðal annars talin flóttamaður sem væri að bjarga sér og það þótti slæmt. Svo hafði landið mitt á sér neikvæða ímynd vegna stríðsins.“ Tatjana var hins vegar ekki á flóttu, ástin dró hana til Íslands.

Eftir að hún lauk íslenskunáminu fór hún að leita fyrir sér á vinnumarkaðnum. Henni kom á óvart þegar starfsmenn ráðningaskrifstofa spurðu hvort hún kynni að svara í síma og hvort hún gæti skúrað. Hún er nefnilega vel menntuð, lærði bókmenntir, ensku og þýsku í heimalandinu og hefur auk þess kennsluréttindi.

Tatjana þekkir fjölmörg önnur dæmi þess að menntun og reynsla fólks af erlendum uppruna sé ekki metin að verðleikum.

Vill láta gott af sér leiða

Samtök kvenna af erlendum uppruna voru stofnuð haustið 2003 og ári síðar varð Tatjana formaður þeirra. Hlutverk samtakanna er að sameina konur af erlendum

uppruna og vera málsvari þeirra. Og markmiðið er einfalt; að vinna að jafnrétti og jafnri stöðu kvenna af erlendum uppruna á öllum sviðum þjóðlífsins.

Tatjana segir suma eiga erfitt með að skilja hvers vegna hún sé að standa í þessu þar sem hún sjálf sé í góðu starfi, eigi íslenska fjölskyldu og kunnir tungumálið. „Ég hef brennandi áhuga á mannlegum samskiptum og vil láta gott af mér leiða. Ég held að margir sem hafa flutt hingað og falla vel inn í samfélagið vilji hjálpa öðrum með því að taka þátt í starfi sem leiðir eitthvað gott af sér. Þannig getur fólk dregið úr neikvæðu umræðunni sem fylgir innflytjendum,“ segir Tatjana.

Meðal þess sem Samtök kvenna af erlendum uppruna beita sér gegn er ofbeldi gegn konum. Tatjana, sem jafnframt situr í stjórn Kvennaathvarfsins, segir komum erlendra kvenna í athvarfið hafa fjölgað á síðustu árum. Hún rekur það ekki til þess að erlendar konur séu oftar beittar ofbeldi en aðrar, miklu heldur sé skýringin sú að þær hafa ekki sama tengslanet og þær íslensku, geti því ekki leitað til vana og fjölskyldu séu þær beittar ofbeldi. Ekki megi þó horfa fram hjá því að erlendar konur eru í áhættuhópi sökum einangrunar og þess vegna auðveldari bráð ofbeldismanna.

Svipt ríkisfanginu

Tatjana fæddist og bjó í borginni Osijek sem nú tilheyrir Króatíu en í þá daga hét landið Júgóslavía. Móðir hennar efnaræðingur. Þau eru af serbneskum uppruna en litu ekki á sig sem Serba heldur Júgóslava og þannig var með flesta aðra borgara og raunar landa þeirra.

Tatjana í hnotskurn

Fædd: 1967.

Menntun: BA próf í ensku, þýsku, bókmenntum og íslensku. Hefur að auki kennsluréttindi í ensku og þýsku.

Starf: Vinnur í þróunardeild Össurar.

Fjölskylduhagur: Gift Dagbjarti Helga Guðmundssyni verkfræðingi og saman eiga þau Freyju Björk tíu ára og Damjan sjö ára.

Áhugamál: Bókmenntir og aðrar listir og skíðaiðkun.

„Fólk var ekki upptekið af þjóðernisbrotum og lifði saman í sátt og samlyndi. Menningarmunurinn lá hins vegar á milli borganna og sveitanna,“ segir Tatjana og bætir við að hún hafi aldrei haft þörf fyrir að tilheyra sérstökum hópum og sé til dæmis ekki í trúfélagi. „Ég er bara hér og líður vel.“

Þegar stríðið á Balkanskaga braust út fór Tatjana til Belgrad og hóf störf hjá Alþjóðanefnd Rauða krossins. „Mér fannst að það eina sem ég gæti gert á þessum tíma væri að hjálpa,“ segir hún en í fjögur ár starfaði hjún hjá Rauða krossinum við dreifingu hjálpargagna til stríðs-herjára svæða. Hún fór hættufarir inn á átakasvæði en komst ekki í hann krappan – sem betur fer. Sá þó ýmislegt misjafnt, til dæmis í fangabúðum.

Í stríðinu var Tatjana svipt ríkisfangi sínu því að hún lenti á

milli tveggja elda. Króatarnir vildu ekki veita henni ríkisfang þar sem hún er af serbneskum uppruna og Serbarnir vildu ekki veita henni ríkisfang þar sem hún hafði búið í Króatíu. Í tvö ár var hún því án ríkisfangs. „Þetta voru erfiðir tímar og það eina sem ég hef frá föðurlandinu er nafnið mitt og minningar. Mér þykir vænt um það.“

Ástfangin við hjálparstörf

Þó að fátt sé gott við stríð má segja að hið hörmulega stríð á Balkanskaga hafi alltént leitt eitt gott af sér. Í starfinu hjá Rauða krossinum rakst Tatjana á ungan sendifulltrúa frá Íslandi, Dagbjart Helga Guðmundsson, og felldu þau hugi saman. „Við kynntumst í vinnunni,“ segir Tatjana og brosir. „Við giftum okkur úti en ákváðum svo að flytja til Íslands. Við ákváðum þó ekkert hve lengi við ætluðum að vera hér en hér höfum við verið í rúm tíu ár og líður vel.“ Hún heldur þó enn sambandi við föðurlandið því að systir hennar býr í Belgrad.

Mikill frítími Tatjónu fer í félagsstörf og það hvílir margt á herðum hennar. Hún gefur sér þó tíma til að sinna helsta áhugamáli sínu sem er listir. „Ég hef sérstaklega gaman af bókmenntum og leik mér að því að þýða íslenskar bækur yfir á serbensku. Ekkert hefur komið út ennþá en það er aldrei að vita hvað gerist,“ segir Tatjana sem rennir sér líka á skíðum þegar færi gefst.

Tatjana Latinovic siglir í gegnum lífið með jákvætt hugarfar að leiðarljósi og reynir að finna hið góða í öllum. Hún veit svo hve hve mikilvægt það er. „Ég leita alltaf að því sem sameinar fólk og held að það sé hollara en að horfa á þá þætti sem skilja fólk að.“ ■

SÝN og
11 aðrar
 sportstöðvar

Sportpakinn

Aldrei áður hefur þú haft úr jafn mörgum íþróttastöðvum og íþróttaviðburðum að velja.

- Sýn
- Sýn 2
- Eurosport
- Eurosport 2
- ESPN Classic
- Sky News
- MUTV
- Chelsea TV
- Liverpool TV
- Arsenal TV
- Extreme Sports
- Motors TV

Aðeins **4.290** kr. á mánuði og myndlykill fylgir frítt með

GOTT FOLKINGANN



- besta sætið

Gamansemi Guðanna

Á fimmtudaginn hafa mælst sextíu ár af ævi eins litríkasta, umdeildasta og frábærasta snillingssamtímans. Sjálfur vill hann reyna við blástur sextíu kerta í sjálfskipuðu næði en samferðamenn minnst dagsins í gleði og fögnuði yfir örlátri gjöf og gamansemi Guðanna að gefa okkur Megas til að monta okkur af sem trúastan vörð íslenskrar tungu og þann sem listagyðjan elskaði takmarkalaust með vöggugjöfum sínum á sjöunda degi aprílmánaðar 1945. Þóris Lilja Gunnarsdóttir fékk handa afmælisbarninu fjórar fallegar sögur.



Samstarf í fullri nekt

Árið 1977 var gjöfult ár í lífi Valgeirs Guðjónssonar sem þá var í Spilverki Þjóðanna en þá fæddist frumburður þeirra hjóna, sem og þrjár plötur; *Sturla, Lög unga fólksins* með Hrekkjusvínunum, og einnig *Á bleikum náttkjól*, en sú síðastnefnda var unnin í samstarfi við Megas.

„Það var Jóhann Páll Valdimarsson bókaútgefandi sem kom upp með hugmyndina að plötu með Magnúsi, en við þekktum hann í sjálfu sér ekki neitt. Magnús var þá dálítið „infant terrible“ í íslensku tónlistarlífi og búinn að gera þrjár plötur, en okkur þótti þetta spennandi og slógum til. Þarna var Magnús sukkmegin á veginum, eins og hann var löngum og hefur ekki verið leyndarmál. Til að hressa Magnús við og byrja samstarfið ákváðum við að drífa hann með í sund og gufubað á Hótel Loftleiðum og hefja umræður á þeim vettvangi. Því má segja að þetta samstarf hafi byrjað í fullri nekt.

Það má segja um Magnús að líf hans hafi ekki allt verið með skipulegasta móti en það sem laut að tónlist hans var í mikilli röð og reglu. Við fengum möppur til að skoða og völdum lög og texta sem okkur fannst spennandi að takast á við, en sumt hafði Magnús tekið frá til nota á *Drög að sjálfsmorði*. Í stúdíóinu gekk allt greiðlega. Við fengum Karl heitinn Sigvatsson til að spila á píanó og orgel og Eggert Þorleifsson kom við sögu. Það má segja að Magnús hafi haft minna um tónlistarlega útfærslu að segja en stundum áður, en við gættum þess að hafa okkur aftarlega í hljóðblöndun svo vel heyrðist það sem hann var að syngja, því enginn getur mælt

á móti því að textar skipta dálítið miklu máli þar sem Megas er annars vegar.

Þetta er sú plata sem mér þykir hvað mest til koma sem ég hef tekið þátt í að gera. Eftir á að hyggja var Spilverkið fullhögvert í sumum laganna en í staðinn kemur að maður heyrir hvert orð og platan er að mörgu leyti glaðværi en margar plötur Magnúsar, því hómorískir textar og hin melódíska hlíð hans fannst mér koma mjög vel fram. Magnús hefur sterka lagræna kennd en mér hefur stundum fundist eins og hann hafi forðast hana með því að leita meira í hrátt rokk, en hrifnastur er ég af Megasi þegar hann er hvað ljóðrænastur og rómantískastur.

Til tals kom að halda áfram samstarfi en þá var ég á fullu í Hrekkjusvins-plötunni. Egill og Bjólan hittu Magnús nokkrum sinnum og var mikið spád og spekulerað en ekkert meira varð úr því. Ég verð að segja því miður því þetta var frjótt og gefandi samstarf þar sem hvor bætti hinn upp. Þannig er besta samstarfið. Magnús gaf gríðarlegt svigrúm til að nálgast lögin og útfæra eftir okkar höfði. Sumt varð til í stúdíóinu eins og *Paradísarfuglinn* sem við hnikuðum svolítið til, en það lag stendur mér mjög nærri því ég á í laginu gítarsóló sem valið var gítarsóló aldarinnar sem leið, og hef ég nú aldrei verið þekktur fyrir sólogítarleik.

Mér finnst Magnús njóta sín hvað best á þessari plötu. Hann er mikill öðlingur, Magnús, kaldhæðinn hómoristi og hefur mikinn galdur. Hann er svo mikill Megas að allt sem hann gerir er flott út á það.“



VALGEIR GUÐJÓNSSON Tónskáld og tónlistarmaður.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

MEGAS – maður þúsund ára

Áður en ég fór að starfa með Megasi að tónlist – í kringum 1985 – var hann í mínum eyrum fyrst og fremst snillingur hins kveðna orðs – á meðan tónlistin sjálf verkaði meira á mig sem leiktjöld er lutu lögmálum „Country, Folks & Hillbillys“, þó að rokkið væri aldrei langt undan. Síðan hefur mikið vatn gufað upp og orðsnilld kappans óumdeilanlega komið honum á stall meðal helstu þjóðsöngvaskálda vorra síðastliðin þúsund ár eða svo.

Eftir að við höfum samstarf, sem getið hefur af sér um tíu hljómplötur og hundrað tónleika, kom hins vegar annað og meira í ljós; leiktjöldin reyndust af holdi og blóði, og er krafsað var í yfirborðið birtist alheimur tónlistar sem spannaði alla gömlu meistarana svo sem Bach, Beethoven og Mozart, sem og atónal



GUÐLAUGUR KRISTINN ÓTTARSSON Þriðja eyrað.

meistara tuttugustu aldarinnar, svo sem Schönberg, Weber og Stravinsky. Þar var kuklarinn aldeilis kominn í feitt – og á þeysireið!

Í djúpri lotningu heyrði ég hann til dæmis leika partítúr og prelúdíur Bachs á gamla píanóið sitt á Þórsgötunni. Einnig skrifaði hann blindandi heilu hljómsveitasetningarnar eins og hendi væri veifað, og varð ég þá þess endanlega var að Megas var einnig meistari hinnar skrifuðu nótu, sem hlýtur að vera einstakt: Eitt er að vera orðskáld í fremstu röð. Annar að vera tónskáld í fremstu röð. En að vera bæði – það er nánast ómennskt.

Í dag álit ég Megas vera eitt fremsta tónskáld Íslendinga í þúsund ár – og því til fulltingis hef ég aldrei sagt nei við hann (utan einu sinni) er hann hefur falast eftir samstarfi, en eins og margir vita segi ég nei í 99.9% tilfella er falast er eftir gítartónum Þriðja eyrans.

Sál með mikla breidd

„Megas var orðinn mjög þekktur löngu áður en ég kynntist honum,“ segir Húbert Nói Jóhannesson myndlistarmaður og vísar til fyrstu kynna þeirra Megasar í nýlistadeild Myndlistar- og handíðaskólans haustið 1985, þegar Megas söðlaði um og skipti yfir úr grafíkdeildinni.

„Ósjálfrátt gefur maður sér fyrirframgefna mynd af þeim sem maður kynnist út á við sem stjörnum, en varðandi Magnús, sem var landsfrægur tónlistarmaður og átti mikið inni hjá manni í sköpun sinni, þá óx hann mikið við viðkynningu. Sem manneskja var hann allt öðruvísi en ég hafði ímyndað mér en sál hans hefur mikla breidd.“

Á námsárunum snæddu þeir Megas saman hádegismat upp á hvern dag og stunduðu kaffihúsin stíft utan skólans.

„Mín kærasta minning um Magnús er að hafa kynnt honum en vináttu okkar fram á þennan dag er öll eftirminnileg og fyrir góðra hluta sakir. Við stofnuðum saman kvikmyndaklúbb ásamt Þorvaldi Þorsteinssyni og svo bókmenntaklúbb sem var stærri en við þrír.



HÚBERT NÓI JÓHANNESSON Myndlistarmaður.

Þar tókum við löng tíma bil í að stúdera grannt leiktjóra, kvikmyndir og skáld, en Magnús var gríðarlega opinn fyrir verkum sem við kynntum fyrir honum og sagðist hafa verið of forðómafullur til að skoða á sínum tíma.“

Óg að mati Húberts Nóa er Megas sterkari á tónlistarsviðinu en í myndlistinni.

„Magnús er náttúrulega langsterkastur á tónlistarsviðinu og erfið að aðgreina samofinn kveðskap hans og tónlist. Hann hefur yfirburðsþekkingu og vald á málinu og sögulegum tengslum. Ég var aldrei neinn aðdáandi hans sem slíkur, enda lélegur í allri ádyrkun, en kunnir vel við verk hans. Magnús féll vel í hópinn og sýndi enga stjörnuhegðun, sem reyndar er ekki til á Íslandi vegna þess að allir sem á annað borð komust út í þessa eyju í upphafi voru sterk efnaðir, stoltir og valdamiklir, með mikinn skipaflota og eignir. Við töpuðum kannski ríki-dæminu en stoltinu höfum við aldrei tapað, sem gerir að verkum að okkur finnst enginn merkilegri en annar.“



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

HILMAR ÖRN HILMARSSON Allsherjargoði og tónlistarmaður.

Fágætur gullmoli

Þegar við vorum að gera Höfuðlausnir áttaði ég mig á því að ég væri kominn í sömu aðstöðu og ef ég væri að vinna með Agli Skalla-grímssyni, Hallgrími Péturssyni og Jónasi Hallgrímssyni. Statusinn var sá sami enda verk Magnúsar tímalaus og tær sníld. Maður fengi hugsanlega að lafa í frakkalafinu hans í eitt þúsund ár og auðvitað dýrdarmóment þegar rennur upp fyrir manni að vera hluti af sköpun í stóru, sögulegu samhengi. Í fyrsta sinn vildi ég ekki að verkefnið kláraðist og þegar við sátum þarna saman, ég, Guðlaugur Kristinn Óttarsson og Björk og skemmtum okkur svo vel en sáum fyrir endann á þessu verkefni, hugsuðum við: „Ónei! Þetta má ekki verða búið!“

Þetta varð upphafið að samstarfi okkar Magnúsar og við gátum auðvitað ekki beðið með að gera aðra plötu en þá varð svo gaman að við gátum ekki hætt og urðum að breyta henni í tveggja platna útgáfu. Magnús hefur gefandi nærveru og við tókum upp mjög sérstök tjáskipti, töluðum hálfgerð dulmál eins og stundum er sagt um tvíbura og þeir sem komu að utan skildu ekkert í hvað var að gerast, líkt og þeir væru komnir á aðra plánetu.

Þegar íslensk menning verður gerð upp verður Magnús einn af þeim tíu stærstu í skáldskaparlistinni, þótt sjálfur mundi ég setja hann meðal þriggja efstu. Það sem hann hefur talað til minnar kynslóðar er eitthvað sem verður aldrei metið. Það er óskiljanlegt hve lítið er gert fyrir þennan mann því svo lítið þarf til að sjá hið stóra, sögulega samhengi sem Magnús er í og reyndar alltaf eins og verið sé að refsa honum fyrir áætlaðar syndir því fólk hefur bæði dóma og hleypidóma gagnvart honum. Magnús er auðvitað misskilinn og oftast eðli listamanna af hans gráðu að vera dálítið fyrir utan. En hann er sá sem horfir inn og segir okkur hluti sem okkur er höllt að heyra.

Íslenska þjóðin, og ekki síst íslenska ríkið, þyrfti að átta sig á því að Magnús er fágætur gullmoli. Hann er maður, hugsanlega í símasambandi við tungumálið, hvort sem það var á 17. öld, þeirri nítjándu eða fram á þjóðveldisöld, en í mjög skapandi og djúpu samhengi. Eigi íslensk tunga að lifa verður það í gegnum mann eins og Magnús, sem þekkir tungumálið ofan í hörgul en kann líka að þróa það áfram með því að búa til skemmtilegt, séríslenskt slangur.

Ófugt við það sem menn kannski halda er Magnús skipulagðasti maður í heimi og með allt úthugað, um leið og hann er sveigjanlegur fyrir hugmyndum annarra. Hugmyndir sem ég hef komið með í fáfræði og vankunnáttu hafa stundum opnað dyr, þótt Magnús hafi líka skemmt sér vel yfir þeim. Hann hefur sterka og ákveðna hugsun, veit að lífið er ekki slétt og fellt, og að við erum stundum skemmtileg fífl og getur ekki annað en komið því að, hvort sem það er í gagnrýni eða spéspegl, því honum er fyrirmunad að vera innihaldslaus. Hann tekst á við samtímann á þann hátt sem menn munu hafa skírskotun til næstu 500 árin.

Afmælistónleikar til heiðurs Megasi

Í tilefni sextíu ára afmælis Megasar standa vinir hans fyrir fágætum og glæsilegum afmælistónleikum þann 7. apríl í Austurbæ. Veg og vanda af skipulagningu tónleikanna hafa Grímur Atlason, Þórunn Hrefna Sigurjónsdóttir og Hjálmar Sveinsson, en tvö þau síðastnefndu eru persónulegir vinir listamannsins, á meðan Grímur er dyggur aðdáandi og vanur tónleikahaldari.

„Megas mun sjálfur ekki stíga á stök en verið gæti að hann mætti sem gestur,“ segir Grímur sem hefur í vegini velþóknun afmælisbarnsins á tónleikumunum.

„Dagskráin er Megasi til heiðurs og allt mjög að hans skapi. Fram koma listamenn sem

bæði hafa unnið með Megasi, sungið lögin hans og hljómsveitir sem spreyta sig á lögum hans í fyrsta sinn, en þeir sem koma fram eru Pálmi Gunnarsson og Þorsteinn Magnússon, Valgeir Guðjónsson, Geirfluglarnir og Ragnheiður Gröndal, Hörður Bragason og hljómsveit, en Hörður verður tónlistarstjóri á tónleikumunum, Hringir og Magga Stína, KK og Ellen Kristjánsdóttir, Doktor Gunni, Jón Ólafsson, Barnakór Biskupstungna, Súkkat, Hjálmar, Funkstrasse, Ensími, Trabant, Mínus og Gímaldín. Allt fólk sem ber mikla virðingu fyrir Megasi og hugverkum hans.“ Miðasala á afmælistónleikana er í Máli og menningu og á midi.is.



Heilbrigðisál í hraustum líkama

Áhrif hreyfingar á andlega líðan

Ráðstefna

7. apríl, kl. 9 -17
á Hótel Loftleiðum

Íróttta- og Ólympíusamband Íslands í samstarfi við Menntamálaráðuneytið, Landlæknisembættið og Lýðheilsustöð.

Ráðstefnustjóri:

Héðinn Unnsteinsson, starfsmaður Geðheilbrigðisviðs Evrópuþeildar WHO.

Eftirfarandi aðilar verða með fræðsluefni og kynningu á starfsemi sinni:

ÍSÍ, Lýðheilsustöð - Geðrækt, Landlæknisembættið - Þjóð gegn þunglyndi, FÍSP, Geðhjálp, Hugarafi, Rauði kross Íslands.

Þátttökugjald: 1.500 kr. (ókeypis fyrir öryrkja og eldri borgara).



MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ



LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ

Dagskrá



Ísland
á iði
Hreyfa sig!

- 09:00 Ávarp forseta ÍSÍ**
Ávarp menntamálaráðherra
Ávarp heilbrigðisráðherra
Ávarp félagsmálaráðherra
- 09:40 Líkamleg þjálfun og andleg líðan: Rannsóknir á íslenskum unglingum**
- Dr. Þórólfur Þórlindsson prófessor, kynnir m.a. niðurstöður nýrrar íslenskrar rannsóknar
- 10:25 Kaffihlé**
- 10:45 Antidepressant Effects of Exercise: Possible Mechanisms**
- Dr. Rod Dishman, prófessor við University of Georgia í Bandaríkjunum
- 11:35 Qi Gong** – Gunnar Eyjólfsson
- 12:00 Hádegishlé**
- 13:00 Írótttaíðkun og andlegur styrkur**
– Edda Garðarsdóttir, landsliðskona í knattspyrnu.
- 13:15 Exercise on prescription. Models, ideas and results from Denmark**
- Sune Krarup-Pedersen, Head of section, Sundhedsstyrelsen í Danmörku
- 14:05 Allt hefur áhrif, einkum við sjálf**
– Jórtaug Heimisdóttir MPH, verkefnisstjóri, Lýðheilsustöð
- 14:20 Kaffihlé**
- 14:35 Sýn læknis á heilbrigða lífshætti**
– Ingólfur Sveinsson geðlæknir
- 14:55 Hreyfing er meðferðarform**
– Héðinn Jónsson sjúkrapjálfi, stjórnandi vinnuhóps Félags íslenskra sjúkrapjálfa um ávisun á hreyfingu
- 15:15 Hvernig hafa stjórnmál áhrif á hreyfingu?**
– Dagur B. Eggertsson, læknir og borgarfulltrúi
- 15:35 Hvernig hreyfing hjálpaði mér að ná heilsu á ný**
– Anna Sigríður Pálsdóttir, læknanemi
- 16:00 Pallborðsumræður**
Stjórnandi: Sigmar Guðmundsson, dagskr.g.maður, RÚV
Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra
Jón Kristjánsson, heilbrigðisráðherra
Árni Magnússon, félagsmálaráðherra
Anna Elísabet Ólafsdóttir, forstjóri Lýðheilsustöðvar
Matthías Halldórsson, aðstoðarlandlæknir
Ellert B. Schram, forseti ÍSÍ
Hulda Finnbogadóttir, Tryggingastofnun ríkisins
Dagur B. Eggertsson, læknir og borgarfulltrúi
Guðlaugur Þór Þórðarson, alþingismaður og borgarfulltrúi
Þórólfur Þórlindsson, prófessor við Félagsvísindadeild HÍ
- 17:00 Ráðstefnulok**
Ráðstefnugestum býðst hádegisverðarhlaðborð á 1.750 kr. Vinsamlegast takið fram við skráningu.

Skráning er hjá ÍSÍ - s: 514 4000, netfang: skraning@isisport.is

Með heimprá á vorin

Það er eldsnemma morguns í Kaliforníu þegar Þórdís Lilja Gunnarsdóttir vekur Önnu Mjöll Ólafsdóttur með hringingu frá Íslandi, þar sem komið er að lokum vinnudags. Í meira en áratug hefur Anna Mjöll vaknað undir kalifornískri sól, sem hún segir ríma einkar vel við sál sína. Á daginn syngur hún inn á auglýsingar en þegar kvöldar er hún stjarnan í einkaveislum ríka fólksins, þar á meðal Sylvester Stallone og Sean Connery.

Þetta eru oft ansi fínar veislur, en nú hefur glansinn máðst af góðgerðarsamkomum hérlendis því komið hefur í ljós að ágóði rennur í vasa skemmtikrafta og gjafir til gestanna í stað málefna,“ segir Anna Mjöll, sem kallar sig listamannsnafninu AMO sem vísar til upphafsstafa hennar. Hún er með tvær nýjar plötur í smíðum, jóla-plötu og djassplötu.

„Við pabbi tókum þær báðar upp síðasta sumar og vorum með heimsklassa tónlistarmenn sem sumir hafa unnið með Frank Zappa og Sting. Ég vonast til að koma þeim út á þessu ári og stend í viðræðum við hljómplötuútgefandann Curb í Nashville.“

Anna Mjöll á aðra jóla-plötu að baki með móður sinni Svanhildi Jakobsdóttur.

„Ég er mikið jólabarn og kemst ekki í jólaskepp nema heyrir Yfir fannhvíta jörð og ganga niður Laugaveg á Þorláksmessu. Á djassplötunni verða tvö frumsam-in lög og gamlir standardar sem við pabbi ætlum að snara yfir á íslensku, því það verður að gera. Þegar ég kom heim síðast skildi ég ekki hvað fólk sagði í sjónvarpsþáttunum því svo mikið var um slangur og tökuorð. Menn voru svo töff að geta talað út-lensku, en það passar okkur ekki því tungumálið gerir okkur sérstök. Með þessum talsmáta gerum við okkur minna sérstök en ella.“

Julio Iglesias blessar kærastana

Anna Mjöll býr í Valencia-hverfinu í Los Angeles ásamt tveimur hundum sem hún bjargaði úr hundaskýli fyrir þremur árum. Hún hefur einnig fundið ástina í hinum ítalsk-ameríska Jerry Sorrentino sem er heimsmeistari í kappróðri.

„Samband okkar á sér ekki enn langa daga, en við eigum voða vel saman og finnst báðum gaman að lifa. Slíkt verður maður að ákveða því lífið getur oft verið ofsalega erfitt og enginn dans á rósum. Margir halda að lífið hér sé standandi partí en það er ekki svoléiðis. Bara strit eins og annars staðar þar sem allir fá sinn skerf af góðum og slæmum tímum.“

Anna Mjöll er með álitgjafa sem hún fær til að blessa kærasta sína en sá er spænski hjartaknúsarinn Julio Iglesias, en Anna Mjöll var bakraddasöngkona hjá honum í þrjú ár.

„Julio hefur góða dómgreind sem ég treysti og eftir að hafa tekið Jerry í bakarið fékk hann ókei-stimpilinn. Julio sagðist hafa vitað að ég mundi enda með „latínó“ því þeir væru bestir. Julio er einn af þeim bestu, góð sál og mikil manneskja. Við erum í mjög góðu sambandi þótt langt sé um liðið að ég söng með honum, en hann vill fá að fylgjast með mér. Held við höfum náð svo vel saman því bæði erum við evrópsk. Þar liggur tengingin. Við erum meira á jörðinni og blátt áfram fólk.“

Umkomulaus Michael Jackson

Í Borg englanna hefur Anna Mjöll kynnst mörgu frægðarmenninu, þeirra á meðal Michael Jackson.

„Vinur minn gerði myndband fyrir Michael sem vildi fá hann yfir helgi á Neverland og bauð mér með. Það eina sem mig langaði var að taka utan um Michael og segja að allt yrði í besta lagi. Hann var svo einn og svo dimmt var yfir allri þessari dýrð í kringum hann. Þegar fólk á svona mikið af peningum vofir eitthvað svart yfir. Fólk hefur gert samning við Satan og engin leið að komast frá honum. Michael var



ÁST VIÐ FYRSTU SÝN Anna Mjöll og Jerry Sorrentino hittust fyrr á þessu ári og urðu ástfangin. Jerry er heimsmeistari í kappróðri.

umkomulaus og þarna sá maður hvernig hægt er að eyðileggja fólk ef það er tekið nógu snemma og gert frægt.“

Í Neverland eru þrjú gestahús og Anna Mjöll gisti í einu þeirra í tvær nætur.

„Fyrir utan eru tjarnir með risastórum svönum og inni í þeim myndavélar. Alls staðar á eigninni er maður í myndavél. Þá eru hljóðnemar alls staðar, í blóma-beðum, runnum og hvarvetna. Hátt stillt tónlist ómar allan daginn og allt er mjög óeðlilegt. Ég hafði stundum á tilfinningunni að vera stödd í hryllingsmynd,“ segir Anna Mjöll sem hitti Michael einan meðan á heimsókninni stóð.

„Ég kynntist Michael ágætlega þessa helgi og hann sýndi mér dýragarðinn sinn. Hann var ofsalega almennilegur, stoltur af slöngum sínum og lamadýrum. Hann sjálfur og líf hans er tragedía. Þeim sem þekkja Michael finnst réttarhöldin hræðileg og halda allir með honum, en þetta er einum of andstyggilegt mál. Ég vona að hann sé saklaus því þetta má ekki, sama hve ruglaður eða frægur maður er. Annars þarf hann að horfast í augu við refsingu en fari hann í fangelsi er þetta búið hjá Michael. Hann mun ekki þola það.“

Stendur með Selmu

Anna Mjöll tók þátt í Júrövisjón með laginu Sjúbúdí árið 1996. Hún segist ekki hafa fylgst með keppninni undanfarin ár.

„Ég hef ekki heyrt nýja lagið en frétt að það sé frábært. Mér finnst gott að senda Selmu út aftur út því hún veit að hverju hún gengur, auk þess að vera frábær söngkona. Vinur minn skrifar um Júrövisjón fyrir Billboard-tímaritið og segir mér alltaf fréttirnar, en ef ég næ útsendingunni gegnum netið að heiman mun ég pottþétt horfa í ár.“

Ef Anna Mjöll ræður eigin ör-lögum er hún ekki á leið til Íslands í bráð.

„Mér finnst ég passa betur hér en heima. Eins og mér þykir vænt um Ísland og er stolt af uppruna mínum, þá er staðreynd að fólk er dæmt minna hér en heima. Mér finnst gott að fara út á inniskónum með hundana mína, þess vegna alveg eins og svín, og vita að það er öllum nákvæmlega sama. Ég get sagt „oink, oink“ og það skiptir engu máli.“

Vegalaus útlagi

Foreldrar Önnu Mjallar, þau Svanhildur og Ólafur Gaukur, koma tvisvar á ári til LA, en bróðirinn Andri er skurðlæknir í New Hampshire.

„Þau hafa vanist því að við búum í útlöndum og vilja að okkur líði vel. Ég sakna íslenska vorsins sárlega enda ekki séð það í fjögur ár. Mín mál eru ekki alveg á hreinu hér og í raun þori ég ekki heim til Íslands upp á að komast ekki aftur út. Ég hef verið of lengi til að fá ferðamannaáritun og má ekki heldur taka þátt í græna korts lottóinu,“ segir Anna Mjöll sem neitar að lifa í ótta.

„Ég er íslenskur ríkisborgari en þarf að borga lækningakostnað heima eins og ég sé útlendingur. Ég væri sátt við að koma heim, en er ekki sátt við að vera ófrjál og réttláus í landi þar sem ég hef borgað fulla skatta eins og lög-gildir borgari árum saman.“

Það er kominn tími til að kveðja. Anna Mjöll er á leið til einkabjálfarans og svo út að víðra hundana. Seinna ætlar hún að hringja til Nashville og borga reikninga, enda mánaðamót. Kannski fljúga um bláa himna Kaliforníu.

„Ég er heilluð af flugi og byrjaði að læra fyrir ári síðan. Ég væri alsæl gerandi ekkert annað svo hver veit nema ég skelli mér í atvinnuflugmanninn ef ég verð send heim. Ég gæti þá alltaf flogið sjálf til Ameríku og komið í handjárn-um heim,“ segir hún hlæjandi mót nýjum og sólríkum degi. ■



SÖNGFUGLINN ANNA MJÖLL ÓLAFSDÓTTIR Anna Mjöll er alsæl í Kaliforníu þar sem hún hefur lengi gert það gott sem söngkona og meðal annars sungið með Julio Iglesias í þrjú ár. Hún hefur einnig kynnst Michael Jackson og verið gestur hans í Neverland.

Skoðuðu heimasíðuna www.spara.is

FJÁRMÁLANÁMSKEIÐ

ÞÚ ÁTT NÓG AF PENINGUM. FINNDU ÞÁ!

NÁMSKEIÐ ÞAR SEM KENNT ER AÐ:

- :: Auka frjálssar ráðstöfunartekjur heimilisins
- :: Greiða hratt niður skuldir
- :: Fjárfesta í sparnaði óháð skuldastöðu
- :: Meta áhrif viðhorfa á fjármálin

UPPRIFJUNARNÁMSKEIÐ EFTIR 6 MÁNUÐI

■ NÁMSKEIÐ - 6. APRÍL

Skráning: www.spara.is
eða í síma 587 2580.
Verð: kr. 18.000,-

LEIÐBEINANDI:
Ingólfur H. Ingólfsson,
félagsfræðingur.

Taktu með þér bókina „Þú átt nóg af peningum“. Henni fylgir aðgangur að hugbúnaðinum „Veltukerfið“ sem er fljótleg aðferð til að greiða niður skuldir.

FJÁRMÁL HEIMILANNA

– Ný hugsun í heimilisrekstri

NEYÐIN Í DARFUR **Gleymd?**

Munið söfnunarsímann

907 2002



Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
REYKJAVÍK 6.38	13.31	20.26
AKUREYRI 6.19	13.16	20.14

Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

Góðan dag!

Í dag er sunnudagurinn 3. apríl, 93. dagur ársins 2005.

STÖRF Í BOÐI

- Byggingafræðingur
- Hjúkrunarfræðingur
- Viðskiptafræðingur
- Sjúkraliðar
- Lögfræðingur
- Kennarar
- Fjármálastjóri
- Flokkstjórar
- Húsverðir
- Vörustjóri
- Eldvarnaeftirlitsmaður
- Bílstjóri
- Slökkviliðsmaður
- Vélavíðgerðarmaður
- Deildarfulltrúi
- Kerfisstjóri
- Verkfræðingar
- Tæknifræðingar
- Verkefnastjórnun
- Arkitektar
- Kranamenn
- Leikskólakennarar

SMÁAUGLÝSINGAR
byrja í dag á bls. 24

Flokkar & fjöldi

Bílar & farartæki

Keypt & selt

Þjónusta

Heilsa

Skólar & námskeið

Heimilið

Tómstundir & ferðir

Húsnæði

Atvinna

Tilkynningar

**Pú getur pantað
smáauglýsingar á
www.visir.is**



allt - atvinna

atvinna .is

Hvernig verður maður? bls. 2 | Framarlega í fæðingarorlofi bls. 2
Konur eru einangraðar bls. 2 | Væri skemmtilegt að ráða bls. 8

ER ÞÍN ATVINNUAUGLÝSING HÉR?

MEST LESNA ATVINNUBLAÐ LANDSINS



Guðrún brá sér út fyrir dyr Fjölbrotaskólans í Garðabæ til að láta smella af sér mynd og kanna veðrið í leiðinni.

Kennslukonan sem spáir í veðrið

Í símaskrá er Guðrún Arnardóttir skráð húsfúru, enda gift þriggja barna móðir. Hún er auk þess eðlisfræðikennari við Fjölbrotaskólann í Garðabæ.

„Ég er búin að gera svo margt um ævina sem tengist ekki minni menntun að ég var komin í hálfgerð vand-ræði með hvað ég ætti að kalla mig,“ segir Guðrún hlæjandi þegar hún er spurð út í húsfúratitilinn. „Mér fannst Guðrúnarnafnið benda til þess að ég ætti alltaf nýbakað, hefði hreint í kringum mig og væri hugsanlega húsmæðraskólagengin svo ég skelti þessum titli í síma-skrána og þar hefur hann hangið síðan. Ég held þó að ég breyti honum einhvern daginn í kennslukonu!“

Guðrún hefur greinilega nóg að gera, því auk kennslu, veðurfréttalestrar, uppeldis og húsfreyjustarfs heldur hún hesta og sinnir þýðing-um. Hún er jarðefnafræðing-ur að mennt og kveðst líka hafa farið í nám í stjórnmála-

fræði, viðskiptafræði og markaðsfræði í Háskólanum í Reykjavík en aldrei klárað það. „Ég vissi ekki alveg hvað ég vildi á tímabili,“ útskýrir hún, og kveðst hafa um tíma hafa starfað sem markaðsfulltrúi hjá Thorarensen lyf og einnig við forritun hjá Kögun. Nú hefur hún verið veðurfréttamaður hjá Stöð 2 í tæp þrjú ár og líkar stórvel. Hún vinnur spárnar upp úr gögnum erlendis frá og þá daga sem hún fer í útsendingu sér hún líka um veðurfréttir fyrir Fréttablaðið. Þau kvöld eldar húsfúrin ekki heima. „Maðurinn minn er liðtækur í heimilisstörfum og það er voða vinsælt að hafa grjónagrat og slátur þegar ég er að vinna. Það hentar ágætlega því öllum á heimilinu þykir það gott nema mér.“ *gun@frettabladid.is*

LIGGUR Í LOFTINU

í atvinnu

Aðalfundur Samtaka atvinnulífsins verður haldinn á Hótel Nordica 3. maí. Að lokinni dagskrá verður efnt til umræða um áherslur atvinnulífsins en meðal þátttakenda verða þau Jón Ásgeir Jóhannesson forstjóri Baugs Group, Katrín Pétursdóttir, forstjóri Lysis hf., Ragnhildur Geirsdóttir, forstjóri FL Group, og Svafa Grönlfeldt, framkvæmdastjóri stjórnumarsviðs Actavis Group.

Félagsmenn Samtaka iðnaðarins eru almennt svartsýnni á framvindu í efnahagslífinu fyrir iðnaðinn í landinu en þeir voru fyrir ári. Þrátt fyrir þetta töldu fleiri aðstæður góðar fyrir iðnaðinn í febrúar í ár en á sama tíma í fyrra. IMG Gallup gerði könnunina meðal félagsmanna Samtaka iðnaðarins í febrúar 2005 en ætlunin er að gera slíka könnun árlega.



atvinna@frettabladid.is

Vilt þú slást í hópinn? - Okkur vantar góðan liðsauka!

Samskipti ehf. leitar eftir reyndum sölumanni til að selja prentlausnir. Æskilegt er að viðkomandi hafi innsýn og reynslu af prentverki auk umtalsverðar reynslu af sölu.

Samskipti ehf. hefur verið starfandi í prentþjónustu í 26 ár og starfar í dag á flestum sviðum prentunar. Fyrirtækið er í örum vexti og eru starfsmenn þess í dag tæplega 40. Fyrirtækið rekur starfsemi á fjórum stöðum á höfuðborgarsvæðinu; á Hverfisgötu 33, Síðumúla 4, Hæðasmára 4 og Smiðjuvegi 1 í Kópavogi.

Ferkari upplýsingar um starfið er hægt að fá hjá Hafliða með því að senda póst á tölvupóstfangið hafliði@samskipti.is

Viðkomandi þarf að geta hafi störf sem allra fyrst.

Umsóknum skal skilað á skrifstofu Samskipta, Síðumúla 4, merkt **“Sölumaður offsetþjónustu”** fyrir 8. apríl. Einnig er hægt að senda umsókn á netfangið starf@samskipti.is

SAMSKIPTI
prentlausnir fyrir skapandi fólk



Síðumúli 4
sími 580 7800



Hverfisgata 33
sími 580 7860



Hæðasmári 4
sími 580 7880



Smiðjuvegi 1
sími 580 7870



Sumarvinna

Nú er tíminn kominn til að leita sér að sumarvinnu. Ef maður hefur einhvern sérstakan vinnustað í huga er best að hafa samband við þann stað og kanna hvort þar sé laust starf fyrir sumarið.



Hvernig verður maður

Kvikmyndagerðarmaður?

Kvikmyndagerðarfólk starfar við kvikmynda- og auglýsingagerð eins og starfsheitið gefur að nokkru leyti til kynna.

INNTÖKUSKILYRÐI

Nemandi þarf að lágmarki að hafa lokið 30 einingum í framhaldsskóla en nemandur með stúdentspróf af upplýsinga- og tæknibrautum, listnámsbrautum eða með sveinspróf í tæknigreinum, smíði eða hönnun, ganga fyrir. Teknir eru inn 12 nemendur á önn vor og haust, og valið er inn eftir inntökuviðtölum. Ekki er gerð krafa um reynslu í kvikmyndagerð.

NÁMIÐ

Kvikmyndagerð er kennd við Kvikmyndaskóla Íslands á Laugavegi 176 þar sem Sjónvarpið hafði starfsemi sína áður. Hluti kennslunnar fer einnig fram hjá sjónvarpsstöðvum og kvikmynda-fyrirtækjum sem staðsett eru víðsvegar um borgina.

Námið tekur tvo vetur eða 4 annir. Seinni veturinn er að hluta starfsþjálfun hjá framleiðslufyrirtækjum og sjónvarpsstöðvum.

Námið er framleiðslutengt og meginhluti þess verklegar æfingar af ýmsu tagi. Nemendur búa til kvikmyndir og sjónvarpsþætti og nýta þannig þá fræðilegu þekkingu sem þeir öðlast í fyrirlestur til leysa raunveruleg verkefni (sjónvarpsþætti, heimildarmyndir, tónlistarmyndbönd, margmiðlunarverkefni, leiknar sjónvarpsmyndir, stuttmyndir o.s.frv.). Í upphafi er lögð áhersla á að nemendur öðlist skilning á myndmáli og framleiðsluferli kvikmynda. Síðar beinist námið að hnitmiðaðri tæknikennslu þar sem nemendur eru undirbúnir fyrir störf í hinum margþætta kvikmynda- og sjónvarpsíðnaði.



HELSTU NÁMSGREINAR:

Auglýsingar
Efnisfræði
Framleiðsla
Handritsgerð
Heimildarmyndir
Inngangur að sjónvarpsfræðum
Inngangur að kvikmyndafræðum
Myndmál og meðferð þess
Kvikmyndaverk
Nýjasta tækni og vísindi
Samningar og kjör
Skoðun kvikmynda
Sjónvarpsþætti og fréttavinnsla
Skipulag og stjórnun.
Starfsþjálfun
Taktur og tími
Tónlistarmyndbönd
Tæki og tækni í kvikmyndagerð
Útlit myndar

FRAMHALDSNÁM:

Hægt er að stunda frekara framhaldsnám víða erlendis. Þekktustu skólarnir eru í New York, Stokkhólmi og Kaupmannahöfn.

Aldrei fleiri atvinnulausir

Í Þýskalandi er ástandið harla slæmt.

Atvinnuleysi í Þýskalandi mældist meira í marsmánuði síðastliðnum en nokkru sinni síðan seinni heimsstyrjöldinni lauk. Kuldanum er meðal annars kennt um og hann sagður valda því að fyrirtæki haldi að sér höndum við ráðningu starfsmanna.

Fjöldi atvinnulausra jókst um 92 þúsund og eru nú 4,97 milljónir manna án atvinnu en

það gerir um 12% þjóðarinnar.

Til samanburðar mælist atvinnuleysi í Bandaríkjunum og á Bretlandi um 5%. Kanslari Þýskalands, Gerhard Schroeder, lofaði að minnka atvinnuleysi er hann var kosinn. Það hefur reynt honum erfitt og bitnar það á vinsældum hans meðal kjósenda.

Sérfræðingar segja að núverandi atvinnuöryggisástand stöðvi neytendur í að eyða peningum og hefti efnahagsvöxt. ■



Atvinnulausir bíða í atvinnumiðlun í Duisburg í Þýskalandi. Á skiltinu segir „Atvinnuleysisbætur II 2. hæð biðsvæði.“

Of margir undir fátækramörkum

Einn af hverjum sjö Lundúnabúum fær greidd laun sem eru fyrir neðan fátækramörk samkvæmt nýrri rannsókn sem sagt er frá á heimasíðu BBC. Bæjarstjóri Lundúna, Ken Livingstone, setti á stökk nefnd árið 2004 sem átti að kanna framfærslukostnað. Laun á fátækramörkum eru 5,80 pund á tímann í Lundúnum en til að manneskja getið vel við unað í



Lundúnum þarf hún að þéna að minnsta kosti 6,70 pund á tímann. Nýju lágmarkslaunin í landinu eru 5,05 pund sem ganga í gildi í október. Verkalýðsfélög í landinu segja þetta ástand algjört hneyksli þar sem þetta sé höfuðborg fjórðu ríkustu þjóðar í heimi. Nú þurfa þeir sem fá laun undir fátækramörkum að treysta á bætur frá ríkinu til að lifa af.



Sigrún Guðjónsdóttir er nýkjörin formaður félagsins Auðs.

Konur í stjórnendastöðum einangraðar

Sigrún Guðjónsdóttir hefur verið kjörin formaður félagsins Auðs. Sigrún segir að verið sé að skoða nánara samstarf við önnur félög, en frekari stefnumótun sé í gangi.

„Stefnumótunarvinna fór í gang á síðasta ári og við þurfum að skoða hvað hefur áunnist,“ segir Sigrún. „Félagið var stofnað í fyrra í kjölfar þess að verkefninu Auður í krafti kvenna var lokið, en það var þriggja ára verkefni Nýsköpunarsjóðs. Þátttakendur sjálfir, sérstaklega þeir sem höfðu tekið þátt í Frumkvöðla-Auði, stöðu að stofnun þessa félags, en síðan var félagið opnað öllum konum sem

hafa áhuga á stofnun og rekstri eigin fyrirtækja. Áherslan var alltaf á frumkvöðlastarfsemi, en Félag kvenna í atvinnurekstri hefur einblint á þær konur sem nú þegar eiga fyrirtæki. Það sem mér finnst vanta, sem stjórnandi í fyrirtæki sem ég á ekki sjálf, er vettvangur fyrir konur í stjórnendastöðum og við munum leitast við að þær konur finni vettvang í þessu félagi.“

Sigrún segir að þar sé mikilvægast hið margumtalaða tengslanet milli kvenna og svo auðvitað líka milli karla og kvenna. „Konur sem hafa komist í stjórnendastöður eru oft einar á báti því þær hafa hvorki átt heima í Auðar-félaginu né í Félagi

kvenna í atvinnurekstri.“

Starfsemi félagsins Auðs er margþætt en innan félagsins er starfandi skemmtinefnd og fræðslunefnd. „Skemmtinefndin er meira til að þjappa hópnum saman í ferð einu sinni til tvisvar á ári, en fræðslunefndin sér um að fá þekktu fyrirlesara á fundi til okkar. Við hittumst einu sinni í mánuði á kaffihúsi og allar konur sem hafa áhuga á þessum málefnum eru velkomnar. Við leggjum þó áherslu á að við erum ekki „saumaklúbbur“ heldur á starfið að vera markvisst og leiða til þess að konur verði virkari í atvinnulífinu.“

Nánari upplýsingar um félagið er að finna á felagid-audur.is. ■

Íslendingar frammarlega í fæðingarorlofsmálum

Fæðingarorlof feðra vekur athygli á félagsmálaráðherra-fundi OECD á dögunum.

Nú er nýlokið fundi félagsmálaráðherra OECD-ríkjanna sem haldinn var í París. Flestir ráðherranna voru sammála um nauðsyn þess að að hvetja konur til virkari þátttöku á

vinnumarkaði jafnframt því að hvetja til frekari barneigna en aldursamsetning þjóða OECD-ríkjanna er að breytast með hlutfallslegri fjölgun eldri borgara, segir á vef Stjórnarráðsins.

Fulltrúar margra ríkja voru sammála um að jafn réttur foreldra væri einn af þeim lykilþáttum sem þyrfti að leggja áherslu á. Meðal annars var vísað til löggjafar á Íslandi sem er í farabroddi varðandi jafnan rétt kynja til fæðingarorlofs.

Mikilvægt þótti að finna leiðir til að stuðla að því að konur tækju sér ekki of langt leyfi frá störfum eftir barneignir þar sem oft væri erfitt að koma aftur til baka eftir langt hlé. Einnig kom fram að vinnuveitendur ættu að sjá hag sinn í því að veita starfsmönnum sínum sveigjanlega barnagæslu til samræmis við vinnutíma þeirra. Rætt var um hvernig vest væri að hvetja konur til að vera ekki svo lengi frá vinnu að loknum barnsburði að það vaxi þeim í augum að snúa aftur. Jöfn og stöðug þátttaka



Magnús Bjarnfreðsson, faðir Árna félagsmálaráðherra fékk ekki fæðingarorlof þegar Árni fæddist.

kvenna á vinnumarkaði eykur möguleika þeirra sjálfrá á betra lífi auk þess sem framlag kvenna til aukinnar hagsældar sé ekki síður mikilvægt en framlag karlanna.

Ýmislegt fleira áhugavert var á dagskrá fundar félagsmálaráðherranna, m.a. umfjöllun um viðbrögð við áhrifum breyttrar aldursamsetningar þjóðanna þannig að meira jafnvægi fái milli kynslóða. Fundinum lauk á föstudag. ■



Ekki fer miklum sögum af fæðingarorlofi feðra í Kína en þessi pabbi vildi örugglega alveg eyða meiri tíma með dóttur sinni.

Við leitum að leiðtoga

Alcoa Fjarðaál leitar að framsæknum einstaklingi í stöðu fjármálastjóra. Staðan heyrir undir forstjóra og er fjármálastjóri í framkvæmdastjórn fyrirtækisins. Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi sem er tilbúinn að sinna leiðtogastörfum í fyrirtæki þar sem skipulag er út frá verkferlum. Samstarf, hópvinna og valddreifing eru lykilatriði, hæfni og ábyrgð starfsmanna er sívaxandi og endurbætur stöðugar. Störfín veita einstaklingum sem sýna árangur í starfi einstakt tækifæri innan ört vaxandi fyrirtækis í alþjóðlegu umhverfi.

Ábyrgðarsvið:

- Greining á fjárhagsstefnu fyrirtækisins, út frá gildum þess, markmiðum og viðskiptastefnu
- Tryggja að fjárhagskýrslur og –uppgjör sé tilbúið innan tímamarka og samkvæmt verklagsreglum fyrirtækisins, til samræmis við íslenskar og bandarískar bókhaldshefðir, lög og reglugerðir
- Leita stöðugra leiða til að bæta fjárhagsafkomu fyrirtækisins
- Fjárhagstengt skipulag og áætlanagerð
- Ábyrgð á kostnaðar-, fjárhags- og launabókhalda fyrirtækisins, einnig innri fjármálastjórnun
- Leiða og efla fjármálategmi fyrirtækisins til að ná framúrskarandi árangri samkvæmt þeim markmiðum sem sett eru og til samræmis við gildi fyrirtækisins, stefnu og verklagsreglu
- Ábyrgð á skilvirkum rekstri grunnþjónustu innan fyrirtækisins, þar með talið móttöku, síma og pósthjónustu, skjalavistun og skrifstofubirgðum
- Upplýsingagjöf og samskipti við Alcoa samsteypuna

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun með áherslu á fjármál, bókhald og/eða endurskoðun, meistaragráða æskileg
- A.m.k. 5 ára starfsreynsla við stefnumótun og kostnaðarstjórnun
- Mikil reynsla af hönnun og notkun fjárhaldskerfa
- Þekking á íslenskum og bandarískum reglugerðum og lögum á sviði skatta- og fjármála
- Framúrskarandi hæfni til fjárhagsgreininga og fjárhagsmats
- Hæfni til árangursríkra samskipta við þjónustu- og samstarfsaðila, þar með talið birgja, móðurfélagið og viðeigandi yfirvöld

IMG
MANNAFL
LIÐSAUKI

Frekari upplýsingar má fá á www.alcoa.is, hjá Hrönn Pétursdóttur á netfanginu hronn.petursdottir@alcoa.com og í síma 470 7700. Umsjón með starfinu hafa Herdís Rán Magnúsdóttir (herdis@img.is) og Nathalía D. Halldórsdóttir (nathalia@img.is). Umsóknarfrestur er til og með 17. apríl. Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Mannafli og láta þá ítarlega starfsferilskrá fylgja með.



Alcoa er fremsti framleiðandi heims á bákíti, súráli, hrááli og unnum álvörum. Hjá Alcoa starfa um 131.000 manns í meira en 43 löndum. Alcoa Fjarðaál er hluti af samsteypu sem skráð er á 6 mörkuðum í heiminum. Alcoa Fjarðaál byggir álver í Fjarðabyggð sem tekur til starfa árið 2007. Það verður eitt af stærstu álverum í Evrópu, auk þess að vera hluti af stærsta verkefni Íslandssögunnar. Við undirbúning og framkvæmdir er náð samstarf við heimamenn haft að leiðarljósi.

Vinnustaður er á skrifstofu og síðar í álveri fyrirtækisins í Reyðarfirði.

Alcoa er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar báðum kynjum sem og fólki á öllum aldri.

Alcoa Fjarðaál



Laugavegi 170 105 Reykjavík Sími 540 7100 mannafli@img.is
Skipagötu 16 600 Akureyri Sími 461 4440 www.mannafli.is

Deildarfulltrúi



Auglýst er til umsóknar starf deildarfulltrúa í Ráðhúsi Reykjavíkur. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Meðal helstu verkefna:

- Innsláttur, leiðrétting og birting umræðna úr borgarstjórn
- Umsjón með upplýsingum um borgarstjórn, nefndir og ráð og kjörna fulltrúa á vef borgarinnar og annarri útgáfu á vegum skrifstofu
- Umsjón með styrkumsóknum sem berast Reykjavíkurborg
- Umsýsla vegna afgreiðslu launa til kjörinna fulltrúa
- Prófkalestur á íslensku og erlendum tungumálum
- Staðgengill ritara borgarfulltrúa

Laun og launakjör fara eftir kjarasamningum við viðkomandi stéttafélag.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Stúdentspróf eða sambærileg menntun
- BA próf í íslenku eða önnur háskólamenntun æskileg
- Miki: færni í innsiætti og ritvinnu
- Mjög gott vað á íslenstri tungu
- Gott vað á ensku og a.m.k. einu norður:andamáli
- Góð tö:vikunnátta
- Sjá:fstæði í vinnubrögðum og frumkvæð
- Samstarfshæfi:eikar og iipurð í manniegum samskiptum

IMG
MANNAFL
LIÐSAUKI

Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga@img.is) og Sigrún Ýr Árnadóttir (sigrun@img.is) hjá Mannafli - Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 13. apríl nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Mannafli - Liðsauka.

Laugavegi 170
105 Reykjavík
Sími 540 7100
mannafli@img.is

Skipagötu 16
600 Akureyri
Sími 461 4440
www.mannafli.is

Aukin umsvif

EJS óskar eftir að ráða til sín sérfræðing í tæknideild



Verksvið:

- Sérfræðipjónusta við afgreiðslukerfi og tengdan búnað
- Almenn þjónusta við afgreiðslukerfi
- Aðstoð við uppbyggingu vöruframboðs

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Rafeindavirkjun eða sambærileg menntun æskileg
- Reynsla af uppsetningum og þjónustu við afgreiðslukerfi skilyrði
- Þjónustulund
- Hæfni til að vinna með öðrum
- Frumkvæði og dugnaður
- Metnaður til að ná árangri í starfi

Umsjón með starfinu hafa Nathalía D. Halldórsdóttir (nathalia@img.is) og Sigrún Ýr Árnadóttir (sigrun@img.is) hjá Mannafli - Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 10. apríl nk. Umsækjendur eru beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Mannafli - Liðsauka.

IMG
MANNAFL
LIÐSAUKI

Laugavegi 170
105 Reykjavík
Sími 540 7100
mannafli@img.is

Skipagötu 16
600 Akureyri
Sími 461 4440
www.mannafli.is



Vörustjóri fyrir tæknivörur

Prentsmiðjan Oddi hf. rekur stærstu og öflugustu prentsmiðju landsins og hefur verið í fararbroddi í íslenskum prentiðnaði um árabil. Fyrirtækið rekur auk þess rekstrarvörudeild, heildsölu og sérvöruverslun með skrifstofuvörur. Hjá Odda starfa um 230 manns í tengslum við hönnun, framleiðslu, sölu og þjónustu. Þetta er litríkur og öflugur hópur karla og kvenna á öllum aldri með fjölbreytta reynslu og sérþekkingu, sem vinnur saman að því að mæta þörfum viðskiptavina og rækta sambandið við þá.

Nú vantar okkur öflugan vörustjóra fyrir tæknivörur í nýtt starf í mótun

Starfs- og ábyrgðarsvið:

Vörustjóri ber ábyrgð á framlegð valinna vöruflokka eða vörumerkja og framkvæmd markaðsstefnu.

Meðal verkefna vörustjóra:

Greinir og fylgist með þróun á markaði og kauphegðun viðskiptavina. Velur vörur sem falla að gæðakröfum fyrirtækisins og innkaupastefnu. Vinnur markaðsáætlanir og aðstoðar við gerð söluáætlana. Semur við birgja og flutningsaðila og stýrir magni innkaupa. Annast öll samskipti og upplýsingamiðlun til og frá birgjum. Stuðlar að aukinni vörubekkingu starfsmanna með kynningum og þjálfun. Vinnur náið með stjórnendum dreifileiða, markaðsstjóra, vöruflæðisstjóra, vörustjórum, lager, tollafgreiðslu, flutningsaðilum og innendum og erlendum birgjum.

Við leitum að öflugum einstaklingi með háskólamenntun á sviði vörustjórnunar og/eða reynslu af sambærilegum starfi.

Ef þú hefur metnað og aga til að vinna sjálfstætt, góða hæfni til að greina markaðinn, frumkvæði og vilja til að ná árangri, jákvætt hugarfar og góða samskiptahæfileika erum við að leita að þér.

Umsóknir ásamt starfsferilsskrá óskast sendar til Prentsmiðjunnar Odda, Höfðabakka 3-7, 110 Rvk., merkt „Vörustjóri“ eða á netfangið erna@oddi.is fyrir 8. apríl n.k. Upplýsingar um starfið veitir Jón Jósafat Björnsson í síma 515-5000, josafat@oddi.is. Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.




www.oddi.is

ODDI HF. M0391

F-Prot Antivirus

Windows kerfisstjóri



Við leitum að þjónustulíprum Windows kerfisstjóra til að sjá um daglegan rekstur, skipulag og viðhald Windows-netkerfis Friðriks Skúlasonar ehf. ásamt því að aðstoða og þjónusta notendur þess. Viðkomandi mun einnig sjá um innkaup og viðhald á tölvu- og hugbúnaði fyrirtækisins.

Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi reynslu af kerfisstjórnun í Windows-umhverfi og/eða MCP-gráðu. Þekking á Microsoft Exchange-þjónum er mikilvæg og þekking á Linux-umhverfinu er kostur.

Friðrik Skúlason ehf. (FRISK Software) er alþjóðlegt öryggis- og þekkingarfyrirtæki sem sérhæfir sig á sviði veiruvarna. Fyrirtækið framleiðir m.a. Lykla-Pétur (F-Prot Antivirus) og er í samstarfi við fyrirtæki um allan heim. Fyrirtækið starfar að mestu leyti á erlendum mörkuðum og er í dag eitt af fremstu veiruvarnar-fyrirtækjum heims. Hjá fyrirtækinu starfa rúmlega fimmtíu manns.



Þverholti 18 • 105 Reykjavík • Sími: 540 7400 • Bréfsími: 540 7401 • www.frisk.is

Fasteignamiðlun

Fasteignamiðlun leitar eftir öflugum starfskrafti sem helst þarf að hafa reynslu á því sviði eða öðru sem nýttist honum í slíku starfi. Kostur ef viðkomandi hefur réttindi sem löggiltur fasteignasali.

Umsóknir sendist á netfangið box@frett.is

Fasteignasala

Fjársterkt fyrirtæki á Suðurnesjum óskar eftir lögfræðingi eða löggildum fasteignasala til samstarfs. Farið verður með allar umsóknir sem algjört trúnaðarmál!

Áhugasamir sendi uppl á box@frettabladid.is

Sony Center Kringlunni

leitar að sölumönnum í fullt starf og hlutastarf.

- ✓ Sölumenn **Sony Center** þurfa að hafa afburða þekkingu á raftækjum auk almennrar þekkingar á myndavélum og símunum.
- ✓ Við leggjum áherslu á persónulega þjónustu við viðskiptavininn og fagmennsku í sölu og ráðgjöf. Nauðsynlegt er að sölumenn séu reiðubúnir til að tileinka sér þá þekkingu og viðmót sem þarf til að geta veitt viðskiptavinum þjónustu í samræmi við þarfir.
- ✓ Æskilegt er að umsækjendur hafi reynslu af sambærilegum sölu- og þjónustustörfum.
- ✓ Við leitum að fólki með ríka þjónustugleði, jákvæð viðhorf og hæfni í mannlegum samskiptum. Starfsmenn þurfa að sýna frumkvæði, dugnað og metnað.
- ✓ Aldurstakmark umsækjenda er 24 ár.
- ✓ Umsóknir berist með ferilsskrá á kristinn@sonycenter.is fyrir 11. apríl.

You make it a Sony

Sony Center Kringlunni www.sonycenter.is Sími 591 5312

Ertu í leit að föstu starfi eða sumarvinnu



Vegna aukinna verkefna eru eftirfarandi störf í boði við ræstingar og mótuneytisumsjón:

Föst afleysingarstörf - vinnuhlutfall 80 - 100%. Dagvinna með föstu starfshlutfalli við afleysingar. Starf afleysingar felst m.a. í því að koma til starfa þegar forföll verða á fastráðnu starfsfólki eða vegna aukinna verkefna. Nauðsynlegt er að hafa bíl til umráða.

Dagvinna á heilbrigðisstofnun á svæði 220 Í boði er starf á heilbrigðisstofnun þar sem vinnuhlutfall er 92,5%. Vinnutími er frá klukkan 07:30 - 14:30 þrjú daga vikunnar og 07:30 - 15:30 tvo daga vikunnar.

Dagvinna á svæði 104 - vinnuhlutfall 37,5%. Starf við mótuneytisumsjón þar sem vinnutími er frá klukkan 11:00 - 14:00. Nauðsynlegt er að hafa bíl til umráða.

Dagvinna á svæði 210 - vinnuhlutfall 62,50 - 100% Störf við ræstingar þar sem vinnutími er frá klukkan 08:00 - 16:00.

Helgarvinna á svæði 220 - vinnuhlutfall 17,5% Starf á hjúkrunarstofnun þar sem vinnutími er frá klukkan 08:00 - 15:00 aðra hverja helgi.

Sumarstörf eru einnig í boði

Við leitum að starfsfólki til sumarstarfa á tímabilinu maí - september. Um er að ræða störf við ræstingar og mótuneytisumsjón þar sem vinnuhlutfall er á bilinu 25 - 100%.

Upplýsingar um störfin veitir Ólöf starfsmannastjóri, umsóknareyðublöð fást á skrifstofu ISS Ísland að **Ármúla 40, 3.hæð** og á heimasíðu www.iss.is. Sími 5 800 600. Netfang: olof@iss.is.



ISS Ísland ehf. er stærsta fyrirtæki landsins á sviði daglegra ræstinga, þrifa í matvælaíðnaði og viðhaldi/hreinsun loftþræstikerfa, fyrirtækið hefur starfað í yfir 24 ár. Hjá ISS Ísland starfa yfir 630 manns á aldrinum 17 - 80 ára. Starfsmenn fá kennslu, þjálfun, bestu áhöld og efni sem vörl er á. Einnig fá starfsmenn stuðning frá ræstingar-, þrifa- og flokkstjórum.



Hrafnista
í Reykjavík og Hafnarfirði

Hrafnistuheimilin Lausar stöður

Hrafnista í Reykjavík

Hjúkrunarfræðingar.

Óskum eftir að ráða sem fyrst eða eftir samkomulagi hjúkrunarfræðinga á dag- og kvöldvaktir. Starfshlutfall samkomulag.

Óskum einnig eftir að ráða hjúkrunarfræðinga til sumarafleysinga.

Hjúkrunarnemar.

Sumarafleysingar, starfshlutfall og vinnutími samkomulag.

Sjúkraliðar.

Vaktavinna, starfshlutfall og vinnutími samkomulag.

Aðhlyning.

Vaktavinna, starfshlutfall og vinnutími samkomulag.

Upplýsingar veitir
Dagbjört Þyri Þorvarðardóttir,
hjúkrunarforstjóri s: 585-9500 og 693-9500
eða thyri@hrafnista.is

Hrafnista í Hafnarfirði

Hjúkrunarfræðingar.

Óskum eftir að ráða hjúkrunarfræðinga til starfa á dag- og kvöldvaktir. Starfshlutfall og vinnutími samkomulag.

Einnig er laus til umsóknar 50-60% staða hjúkrunarfræðings á næturvaktir.

Óskum einnig eftir að ráða hjúkrunarfræðinga til sumarafleysinga.

Sjúkraliðar:

Vaktavinna, starfshlutfall og vinnutími samkomulag.

Aðhlyning:

Vaktavinna, starfshlutfall og vinnutími samkomulag.

Upplýsingar veitir **Alma Birgisdóttir**,
aðstoðarhjúkrunarforstjóri
s: 585-3000 og 693-9564 eða
alma@hrafnista.is

Vífilsstaðir Garðabæ

Sjúkraliðar.

Óskum eftir að ráða sjúkraliða til sumarafleysinga, starfshlutfall og vinnutími samkomulag.

Aðhlyning.

Óskum eftir að ráða starfsfólk til sumarafleysinga, starfshlutfall og vinnutími samkomulag.

Upplýsingar veitir **Ingibjörg Tómasdóttir**
hjúkrunarstjóri
s: 599-7011 og 664-9560 eða
ingat@vifilsstadir.is

Sumarafleysingar – skólafólk

Hrafnistuheimilin óska eftir starfskröftum ykkar í sumar.

Þroskandi og gefandi störf með góðu fólki.

Frumkvæði, fagmennska, jákvæðni og hlýlegt viðmót er það sem skiptir okkur máli.

Hægt er að sækja um störf á heimasíðu Hrafnistu:

www.hrafnista.is

SMITH & NORLAND

Smith & Norland, Nóatúni 4, vill sem fyrst ráða starfsmenn á lager fyrirtækisins. Um er að ræða góð framtíðarstörf hjá traustu og framsæknu fyrirtæki.

Lagermaður / bílstjóri

Starfið er tvískipt. Annars vegar felur það í sér móttöku á vörum inn á lager fyrirtækisins, þökkun og afgreiðslu á vörum af lager sem og ýmis önnur tengd störf. Hins vegar felst það í aðstoð við núverandi bílstjóra fyrirtækis með því að sjá um akstur á sendibíl fyrirtækisins á móti honum.

Leitað er að röskum, sjálfstæðum og snyrtilegum einstaklingi á aldrinum 25 til 35 ára, sem hefur ríka samstarfslund. Meirapróf er æskilegt.

Góð framkoma, snyrtimennska og reglusemi eru skilyrði.

Rafvirki

Starfið felur í sér afgreiðslu á raflagnaefni og lýsingarbúnaði til viðskiptavina fyrirtækisins, umsjón með vörulager og fleiri skyld störf.

Leitað er að röskum, sjálfstæðum og snyrtilegum einstaklingi, sem á auðvelt með að vinna í hóp og hefur góða fag- og efnisþekkingu og reynslu af rafvirkjastörfum.

Góð framkoma, snyrtimennska og reglusemi eru skilyrði.

Góð enskukunnátta er æskileg.

Umsjón með störfunum hafa **Helga Jónsdóttir** (helga@img.is) og **María Jóhannsdóttir** (maria@img.is) hjá Mannafli - Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 12. apríl nk. Umsækjendur eru beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Mannafli - Liðsauka.

IMG
MANNAFL
LIÐSAUKI

Laugavegi 170
105 Reykjavík
Sími 540 7100
mannafi@img.is

Skipagötu 16
600 Akureyri
Sími 461 4440
www.mannafi.is

Viðskiptafræðingur

Siglingastofnun óskar eftir að ráða viðskiptafræðing. Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélag.

Starfssvið:

- Umsjón með uppgjöri ríkisstyrktra hafnarframkvæmda og sjóvarnargarða
- Umsjón með greiðslum til sveitarfélaga
- Vinna að hagrænum verkefnum, m.a. við hafna- og samgönguáætlanir
- Vinna að málefnum Hafnabótasjóðs í samstarfi við aðra starfsmenn stofnunarinnar
- Vinna við undirbúning og framkvæmd fjárlaga
- Stýring greiðsluflæðis og innheimtumál

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði viðskipta og/eða rekstrar eða sambærileg menntun
- Reynsla af bókhaldi og uppgjöri framkvæmda er kostur
- A.m.k. 3 ára starfsreynsla
- Góð tölvukunnátta
- Færni í mannlegum samskiptum



Siglingastofnun er framsækin þjónustustofnun sem vinnur að öryggi sjófarenda og aukinni hagkvæmni í sjósókn. Með sérfræðipekkingu og skilvirkri miðlun upplýsinga um málefni hafna og siglinga þjónar Siglingastofnun stjórnvöldum, sjófarendum og útgerðarmönnum.

Húsvarsla

Skólafstofnun í miðborg Reykjavíkur óskar eftir að ráða ungt barnlaust par eða hjón sem húsverði.

Viðkomandi þurfa að geta sinnt minniháttar lagfæringum/viðgerðum á húsnæðinu. Einnig fylgir starfinu ræstingar að hluta.

Leitað er að aðilum sem eru:

- Laghentir
- Reglusamir, samviskusamir og áreiðanlegir
- Liprir í samskiptum
- Reyklausir

Fastrar viðveru er ekki krafist. Starfinu fylgir lítil íbúð í skólafstofnuninni, hiti og rafmagn. Ekki er um önnur laun að ræða. Hentugt fyrir iðnaðarmenn eða laghent námsfólk. Viðkomandi verður að geta hafið störf strax.

Umsjón með starfinu hafa **Helga Jónsdóttir** (helga@img.is) og **Guðrún Dröfn Hálfðanardóttir** (guðridur@img.is) hjá Mannafli - Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 11. apríl nk. Umsækjendur eru beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Mannafli - Liðsauka.

IMG
MANNAFL
LIÐSAUKI

Umsjón með starfinu hafa **Auður Bjarnadóttir** (audur@img.is) og **Herdís Rán Magnúsdóttir** (herdis@img.is) hjá Mannafli - Liðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 18. apríl nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Mannafli - Liðsauka.

Laugavegi 170
105 Reykjavík
Sími 540 7100
mannafi@img.is

Skipagötu 16
600 Akureyri
Sími 461 4440
www.mannafi.is

IMG
MANNAFL
LIÐSAUKI

Laugavegi 170
105 Reykjavík
Sími 540 7100
mannafi@img.is

Skipagötu 16
600 Akureyri
Sími 461 4440
www.mannafi.is



Okkur á Siglufirði vantar nokkra menntaða kennara til starfa fyrir næsta skólaár.

Meðal kennslugreina eru: Almenn kennsla, heimilisfræði og sérkennsla. Einnig vantar kennara í íslensku, samfélagsfræði og stærðfræði á unglingsstigi.

Ef þú hefur áhuga hafðu þá samband.

Markviss uppbygging á skólafarfi hefur átt sér stað síðan 1997. Unnið hefur verið að auknum gæðum náms (AGN) eftir breska IQEA vinnuferlinum. Í skólanum er unnið gegn einelti skv. Olweus áætlun. Fyrsta skref í átt að Grænfána hefur verið stigið. Við höfum notið þess að vaxa, læra og ná árangri saman.

Ef þú hefur áhuga á því sem við erum að gera hafðu þá samband við Jónínu Magnúsdóttur skólastjóra í síma 460-3737 og 845-0467 eða netfangið

skolastjori@sigloskoli.is. Upplýsingar um skólann okkar er að finna á www.sigloskoli.is og upplýsingar um bæinn á www.siglo.is.

Mannlíf og menning í bænum er góður leikskóli og tónlistarskóli, öflug heilsugæsla, íþróttahús, sundlaug og eitt af betri skiðasvæðum landsins. Á undanföllum árum hefur Síldarminjasafnið byggst upp og vakið verðskuldaða athygli og nú hillir undir að Þjóðlagasetur verði að veruleika. Þjóðlagahátíð er orðin árviss viðburður. Mannlífið er sérstakt í nyrsta kaupstað landsins og einkennist af öflugu félagslífi.

VELKOMIN TIL SIGLUFJARÐAR.



Sumarstörf

Sveitarfélagið Álftanes auglýsir eftirfarandi sumarstörf laus til umsóknar árið 2005.

- Flokkstjórar, umsækjendur þurfa að vera 20 ára og eldri.
- Vélamenn, nauðsynlegt er að umsækjendur séu með réttindi til að aka dráttarvél.
- Verkstjórn, umsóknarmaður Vinnuskóla, umsækjendur þurfa að vera 20 ára og eldri.
- Starf sláttumanna, umsækjendur þurfa að vera 18 ára og eldri.

Umsóknareyðublöð liggja frammi í íþróttamiðstöð Álftanes og á skrifstofu Sveitarfélagsins að Bjarnastöðum. Einnig er hægt að nálgast umsóknareyðublöð á heimasíðu Álftanes, slóðin er: alftanes.is

Umsóknarfrestur er til 2. maí, 2005.

Nánari upplýsingar veitir íþrótt- og tómsundafulltrúi Álftanes í síma 565-2428 og 821-5005, netfang: stefan@alftanes.is

ÍSHLUTIR



Vélaviðgerðarmaður

Íshlutir ehf óska eftir starfsmanni, vönum þungavinnuvélaviðgerðum og líkum tækjum á vélaverkstæði. Þekking og reynsla í viðgerðum á rafmagns og vökvakerfum æskileg.

Leitað er að kröftugum einstaklingi með ríka þjónustulund og tilbúin að takast á við krefjandi verkefni auk ferðalaga. Þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Upplýsingar gefur Samúel Sigurðsson í síma: 575 2400 eða 693 3213.

Íshlutir ehf Gylfaflöt 32 112 Reykjavík
Sími: 575 2400.

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar

Leikskólar

Álftasteinn (s. 555 6155, alfasteinn@hafnarfjordur.is)

Leikskólakennara eða starfsfólk með aðra uppeldismenntun vantar nú þegar.

Afleysingar í eldhús vantar frá 1. maí til 11. júlí.

Allar upplýsingar veitir Inga Lindal, leikskólastjóri.

Umsóknarfrestur er til 10. apríl.

Fræðslustjórinn í Hafnarfirði



VELKOMIN TIL HAFNARFJARDAR!
Hafðu samband og fæðu frekari upplýsingar um Hafnarfjörð og margvíslega starfsemi á vegum sveitarfélagsins hjá þjónustuveri bæjarins í síma 585 5500 og á heimasíðunni www.hafnarfjordur.is

Leikskólarnir Fossakot og Korpukot

Einkaleikskólarnir Fossakot og Korpukot í Grafarvogi auglýsa eftir leikskólakennurum og leiðbeinendum í 100% stöðu sem fyrst.

Skemmtileg vinnuástaða í vel búnum leikskólum þar sem unnið er með mikilvægasta fólki í heimi.

Áhugasamir hafi samband við skrifstofu í síma 577-1900 eða sendi tölvupóst á skrifstofa@alla.is

Fossakot - Fossaleyni 4 / Korpukot - Fossaleyni 12



Ritari

Félags- og þjónustumiðstöðin Hraunbæ 105 óskar eftir ritara í 50% starf, eftir hádegi.

Starfið felst í almennum ritarastörfum.

Hæfniskröfur: góð almenn menntun, tölvuþekking.

Laun samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar

Allar námari upplýsingar gefur Elín Guðjónsdóttir, forstöðumaður í síma 587-2888.

Netfang: elin.gudjonsdottir@reykjavik.is

Sjá einnig almennar upplýsingar um laus störf og starfsmannastefnu Félagsþjónustunnar á vefsíðunni: www.felagsthjonustan.is



Fellaskóli Reykjavík

Fellaskóli er heildstæður grunnskóli í Reykjavík. Nemendur eru um 450. Í Fellaskóla er leitast við að sníða skólafarfið í samræmi við eðli og þarfir nemenda. Stuðlað er að ahlíða þroska og menntun hvers og eins og stutt er við jákvæða hegðun nemenda. Í skólanum er litið svo á að menningarlegur fjölbreytileiki auðgi skólafarfið og lögð er áhersla á að virðing sé borin fyrir uppruna og menningu einstaklinga. Við skólann er starfrækt sérdeild fyrir einhverfa sem ætluð er börnum með einhverfugreiningu. Á komandi skólaári verður lögð rík áhersla á þróun kennsluhátta, að efla samvinnu nemenda, auka fjölbreytni í námsmati og að efla margskonar skapandi starf.

Eftirtaldir kennarastöður eru lausar til umsóknar skólaárið 2005 – 2006:

- Staða dönskukennara. Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi sem hefur dönskukennslu sem sérgrein.
- Staða kennara í heimilisfræðum. Leitað er að kennara sem hefur menntun úr heimilisfræðivali KHÍ.
- Staða íþróttakennara. Leitað er að kennara sem getur tekið virkan þátt í þróunarstarfi á sviði heilsueffingar.
- Staða tónmenntakennara. Leitað er að kennara sem getur unnið með börnum að hljóðupptökum og skapandi tónlistarstarfi.

Nánari upplýsingar um stefnu og áherslur Fellaskóla er að finna á heimasíðu skólans: www.fellaskoli.is Skólafarfið er veita einnig upplýsingar í síma 557 3800: Kristín Jóhannesdóttir, aðstoðarskólafarfi, kristinjoh@fellaskoli.is og Þorsteinn Hjartarson, skólafarfi thorsteinnh@fellaskoli.is

Múr og flísar ehf.

Óska eftir múrara með góða starfskunnáttu til starfa í flísalagnir, steiningu o.fl. Næg atvinna. Framtíðarstarf.

Upplýsingar í síma 897 2681.



Bechtel International Inc. byggir álver á Reyðarfirði á vegum Alcoa. Fjarðaál er hannað og byggt í samstarfi við HRV sem samanstendur af nokkrum fremstu fyrirtækjum á Íslandi á sviðinu, Hönnun, Rafhönnun og Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen.

Skrifstofan á Reyðarfirði vill ráða vefumsjónarmann til starfa við uppþæslu og viðhald á vef Bechtel, www.fjarmaalproject.is.

Viðkomandi þarf að taka frumkvæði að safna upplýsingum til að setja inn á vefinn. Að auki mun viðkomandi starfsmaður sinna tilfallandi störfum við upplýsingamál hjá fyrirtækinu og aðstoða í samskiptadeild þess.

Við leitum að starfsmanni sem hefur:

- Kunnáttu í vefumsjón
- Góða enskukunnáttu
- Hæfileika til að vinna í hópi
- Lipurð og góða þjónustulund

Upplýsingar gefur Björn S. Lárusson, framkvæmdastjóri samfélagssamskipta í sínum 470 7495 & 843 7495.

Umsóknum skal skila á aðra hvora Ráðningarstofuna, en þar er einnig hægt að nálgast umsóknareyðublöð, sem og á heimasíðunni.

Ráðningarstofa
Búðareyri 2
730 Reyðarfirði
Sími 470 7599

Ráðningarstofa
Suðurlandsbraut 4
108 Reykjavík
Sími 470 7400

Tré-mót ehf Byggingaverktakar

Óskum eftir að ráða verkamann og smiði til starfa á Selfossi og á höfuðborgarsvæðinu.

Upplýsingar veita:

Brynjar s. 899-6482 • Jón s. 898-2062

Skemmtilegt fólk með meirapróf óskast

Ferðaþjónustufyrirtæki í örum vexti óskar eftir atvinnubílstjórum með meirapróf.

Vinsamlegast sendið umsóknir á box@frett.is.



Laust til umsóknar starf Slökkviliðs- og sjúkraflutningamanns.

Hjá Slökkviliði Akureyrar er laust til umsóknar starf slökkviliðs- og sjúkraflutningamanns.

Um er að ræða 100 % starf í vaktavinnu við sjúkraflutninga, slökkvistörf og reykköfun, björgun og neyðarflutninga. Laun eru skv. Kjarasamningi Launaneftdar sveitarfélaga og Landsambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna.

Hæfniskröfur:

Umsækjendur þurfa að uppfylla skilyrði 8.gr reglugerðar nr.792/2001 um Brunamálaskólann og réttindi og skyldur slökkviliðsmanna.

Þeir sem ráðnir eru til starfa sem slökkviliðsmenn skulu hafa góða líkamsburði, vera andlega og líkamlega heilbrigðir, reglusamir og háttvísir, hafa góða sjón og heyrn, rétta litaskynjun og ekki vera haldnir lofthræðslu eða innilokunarkennnd. Hafa aukin ökuréttindi til að stjórna vörubifreið og leigubifreið. Hafa iðnmenntun sem nýtist í starfi slökkviliðsmanna eða sambærilega menntun og reynslu.

Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf sem fyrst.

Að loknum sex mánaða reynslutíma verður tekin ákvörðun um fastráðningu eftir að umsækjandi hefur gengist undir próf í þeim þáttum sem settir eru í hæfniskröfum.

Umsóknir

Umsóknareyðublöð eru hjá Slökkviliði Akureyrar og á heimasíðu Akureyrarbæjar www.akureyri.is.

Umsóknun og fylgigögnum skal skila til Slökkviliðs Akureyrar eigi síðar en 18.apríl 2005.

Hægt er að senda umsóknir í tölvupósti á netfangið eldvarnaeftirlit@akureyri.is.

Móttaka umsókna verður staðfest á umsóknartíma.

Fylgigögn: Læknisvottorð, sakavottorð, prófskírteini og ljósrit af ökuskírteini.

Tekið verður tillit til samþykktar bæjarstjórnar Akureyrarbæjar um jafnréttismál við ráðningu í starfið.

Frekari upplýsingar veitir Ingimar Eydal, aðstoðar slökkviliðsstjóri Slökkviliðs Akureyrar, Árstíg 2, á staðnum eða í síma 461-4200. Fax: 461-4205.

Slökkviliðsstjórinn á Akureyri.

Akureyrarbær • Geislagötu 9 • 600 Akureyri
Sími 460 1000 • Fax 460 1001 • www.akureyri.is



Laust til umsóknar starf eldvarnaeftirlitsmanns Slökkviliðs Akureyrar.

Hjá slökkviliði Akureyrar er laust til umsóknar starf eldvarnaeftirlitsmanns.

Um er að ræða 100 % starf í dagvinnu. Laun eru skv. Kjarasamningi Launaneftdar sveitarfélaga og Landsambands slökkviliðs- sjúkraflutningamanna.

Hæfniskröfur:

Umsækjendur þurfa að uppfylla skilyrði 8.gr reglugerðar nr.792/2001 um Brunamálaskólann og réttindi og skyldur slökkviliðsmanna.

Hafa gott vald á að lesa úr teikningum, vinna tölvuvinnu og ensku.

Þegar hæfingu eldvarnaeftirlitsmanns er lokið skal hann vera fær um að stunda venjulegt eldvarnaeftirlit, skrifa skýrslur, bréf og sinna hverjum þeim störfum sem falla undir starfsemi og þjónustu slökkviliðs. Eldvarnaeftirlitsmaður skal vera fær um að annast kennslu fyrir almenning, fyrirtæki og stofnanir. Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf sem fyrst.

Að loknum sex mánaða reynslutíma verður tekin ákvörðun um fastráðningu eftir að umsækjandi hefur gengist undir próf í þeim þáttum sem settir eru í hæfniskröfum.

Umsóknir

Umsóknareyðublöð eru hjá Slökkviliði Akureyrar og á heimasíðu Akureyrarbæjar www.akureyri.is.

Umsóknun og fylgigögnum skal skila til Slökkviliðs Akureyrar eigi síðar en 18. apríl 2005.

Hægt er að senda umsóknir í tölvupósti á netfangið eldvarnaeftirlit@akureyri.is.

Móttaka umsókna verður staðfest á umsóknartíma.

Fylgigögn: Læknisvottorð, sakavottorð, prófskírteini og ljósrit af ökuskírteini.

Tekið verður tillit til samþykktar bæjarstjórnar Akureyrarbæjar um jafnréttismál við ráðningu í starfið.

Frekari upplýsingar veitir Magnús V. Arnarsson, yfir-eldvarnaeftirlitsmaður Slökkviliðs Akureyrar, Árstíg 2, á staðnum eða í síma 461-4200. Fax: 461-4205.

Slökkviliðsstjórinn á Akureyri.

Akureyrarbær • Geislagötu 9 • 600 Akureyri
Sími 460 1000 • Fax 460 1001 • www.akureyri.is



Viltu vinna á kvöldin?

Við leitum að samviskusömum, hraustum og röskum starfsmanni til að bætast við í sterka liðsheild sem vinnur við gámalosun hjá IKEA.

Viðkomandi þarf að vera eldri en 18 ára og lyftaþróf er kostur en ekki skilyrði.

Vinnutími er 19:00-23:00 mánudaga til fimmtudaga.

Umsóknareyðublöð er að finna á www.IKEA.is og á þjónustuborði IKEA, tilgreina þarf starfið sem sótt er um.

IKEA býður upp á fjölbreytt og lifandi starfsumhverfi. Starfsfólki gefst tækifæri til að vaxa í starfi, axla ábyrgð og vera mikilvægur hlekkur í kraftmiklu og ört vaxandi fyrirtæki.



KÓPAVOGSBÆR

SUMARSTÖRF

Kópavogsbær auglýsir eftirfarandi sumarstörf laus til umsóknar:

Áhaldahús

Flokkstjórar og verkafólk í garðyrkjustörf, graslátt og almenn verkamannastörf.

Æskilegt er að flokkstjórar hafi reynslu í verkstjórn og / eða garðyrkjustörfum.

Gæsluvellir

Afleysingafólk í 81% starf. Æskilegt er að umsækjendur hafi reynslu og áhuga á að starfa með börnum. Umsækjendur skulu vera 18 ára eða eldri.

Íþróttavellir

Flokkstjórar og verkafólk í almenna hirðingu og gæslustörf. Umsækjendur skulu vera 18 ára eða eldri.

Skólasamningur

Grunnskólar Kópavogs starfa samkvæmt skólasamningi sem kveður á um ákveðið fjárhagslegt svigrúm fyrir skólana. Markmiðið með því er að skapa skólunum aukna möguleika á fjárhagslegri hagræðingu til hagsbóta fyrir skólustarfið.

Leikjanámskeið

Leiðbeinendur sem hafa umsjón með leikja- og siglinganámskeiðum. Umsækjendur þurfa að hafa reynslu og áhuga á starfi með börnum og skulu vera 21 árs eða eldri.

Aðstoðarfólk til aðstoðar leiðbeinendum.

Umsækjendur þurfa að hafa reynslu og áhuga á að starfa með börnum. Umsækjendur skulu vera 18 ára eða eldri.

Sundlaug

Afleysingafólk. Góð sundkunnátta áskilin.

Umsækjendur skulu vera 20 ára eða eldri.

Vinnuskóli

Leiðbeinendur (flokkstjórar) til að vinna með og stjórna vinnuflokkum unglinga.

Æskilegt er að umsækjendur hafi reynslu í verkstjórn og að starfa með unglingum.

Umsækjendur skulu vera 21 árs eða eldri.

Hægt er að sækja um sumarstörf á heimasíðu Kópavogsbæjar www.kopavogur.is

Umsóknareyðublöð liggja einnig frammi í Áhaldahúsi Kópavogs, Álalind 1.

Upplýsingar eru veittar í síma 564-1580 kl. 8.00-17.00

Umsóknarfrestur er til 22. apríl 2005.



Njóttu þín!

Hjá Leikskólum Reykjavíkur er tögð áhersla á að starfsfólk njóti sín í starfi, geti nýtt þá menntun og hæfni sem það býr yfir og aukið þekkingu sína. Líður í því er meðal annars öflug sámenntun og handleiðsla.



Leikskólar Reykjavíkur

Spennandi störf hjá Leikskólum Reykjavíkur

Laus eru til umsóknar störf leikskólakennara/leiðbeinenda.

Leikskólar Reykjavíkur starfrækja 78 leikskóla og þar starfa um 1800 einstaklingar með leikskólakennaramenntun eða aðra háskólamenntun og/eða reynslu.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Leikskólakennaramenntun
- Reynsla af uppeldis- og eða kennslustörfum með börnum
- Færni í mannlegum samskiptum
- Skipulagshæfni, nákvæmni, áreiðanleiki og frumkvæði í starfi

Fáist ekki leikskólakennarar til starfa eru ráðnir starfsmenn með aðra uppeldismenntun og/eða reynslu.

Karlar eru hvattir til að sækja um jafnt sem konur.



Nánari upplýsingar veitir Borgar Axelsson starfsráðgjafi, borgar.axelsson@reykjavik.is, í síma 563 5800. Einnig er hægt að skoða lausar stöður á heimasíðu okkar www.leikskolar.is

Mörk Stjörnunnar: Kristín Guðmundsdóttir 6, Hind Hannesdóttir 5, Kristín Clausen 4, Elísabet Kouval 3, Anna Blöndal 1, Ásdís Sigurðardóttir 3.

Varin skot: Jelena Jovanovic 8.

Mörk Gróttu/KR: Ragna Karen Sigurðardóttir 7, Arna Gunnarsdóttir 3/2, Anna Úrsula Guðmundsdóttir 3, Íris Ásta Pétursdóttir 3, Gerður Rún Einarsson 2, Kristín Þórardóttir 2, Hera Bragadóttir 1.

Varin skot: Sóley Halldórsdóttir 7/3.

Staðan í einvíginu er 1-0, Stjörnunnar í vil.

VALUR-FH 25-19 (10-6)

Mörk Vals: Ágústa Edda Björnsdóttir 12/5, Katrín Andrésdóttir 3, Lilja Hauksdóttir 2, Ragna Grímsdóttir 2, Soffía Rut Gísladóttir 2, Anna María Guðmundsdóttir 1, Lilja Valdimarsdóttir 1, Diana Guðjónsdóttir 1.

Varin skot: Berglind Íris Hansdóttir 20/1.

Mörk FH: Gunnur Sveinsdóttir 7, Guðrún Drífa Hólmgeirsdóttir 3, Dröfn Sæmundsdóttir 3/1, Bjarný Þorvarðardóttir 2, Sigrún Gílsdóttir 1, Björk Egisdóttir 1, Berglind Björgvinsdóttir 1, Hrönn Arnadóttir 1.

Varin skot: Kristín Guðjónsdóttir 13.

Valur vann einvígið 2-0 og er komið í undanúrslit.

ÚR SPORTINU

Magnús Már Lúðvíksson samdi við lið ÍBV í Landsbankadeildinni í knattspyrnu til eins árs. **Magnús** lék 13 leiki með liðinu í fyrra og skoraði 5 mörk á síðustu leiktíð. Samkvæmt heimasíðu Eyjamanna er **Matt Garner** meiddur og eru lítil líkur á að hann leiki með ÍBV í sumar.

Graeme Souness viðurkenndi í gær að hann hefði mestan áhuga á að færa sitt starf í hendur **Alans Shearer** þegar hann ákveður að stíga úr stjórnstól Newcastle. Shearer samþykkti sem kunnugt er nýjan eins árs samning í síðustu viku sem gerir hann að spilandi þjálfara hjá liðinu. „Ég held að það sé pottþétt að hann muni verða knattspyrnustjóri í framtíðinni og ég held að hann muni njóta mikillar velgengni,“ segir **Souness**.

Á sama tíma hefur **Kieron Dyer**, leikmaður Newcastle, sagt frá eftirsjá sinni af **Bobby Robson**, fyrrum stjóra liðsins, og telur sig eiga sök á því að **Robson** var látin fara. „Ég neitaði að spila á hægri kant í fyrsta leik tímabilsins og þegar ég hugsa til baka er ljóst að ég brást stjóranum. Mér líður hræðilega – hann kom fram við mig eins og ég væri sonur hans og ég brást honum,“ segir **Dyer**.

Leikur **Keflavíkur** og **FH** í deildar- blikar karla í knattspyrnu í gær var flautaður af í hálfleik vegna snjókomu. Leikið var á gervigrasinu í Garðabæ og voru línurnar á vellinum og keppnisboltinn sjálfur hættur að sjást. Staðan var 1-0 fyrir Keflavík þegar leikurinn var flautaður af og skoraði **Þorsteinn Atli Hornssohn** markid með skalla eftir gornspyrnu.

Valur og ÍBV í undanúrslit

Valsstúlkur og Eyjastúlkur tryggðu sér í gær sæti í undanúrslitum DHL-deildar kvenna í handbolta og komust þannig hjá því að fara í oddaleik. Á sama tíma tóku Stjarnan og Haukar forystu í sínum einvígjum.

HANDBOLTI Víkingar riðu ekki feittum hesti frá seinni viðureign sinni við Eyjastúlkur en þær síðarnefndu áttu leikinn frá fyrstu mínútu til hinnar síðustu og tryggðu sér sæti í undanúrslitum.

Lokatölur urðu 28-22 en ÍBV náði mest 11 marka forystu um miðjan seinni hálfleik. Víkingsstúlkur, drifnar áfram af Helgu Birnu Brynjólfssdóttur, náðu að saxa á forystuna og bjarga andlitinu ef svo má segja enda algjört burst í nánd.

„Við vildum enda þetta með smá sóma í seinni hálfleik eftir að sá fyrri hafði verið mjög slakur, sérstaklega sóknarlega séð. Við urðum að gera eitthvað og ég held að við höfum náð að bjarga andlitinu. Þær voru engu að síður miklu betri en við,“ sagði Guðmunda Ósk Kristjánsdóttir, þjálfari Víkings. **Alfred Örn Finnsson**, þjálfari ÍBV, var ánægður með leikinn að lokamínúturnum undanskildum. „En það skipti kannski ekki öllu máli. Við vorum að spila þennan leik mjög vel varnarlega og framhaldið leggst vel í okkur. Við erum í þessari keppni til að fara sem lengst,“ sagði **Alfred Örn**.

Harðar Fram-stúlkur

Haukar unnu sanngjarnan sigur á Fram í fyrsta leik þeirra í 8-liða úrslitunum. Fyrirfram var búið við auðveldum sigri heimamanna en annað átti eftir að koma á daginn því að Framstúlkur mættu grimmar til leiks og leyfði Haukastúlkum aldrei að komast í gang. Fram spilaði mjög fast, allt að því gróft á köflum, og tóku sér góðan tíma í sóknarleikum. En betur má ef duga skal og höfðu reynslulitlir leikmenn Fram ekki roð í Haukana að þessu sinni.

„Þetta var slakur leikur hjá mínum stelpum en það verður ekki tekið af stelpunum hjá Fram að þær börðust gríðarlega vel og létu okkur hafa verulega fyrir hlutunum,“ sagði Guðmundur Karlsson, þjálfari Hauka í leiklok.

Tæpt hjá Stjörninni

Stjarnan bar sigurorð af Gróttu/KR með eins marks mun, 22-21, í æsispennandi leik er liðin mættust í fyrstu umferð úrslitakeppni DHL-deildarinnar í handknattleik kvenna í Ásgarði í gær. Minnugar afhroðsins sem lið þeirra beið í úrslitum bikarkeppinnar fyrr á þessu ári var greinilegt að stelpurnar í Gróttu/KR ætluðu ekki að hleypa Stjörninni of langt á undan sér.

Jafnt var á flestum tölum vel fram í seinni hálfleik en Gróttu/KR náði eins marks forystu þegar rúmar tvær mínútur



KOMNAR Í UNÐANÚRSLIT Lið ÍBV í DHL-deild kvenna í handbolta er komið í undanúrslit eftir auðveldan sigur á Víkingum í gær. Það var ekki sjón að sjá heimamenn í leikum eftir að þær höfðu sýnt svo eftirminnilega baráttu í fyrstu viðureign liðanna. Fréttablaðið/Stefán

voru til leiksloka. Stjarnan náði að jafna og Kristín Clausen tryggði sigur með marki 10 sekúndum fyrir leiklok. Gróttu/KR fékk aukakast þegar leiktíminn var liðin en skot Önnu Úrsúlu Guðmundsdóttur fór í varnarvegg Stjörnunnar sem náði forystu í einvíginu, 1-0.

„Við erum með þetta í okkar höndum, einum fleiri og getum bara gulltryggt okkur þetta á lokamínúturnum. Við vorum hrikalega klaufaleg í okkar aðgerðum undir það síðasta,“ sagði Kári Garðarsson, þjálfari Gróttu/KR. Erlendur Ísfield, þjálfari

Stjörnunnar, var allt annað en ánægður með frammistöðu sinna stúlkna en var ánægður með að sigur hefði fengist.

„Þetta hafðist en þetta var langt í frá að vera okkar besti leikur. Sóknarleikurinn var skelfilegur, einstaklingsframtak í staðinn fyrir að spila saman sem lið en við stóðum okkar ágætlega í vörninni.“

Öruggt hjá Val

Valur tryggði sér sæti í undanúrslitum Íslandsmótsins með sannfærandi sigri á FH að Hlíðar- enda, 25-19. Valur lagði grunninn

áð sigrinum í fyrri hálfleik með sterkri vörn og mjög góðri markvörslu Berglindar Hansdóttur.

Valur var að gera fleiri mistök í sókninni í fyrri hálfleik en það kom ekki að sök. Staðan í hálfleik var 10-6 og í síðari hálfleik juku Valsstúlkur forskotið jafnt og þétt með mikilli baráttu og einbeitingu allt þar til munurinn var orðinn níu mörk, 22-13, og tíu mínútur til leiksloka.

Ágústa Edda Björnsdóttir og Berglind Hansdóttir voru í sér-flokki í annars góðu liði Vals en hjá FH var Gunnur Sveinsdóttir atkvæðamest og mjög ógnandi. ■

Samherjar slógust í ensku úrvalsdeildinni í gær:

Ótrúleg uppákoma

FÓTBOLTI Ótrúleg uppákoma átti sér stað í viðureign Newcastle og Aston Villa í ensku úrvalsdeildinni þegar brutust út götuglasmál af gamla skólanum á milli Kieron Dyer og Lee Bowyer, samherjanna hjá Newcastle. Leikmönnum lenti saman á lokamínúturnum fljótlega eftir að Gareth Barry hafði komið Aston Villa í 3-0 undir lok leiksins og fengu þeir báðir að líta rauða spjaldid.

„Ég biðst innilega afsökunar,“ sagði Bowyer á blaðamannafundi sem hann mætti á með Dyer og Graeme Souness, stjóra Newcastle, eftir leikinn. Dyer tók í sama streng og skömmustulegir á svip báðu þeir félagar alla sem tengjast Newcastle á einhvern hátt afsökunar en at-

hygli vakti að þeir báðu ekki hvor annan afsökunar meðan á fundinum stóð. „Við erum samherjar og getum orðið ósammála en við eigum ekki að slást fyrir framan 50 þúsund manns,“ bætti Dyer við.

Gareth Barry, leikmaður Villa og sá sem reyndi fyrstur allra að slíta þá kumpána í sundur frá hvor öðrum, kvæðst aldrei hafa upplifað annað eins á sínum ferli. „Það er augljóst að þeir misstu algjörlega stjórn á sér. Ég trúði þessu varla þegar ég sá þetta en ég er viss um að þeir sjá eftir þessu,“ sagði Barry.

Eiður Smári Guðjohnsen var í byrjunarliðinu og skoraði tvö glæsileg mörk þegar Chelsea náði 13 stiga forystu á toppi deildarinnar með 1-3 útisigri á



FYRIRGEFÐU Kieron Dyer og Lee Bowyer voru eins og lítil börn á milli þabba síns á blaðamannafundi eftir leikinn í gær. Þabbinn er Graeme Souness, stjóri Newcastle.

Southampton. Man.Utd náði að eins jafntefli á heimavelli gegn Blackburn og þarf nú nánast kraftaverk til að titillinn gangi Chelsea úr greipum. Arsenal

komst fram fyrir Man.Utd á markatölu með sigri á Norwich á heimavelli þar sem Thierry Henry var í miklu stuði og skoraði þrennu. ■

HEIMSMETIÐ HANDAN VIÐ HORNIÐ

Kraftlyftingamesturinn tók eftir því á dögnum þegar ungur Íslendingur „lék sér“ með 400 kíló í réttstöðulyftu á æfingu og lyfti þyngdinni fjórum sinnum fyrir viðstadda. Umræddur víkingur heitir Benedikt Magnússon.

Benedikt hefur verið við æfingar í Bandaríkjunum, þar sem hann kynnti sér áherslur bestu kraftlyftingamanna heims í einstaka greinum. Hann setur markið hátt og hefur lýst yfir að hann ætli sér að slá Kópavogströllinu Auðuni Jónssyni við á Íslandsmótinu í kraftlyftingum nú í apríl, sem hefur alla burði til að verða rosalegasta mót sinnar tegundar í manna minnum.

Auk tilþrifa sinna í æfingastöðinni Gym 80 um daginn þegar hann lyfti 400 kílónum fjórum sinnum, hefur hann nú tekið 410 kíló og stefnir á að slá heimsmetið á Íslandsmótinu í mánuðinum.

”Magnús Ver sagðist skyldi gefa mér æfingabrókina sína ef ég tæki það þrisvar.

„Auðunn er ívið betri en ég í hnébeygjunni, en ég hef verið að bæta æfingatölurnar mínar mikið þar og á alveg eins von á að geta strítt honum þar. Ég á best 260 kíló í bekkpressunni en Auðunn á 290, svo að hann gæti verið á undan mér í bekknum,“ sagði Benedikt.

Þegar við spurðum hann hvort hann héldi ekki að Auðunn tæki 300 kílóin í bekknum núna, úr því að það tókst ekki á Íslandsmótinu í bekkpressu í vetur, stóð ekki á svörum hjá kappanum. „Jú, hann verður líka að gera það til að eiga möguleika í mig,“ sagði Benedikt.

Heimsmetið í hættu

Trompið hjá Benedikt er réttstöðulyftan, eða „deddarinn“, eins og þeir kalla hana, eftir ameríska orðinu „deadlift“. Þar hefur drengurinn verið að taka stórstígunum framförum á síðustu mánuðum og gaf fyrir nokkru út þá yfir-



lýsingu að hann ætlaði að slá heimsmetið, sem er 423 kíló.

„Ég ætla mér að taka þá þyngd sem ég þarf til að vinna Auðun í samanlögðu í réttstöðunni og það má segja ég geti ekki tapað, því ég ætla að bæta heimsmetið og hef hugsað mér að reyna við 1000 pundin, sem er nokkuð sem enginn hefur tekið áður. Það eru 455 kíló og ég veit ekki til þess að nokkur hafi reynt við þá þyngd í heiminum, svo að það verður sögulegt hvort sem það fer upp eða ekki,“ sagði Benedikt gláðlega, sem lætur það að lyfta hátt í hált tonn hljóma eins og hann sé að fara að þútta golfbolta.

Prótín og pönnukökur

Eins og áður sagði er Benedikt nýkominn frá Bandaríkjunum þar sem hann var við æfingar með nokkrum félögum sínum um hríð. „Ég hef mikið verið að kynna

mér hvað þeir bestu í heiminum í hverri grein eru að gera til að ná árangri og tileinka mér svipaðar æfingaaðferðir. Ég skoða þann besta í bekknum og skoða hvernig hann æfir, svo þann besta í hnébeygju og eins í réttstöðunni. Ég veit ekki til þess að menn hafi verið að nota þessar aðferðir og held að þær geti nýst mér vel, enda ætla ég að ná langt. Ég hef verið að æfa alls konar íþróttir með kraftlyftingunum til að halda þústinu og einnig til að halda upp á snerpu og liðleika. Ég hef gaman af öllum íþróttum; mér finnst gaman að prófa þær sem flestar. Þetta var finn túr þarna úti og við gerðum mikið af því að borða pönnukökur og ýmsar prótínvörur.“

Aflraunaástríða

Þegar Benedikt kom heim frá Bandaríkjunum um daginn, þótti félögum hans í Gym 80 æfingatöl-

”Ég hef mikið verið að kynna mér hvað þeir bestu í heiminum í hverri grein eru að gera til að ná sem bestum árangri.

ur hans nokkuð ótrúlegar, svo hann fann sig knúinn til að sanna mál sitt.

„Magnús Ver sagði mér að ég yrði að bakka þetta upp með því að taka 400 í réttstöðunni og ég spurði hann þá hversu oft ég ætti að taka það. Hann sagðist skyldi gefa mér æfingabrókina sína ef ég tæki það þrisvar, svo að ég varð að taka það einu sinni til bara fyrir hann,“ segir Benedikt, sem er ekki eina heljarmennið í fjölskyldunni, því bróðir hans Magnús er þekktur aflraunakappi og lyftingamaður.

Við spurðum Benedikt að lokum hvernig stæði á því að þeir bræður væru svona sterkir. „Ástríða,“ svarar hann án þess að hika. „Við bræður höfum alltaf verið í þessu af mikilli ástríðu og það hefur alltaf verið mikil keppni á milli okkar, alveg sama hvort það var átkeppni, lyftingakeppni eða aflraunakeppni og ég held að það hafi móttíverað okkur báða mikið. Við vildum báðir vera bestir í öllu sem við tókum okkur fyrir hendur. Ég veit að hann getur orðið miklu betri en ég í aflraunum, en ég veit líka að hann verður aldrei jafn góður og ég í lyftingunum. Við höfum hinsvegar alltaf stutt hvor annan og munum alltaf gera,“ sagði Benedikt að lokum. Íslandsmótið í kraftlyftingum verður háð laugardaginn 16. apríl á Grand Hotel.

baldur@frettabladid.is

EINAR LOGI VIGNISSON: JÖFNUÐURINN Í EVRÓPUBOLTANUM

Hinir síðustu verða aldrei aftur fyrstir

Ekki veit ég hvort belgíska meðal knattspyrnumanninn og ofurverkalyðshetjuna Jean Marie Bosman hefur rennt í grun hve víðtækar afleiðingar málarekstur hans fyrir rúnum áratug ætti eftir að hafa á evrópska knattspyrnu. Bosman-dómurinn þótti mikið réttlætismál fyrir vinnandi stétt knattspyrnumanna en fylgikvillarnir urðu fleiri og alvarlegri en jafnaðarmaðurinn Bosman hugði. Enda Bosman sjálfur ekki sáttur við allt sem gerst hefur, harmar mjög hve knattspyrnumenn sem mokuðu inn seðlum á framtaki hans hafa verið nískir á að launa honum greiddann auk þess sem Bosman þykir slæmt hve vegur stórliða álfunnar hefur aukist mikið í kjölfar dómsins.

Stórliðin fitna

Dómurinn kom á besta tíma fyrir þá stórkúlbbá sem stóðu bestum fæti fyrir áratug. Tekjur af sjónvarpsútsendingum jukust gríðarlega upp úr 1990 og Bosman-dómurinn opnaði allar gáttir fyrir stóru liðin að safna saman stórum hópi leikmanna. Bilið á milli stóru liðanna og hinna hefur aukist með hverju árinu og nú er svo komið að í raun eiga engin önnur lið en þau allra stærstu nokkurn minnsta möguleika á að hampa meistaratitli í höfuðdeildum evrópska boltans. Þessi staða er hvergi augljósari en á Englandi og Ítalíu á meðan jöfnuðirinn hefur verið heldur meiri á Spáni og í Þýskalandi eins og meistaratitlar Deportivo La Coruna og Werder Bremen undanfarin ár bera vitni um. Þeir klúbbar komast seint í sjálfskipaða höfðingjasveit stórkúlbbana sem ber hið frímúraralega heiti G 14.

Smáliðin horast

Allar eiga deildakeppnirnar svo sameiginlegt að lakari liðin hafa veikt til muna. Á Englandi og Ítalíu er nánast árlegt brauð að liðin sem koma upp úr næstefstu deild fara bein-

ustu leið niður aftur með færri stig í farteksku en dæmi eru um. Efstu liðin slá á hverju ári stiga- og sígramet sem eru nánast út úr kortinu. Auðvitað hafa sum þeirra verið að spila feikilega vel en varla trúir ég því að mönnum finnist stigastöfnun þeirra verðskulda það að slá því við sem bestu lið í sögu landanna hafa afrekað. Þannig er t.d. Juventus með miklu fleiri stig nú en bestu lið þeirra á niunda og tíunda áratugnum náðu í hús. Núverandi lið stendur þó þeim liðum langt að baki.

Sjónarsviptir er af því að sjá lið af svipaðri stærðargráðu og Blackburn, Leeds, Aston Villa, Verona, Sampdoria, Athletic Bilbao, Real Sociedad og Kaiserslautern eiga möguleika á meistaratign. Nöfn þessara liða má lesa í listum yfir meistara viðkomandi landa á niunda og tíunda áratugnum en vandséð er að við sjáum þau á lista þessa áratugar.

Lögmál jafnaðarmennskunar

Stóru liðin hafa bundist höndum um að verja yfirburðastöðu sína og knattspyrnusamband Evrópu virðist ekki ætla að sýna mikla tilbúð til að auka jöfnuðinn milli liða. Hugmyndir sambandsins um að takmarka leikmannahópa við 25 leikmenn og að nokkrir þeirra þurfi að vera aldir upp hjá félaginu eru aumt yfirklor. Bosman-dómurinn var afsprengi Evrópusambandsins sem er sérkennilegur kokkteill af kapitalisma og sósíaldemókratískum jöfnuði. Fótboltinn hefur hingað til bara fengið að njóta kapitalísku þáttanna. Í höfuðríki kapitalismans, Bandaríkjunum, lúta helstu íþróttagreinar lögmálum jafnaðarmennskunar með nýliðavali, launaþaki o.s.fv. Þar hugsa menn um hagnuni íþróttanna til lengri tíma liði. Og þótt Amerika í dag teljist seint leiðarljós Evrópusambandsins þá væri margt vitlausara fyrir þá sem vilja aukinn jöfnuð í Evrópuboltanum en að líta til Ameríkalands.



SCHUMACHER OG ALONSO
Þessir tveir munu án efa vera í toppslagnum í Barein í dag.

Schumacher þriðji í fyrri tímatöku á nýja bílnum:

Bíllinn er hraðskreiður

FORMÚLA „Við vöknudum upp við vondan draum í síðustu keppni og urðum að mæta með nýja bílinn. Við erum að nálgast okkar besta form og nýi bíllinn er hraðskreiður,“ sagði ökuþórinn Michael Schumacher sem náði 3. sæti í fyrri tímatökunni fyrir kappaksturinn í Barein í dag á nýja F2005 bílnum.

Schumacher varð 0,389 sekúndum á eftir Fernando Alonso hjá Renault sem kom fyrstur í mark. Jarno Trulli varð þriðji en Rubens Barrichello hjá Ferrari varð fyrir því óláni að gírkassinn í bíl hans bilaði og

hafnaði hann í 15. sæti.

„Michelin-dekkin virka mjög vel á þessari braut og það sannar að þau eru samkeppnisfær við hvaða aðstæður sem er. Ég þarf samt að eiga toppdag á morgun til að halda fengnum hlut,“ sagði Alonso.

Ross Brown, liðsstjóri Ferrari, sagðist mjög ánægður með nýja bílinn þrátt fyrir vandræði Barrichello. „Schumacher ók frekar varlega og vildi gera sem fæst mistök. Ef við höldum sama dampi á morgun tel ég að við munum enda ofarlega í keppninni,“ sagði Brown.

LÍÐIÐ MITT > EINAR BOLLASON SETUR SAMAN ÍSLENSKA DRAUMALÍÐIÐ SITT Í INTERSPORT-DEILDINN



Þrjú leikmenn af sex koma úr Njarðvík

LEIKSTJÓRNANDI – DARREL LEWIS, GRINDAVÍK: Ótrúlega skemmtilegur leikmaður sem býr yfir mikilli útsjónarsemi og fjölbærni.


SKOTBAKVÖRÐUR – BRENTON BIRMINGHAM, NJARÐVÍK: Gríðarlega fjölbær leikmaður og getur alveg eins leikið stöðu leikstjórnanda ef sá gállinn er á honum. Brenton er heillinn og hjartað í Njarðvíkurliðinu og er á góðum degi alveg gjörsamlega óviðráðanlegur.

LÍTILL FRAMHERJI – SIGURÐUR ÞORVALDSSON, SNÆFELLI: Drengur sem að hafði ekki notið neinnar hefðbundinnar kennslu í yngri flokkum og hefur blómstrað eftir að hann kom í Stykkishólm. Rúsinan í pylsuendanum í þessu liði.

STÓR FRAMHERJI – HLYNUR BÆRINGSSON, SNÆFELLI: Eini alvöru kraftframherjinn sem við eigum á landinu. Sérstaklega skemmtilegur baráttukall og hefur ótrúlegt auga fyrir fráköstum. Spilar í raun tíu sentimetra fyrir ofan sína hæð vegna þess.

MIDHERJI – FRÍÐRIK STEFÁNSSON, NJARÐVÍK: Ber höfuð og herðar yfir aðra íslenska miðherja. Hann heldur sínu gagnvart hvaða útlendingi sem er og er gífurlega sterkur strákur og fylginn sér. Ég er samt enn að biða eftir því að hann verði enn betri.

6. MAÐUR – PÁLL KRISTINSSON, NJARÐVÍK: Getur spilað þrjár stöður og þannig skipt í rauninni við alla. Ekki ónýtt að eiga þannig mann fyrstan inn af bekknum.



„Ég hefði mjög gaman að því að stjórna þessu liði og með það í höndunum væri ég ekki hræddur gagnvart einu eða neinu.“

ÚR SPORTINU

Shaquille O'Neal hjá Miami Heat og Kevin Garnett í liði Minnesota Timberwolves, voru valdir leikmenn Austur- og Vesturdeildar marsmánaðar í NBA-körfuboltanum. Heat vann 12 leiki og tapaði þremur í mars og skoraði O'Neal 23,5 stig, nýtti 59,1% skota sinna, tók 10,7 fráköst, gaf 2,3 stoðsendingar og varði 2,1 skot að meðaltali í leik. O'Neal nældi sér að auki í 8 tvöfaldar tvennur. Garnett leiddi lið sitt til 10 sigra og 5 tapleikja. Hann skoraði 23,5 stig, var með 50,2% skotnýtingu, tók 13,7 fráköst og gaf 5,4 stoðsendingar í leik.



Pað fór allverulega um unnendur NBA-liðsins Chicago Bulls í fyrradag þegar Eddy Curry, miðherji liðsins, var fluttur á sjúkrahús af völdum óreglulegs hjartsláttar. Curry, sem er 22 ára að aldri, var skoðaður í bak og fyrir og sá sér ekki fært að leika með Bulls gegn Charlotte Bobcats. „Þetta hræddi mig örlítið enda kom þetta algjörlega upp úr þurru,“ sagði Curry. Bulls gengur allt í haginn um þessar mundir og vann sinn 8. leik í röð á dögnum og hefur liðinu ekki vegnað betur frá dögum Michaels Jordan hjá liðinu.

Ennska stórlíðið Manchester United tilkynnti í gær að verð á ársmiðum myndi hækka fyrir næstu leiktíð. Hækkunin mun skila félaginu um 4 milljónum punda eða 456 milljónum íslenskra króna. Í yfirlýsingu frá félaginu segir m.a. að með hækkuninni við félagið minnki líkurnar á að bandaríski auðklyfingurinn Malcolm Glazer nái meirihluta í Manchester United.



Skotinn Stephen Hendry, fyrrum heimsmeistari í ballskák, tryggði sér sæti í úrslitum China Open mótsins í gær þegar hann lagði landa sinn, Alan McManus, í undanúrslitum, 6-4. Hendry átti við smávægileg meidsli fyrr í vikunni en náði engu að síður að leggja McManus að velli. „Hann var harður í horn að taka enda bestu snókerspilari heims hvað tæknileg atriði snertir,“ sagði Hendry sem mætir heimamanninum Ding Jun Hui eða Ken Doherty í úrslitum.

Roger Federer bar sigurorð af Andre Agassi í undanúrslitum opna Nasdaq-100 mótsins sem fram fór í Miami í fyrradag. Federer vann örugglega, 6-4 og 6-3, og mætir Spánverjanum Nadal í úrslitaleik mótsins sem fram fer í dag. Hinn 18 ára gamli Nadal vann landa sinn, David Ferrer 6-4 og 6-3 og er yngsti þátttakandi úrslitaleiks í Miami síðan 1990 þegar Agassi komst í úrslit, þá 19 ára að aldri.



MÆTTUR TIL LEIKS Á NÝ Brjóskskið sem hrjáði Sigfús var farið að hafa áhrif á hreyfinguna í löppunum og á tímabili var hann hættur að finna fyrir tánum í vinstri fæti. Allt útlit er fyrir að hann sé búinn að vinna bug á meiðslunum þrálátu.

Var hættur að finna fyrir tánum

Allt útlit er fyrir að meiðslamartröð hins tröllvaxna línumanns Sigfúsar Sigurðssonar sé loks á enda. Hann spilaði sinn fyrsta leik í tæpa fjóra mánuði eftir að hafa farið í aðgerð þar sem glænýrri tækni var beitt.

HANDBOLTI „Ég er alveg að drepa úr harðsperrum,“ var það sem var línumanninum Sigfúsi Sigurðssyni efst í huga eftir að hafa snúið aftur í þýska handboltann eftir þrálát meiðsli í baki, en hann lék sinn fyrsta leik í langan tíma þegar Magdeburg sigraði Minden á heimavölli á föstudagskvöldið. Sigfúsi, sem lék í vörninni frá fyrstu mínútu og skoraði auk þess eitt mark úr hraðauppþlaupi, var vel fagnað af stuðningsmönnum Magdeburg þegar liðin voru kynnt til leiks.

„Það var alveg skelfilega gott að komast aftur út á völlinn eftir að hafa verið nánast frá alveg frá því á ólympíuleikum,“ segir Sigfús en hann var fyrst skorinn upp vegna brjósksloss í baki um þremur vikum eftir ÓL. Það tók hann nokkrar vikur að jafna sig af þeirri aðgerð áður en Sigfús hóf að spila á ný. Í nóvember fór hann að finna fyr-

ir meiðslunum á nýjan leik.

„Það var síðan leikurinn gegn Göppingen þann 8. desember sem var síðasti leikurinn sem ég spilaði,“ segir Sigfús sem þá var hann orðinn sárkvalinn. „Bakverkirnir voru farnir að leiða niður í fætur, ég var alveg dofinn í vinstri löppinni og á tímabili var ég hættur að finna fyrir tánum á mér,“ segir hann.

Sigfús fór í aðra aðgerð 19. janúar þar sem brjóskið var algjörlega tekið út auk þess sem fjórar sjö sentimetra langar skrúfur voru festar inn í sinn hvorn hryggjarliðinn. Öllu var tjaldað til að Sigfús næði bata.

„Svo voru settar títaníumstangir þar inn á milli til að það væri jafnvægi og munu þær gróa við beinin,“ segir Sigfús en um er að ræða nýja tækni sem byrjað var að nota í Sviss á síðasta ári og þá að mestu fyrir skíðamenn. Þeir sem voru skornir upp með þess-

um hætti voru að ná ótrúlega skjóttum bata og því hefur hróður þessarar tækni borist út til annarra íþróttageinana.

„Ég lá í tólf daga á spítalanum en í byrjun febrúar tók við endurhæfing þar sem ég synti, hljóp og hjólaði eins og brjálæðingur og var hjá sjúkrahjálfa þess á milli. Ég er því í fínu formi þótt leikæfingin sé kannski ekki upp á sitt besta,“ segir Sigfús en það var ekki fyrir en fyrir rúmri viku sem hann fór að æfa með liðinu af fullum krafti.

„Það er æðislegt að geta verið farinn að spila aftur og nú er bara að horfa fram á veginn og vona að líkaminn haldi. Læknar segja mér að það sem búið er að festa verði fast og það lítur út fyrir það í dag að þessari meiðslamartröð sé loksins lokið,“ sagði kampakátur Sigfús Sigurðsson í samtali við Fréttablaðið.

vignir@frettabladid.is

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

APRÍL

31 1 2 3 4 5 6

Sunnudagur

LEIKIR

- 13.05 **ÍA** og **Grindavík** mætast í Fífunni í A-deild deildabikars karla í knattspyrnu.
- 15.00 **ÍBV** og **Breiðablik** mætast í Fífunni í A-deild deildabikars karla í knattspyrnu.
- 13.05 **Þróttur** og **HK** mætast í Egilshöll í A-deild deildabikars karla í knattspyrnu.

SJÓNVARP

- 10.10 **Spænski boltinn** á Sýn. Útsending frá leik **Villareal** og **Atletic Bilbao** frá því deginum áður.
- 11.00 **Formúla 1** á RÚV. Bein útsending frá kappakstrinum í Barein.
- 11.50 **Hnefaleikar** á Sýn. Útsending frá hnefaleikakeppni í Texas. Á meðal þeirra sem mætast eru Fernando Vargas og Raymond Joval.
- 12.30 **Enski boltinn** á Skjá einum. Bein útsending frá leik **Fulham** og **Portsmouth** í ensku úrvalsdeildinni.
- 12.30 **Íslandsmótið í badminton** á RÚV. Bein útsending frá úrslitavíðureignum mótsins.
- 14.20 **Meistaradeildin í handbolta** á Sýn. Bein útsending frá viðureign **Ciudad Real** og **Montpellier** í undanúrslitum keppninnar.
- 15.50 **Spænski boltinn** á Sýn. Bein útsending frá leik **Barcelona** og **Real Betis**.
- 17.30 **Meistaradeild Evrópu** á Sýn. Fréttapáttur þar sem rætt er við leikmenn og aðra fulltrúa liðanna.
- 18.00 **US Masters** á Sýn. Upprifjun frá mótnu frá því í fyrra.
- 19.00 **US PGA BellSouth Classic** á Sýn. Bein útsending frá mótnu sem er liður í bandarísku mótaröðinni.
- 21.35 **Helgarsportíð** á RÚV. Farið verður yfir helstu íþróttavíðburði helganna.
- 21.55 **Skíðamót Íslands** á RÚV. Samantekt frá mótnu.
- 22.00 **NBA-deildin** á Sýn. Bein útsending frá leik **Cleveland** og **Dallas**.
- 00.00 **Meistaradeildin í handbolta** á Sýn. Útsending frá viðureign **Ciudad Real** og **Montpellier** frá því fyrr um daginn.

Ítalska úrvalsdeildin:

Öllum leikjunum frestað

FÓTBOLTI Vegna veikinda Jóhannesar Páls páfa var öllum leikjum í efstu og næstefstu deild á Ítalíu frestað og því var ekkert leikið um helgina. Reyndar á það sama við um alla opinbera íþróttavíðburði á Ítalíu. Þjóðarsorg ríkir í landinu vegna veikinda páfans og sögðu nokkrir hjálfafarar á Ítalíu, meðal annars Fabio Capello hjá Juventus og Carlo Ancelotti hjá AC Milan að rétt væri að fresta leikjunum af virðingu við páfann. ■

**HÖRKU SPENNUMYND
FRÁ FRAMLEIÐENDUM
LA FEMME NIKITA OG LEÓN**

**JET LI
BOB HOSKINS
MORGAN FREEMAN**



Hann var alinn upp sem skepna og þjálfður til að berjast. Nú þarf hann að berjast fyrir lífi sínu!

**DANNY
THE DOG**

KOMIN Í BÍÓ

REGNBOGINN XFM LAUGARÁS BÍÓ

STUÐ MILLI STRÍÐA : Til hamingju með daginn, Hási!!

BRYNHILDUR BJÖRNSDÓTTIR ÞAKKAR GÖMLUM KUNNINGJA FYRIR SIG



Hann hefði orðið tvöhundrað ára í gær ef hann hefði lifað en dó sjötugur að aldri úr lifrarkrabbameini. Hann fékk litla sem enga menntun sem barn en var svo greindur að hann menntaði sig með því að hlusta á strákinn í næsta húsi þylja lexiurnar sínar. Hann lærði líka leikrit utan að og fór með þau fyrir hvern sem heyra vildi milli þess sem hann hermdi eftir ballettdönsurum, fimleikamönnum og látbragðsleikurum. Hann var sendur í læri til tóbakskaupmanns, vefara og skraddara en ekkert af því átti við

hann. Hann fór fjórtán ára til stórborgar að freista gæfunnar og reyndi að fá vinnu sem leikari eða ballettdansari en var einhvernveginn alltof klunnalegur. Hann fékk smáaura fyrir að syngja í barnakór þar til röddin brast og hann fór í mútur. Hann var fátækur og hjá vondu fólki þar til hann fékk styrk frá kónginum þegar hann var tuttugu og þriggja ára og fékk innngöngu í háskóla. Hann skrifaði sögur, leikrit, ljóð og ferðasögur. Hann ferðaðist mikið og tók alltaf með sér reipi inn á hótélherbergin svo hann kæmist út um gluggann ef ske kynni að kviknaði í. Hann var nefnilega eldhræddur.

Hann var alltaf ástfanginn, og ást hans hans var ýmist ekki endur-


goldin eða ástarviðfangið bundið einhverjum öðrum örlögum. Hann giftist aldrei og eignaðist engin börn en mörg börn voru vinir hans. Hann kunnir nefnilega að segja þeim sögur. Og hann skrifaði sögur fyrir börn sem fullorðnir geta líka lesið, dæmisögur um heiminn og lífið, fallegar sögur og ljótar en umfram allt ævintýralegar og heillandi. Við vitnum í þær í daglegu tali, við berum okkur saman við ljóta andarungann, við sjáum ráðamenn klæða sig í nýju fötin keisarans, grátum yfir örlögum hafmeyjunnar litlu. Sögurnar hans gerðu okkur gláðari sem börn og ríkari sem fullorðin fólk. Við eigum honum fullt að þakka.

Elsku Hans Christian Andersen, til hamingju með afmælið! ■

myndasögur

■ PONDUS

Eftir Frode Överli



■ PÚ OG PA

Eftir SÓB



Droppát blómstrar

[TÓNLIST]

UMFJÖLLUN

Pessi verður að teljast ein bjartasta von rappspins. Hann var búinn að vinna lengi með Jay-Z áður en hann ákvað að hefja eigin feril. Hann er kannski ekki talinn neitt sérstaklega lunkinn textasmiður en hann er hnyttinn á réttum stöðum, mjúkur á réttum stöðum og harður þegar hann þarf.

Pema plötunnar er að Kanye kláraði aldrei menntaskóla, sem er staðreynd sem hann virðist vera mjög stoltur af. Þetta er allt mjög kaldhæðnislega fyndið, sem er sjaldgæft þegar bandarískir rapparar eiga í hlut. Flestir þeirra virðast vera uppteknir af því að blása upp sitt eigið egó. Kanye er alveg laus við það, og gerir meira

að segja stólpagrín að öllu bling bling, swinga-ling. Er svo með spes lag þar sem hann þakkar Jesú og Guði sérstaklega fyrir sig.

Kanye virðist vera mikill humoristi. Við höfum ekki fengið svona fyndna rappplötu frá því að Eminem var upp á sitt besta. Hann er kannski ekki alltaf að senda skynsamlegustu skilaboðin, en er á sama tíma að gagnrýna stéttaskiptingu og það sem virðist vera meingallað menntakerfi Bandaríkjamanna.

Grúfin og tónlistin eru fyrsta flokks. Kanye er með sinn eigin hlóm, sem er að verða mjög mikilvægt þegar flestöll meginstraums hiphop-tónlist er unnin af sömu mönnum.

Þetta er fyrsta flokks hiphop.



KANYE WEST:

THE COLLEGE DROPOUT

NIBURSTAÐA: Frumraun Kanye West er frábær hiphop-plata. Hér er eitthvað fyrir alla. Plata sem á eftir að standast tímanns tönn.

Fær mann til þess að hlæja, hugsa og yta hökunni fram og til baka... jafnvel þó að maður sé innan um fullt af ókunnugu fólki.

Birgir Örn Steinarsson

TÖLVULEIKIR

Ævintýri Bauers í tölvuleik

Tölvuleikurinn 24: The Game er væntanlegur á PlayStation 2 í haust. Í leiknum geta þátttakendur upplifað glænýjan dag í lífi Jack Bauer og féлага hans hjá CTU, rétt eins og í sjónvarpsþáttunum vinsælu.

Leikurinn gerist á milli þáttaraða tvö og þrjú og svarar ýmsum spurningum sem áður hefur verið ósvarað, þar á meðal hver stóð á bak við morðtilræðið á Palmer forseta og hvernig Kim Bauer fékk starfið hjá CTU.

Flestir leikararnir úr fyrstu

þremur þáttaröðum 24 koma fram í tölvuleiknum og taka þátt í talsetningunni. Leikurinn inniheldur einnig alla þá grafík og hljóðbrellur sem eru þekkt úr þáttunum og eru myndskild leiksins gerð í samvinnu við framleiðendur þáttanna til að ná sömu áhrifum.

JACK BAUER Jack Bauer lendir í hinum ýmsu ævintýrum í tölvuleiknum 24: The Game.



Ekkert nýtt undir sólinni

[TÖLVULEIKIR]

UMFJÖLLUN

Ég var nokkuð spenntur þegar ég skellti *Finest Hour* í PlayStation-vélina enda hefur *Call Of Duty* valdið usla í PC heiminum. Leikurinn er fyrstu persónu skotleikur sem gerist í seinni heimsstyrjöldinni og spilar frá sjónarhorni Rússa, Breta og Ameríkana. Spilarinn flakkar á milli Rússlands, Afríku og Evrópu og er markmiðið að sjálfsgödu að brjóta her Hitlers á bak aftur. Leikurinn byrjar í orrustunni um Stalíngrad og minnr upphafsborðið óneitanlega á atriði úr kvikmyndinni *Enemy at the Gates*. Spilarinn leikur ekki einn karakter heldur skiptist spilamennskan á milli margra karaktera sem gerir það að verkum að söguþráðurinn tynist og tenging persónanna verður óskýr. Sagan er sögð með stuttum myndbrotum og kynningum á verkefnum hverju sinni. Þó svo að hugmyndin sé að skapa fjölbreytni í leiknum þá nær hún ekki settu takmarki.

Í Rússlandi kynnist maður óreiðunni í Stalíngrad enda um blóðbað að ræða og ná verkefni á gætis flugi í spennu og hasar. Líðsheildin hjálpast að og getur spilarinn skipað bardagafélögum sínum fyrir, reyndar að mjög takmörkuðu leyti. Verkefni fylgja

hverjum karakter eftir þannig að sumir bardagarnir eru háðir á skriðdreka eða sem t.d. leyniskytta, sprengjusérfræðingur, fótgönguliði og ræðst það af hvaða karakter spilarinn er að leika hverju sinni.

Spilunin er ansi heft og má sérstaklega nefna að nánast ómögulegt er að miða í leiknum, nema með leyniskytturifflum.

Grafíkin í leiknum er í meðallagi og það eru engar nýjungar að finna. Hljóðvinnslan gerir sitt hlutverk og tónlistin lyftir undir seinni heimsstyrjaldar stemmningu en það er líka allt og sumt. Gervigreindin í leiknum er stírd og á köflum eru óvinnir alveg úti á þekju, hlaupa beint í byssukjafi spilarans eins og þeir séu ónæmir fyrir byssukúlum. Á köflum eru andstæðingar fastir í borðunum á steini eða við tré, það er ávallt merki um slaka forritunarvinnslu.

Þrátt fyrir að leikurinn sé sérstaklega hannaður fyrir PS2 þá leikur grunur á að framleiðendur séu að græða á *Call Of Duty* nafninu. Ef markmiðið er að gera alvöru skotleik þá missa þeir algjörlega marks enda er ekkert hér nýtt undir sólinni. Þó svo að PlayStation-vélin sé komin til ára sinna þá getur hún ráðið við mun meira en *Call Of Duty Finest Hour* hefur upp á að bjóða. Semsagt fyrir mitt leyti varð ég fyrir vonbrigðum og gef leiknum falleinkunn.

franzgunnarsson@visir.is



CALL OF DUTY: FINEST HOUR

VÉLBÚNAÐUR: PLAYSTATION 2
FRAMLEIÐANDI: SPARK UNLIMITED
ÚTGEFANDI: ACTIVISION

NIBURSTAÐA: Enn einn fyrstu persónu skotleikur sem gerist í seinni heimsstyrjöldinni. Byggður á vinsælum PC leik en nær ekki að skila þeim gæðum sem búist var við. Skotleikur í meðallagi, uppfullur af göllum. Vonbrigði.

lega marks enda er ekkert hér nýtt undir sólinni. Þó svo að PlayStation-vélin sé komin til ára sinna þá getur hún ráðið við mun meira en *Call Of Duty Finest Hour* hefur upp á að bjóða. Semsagt fyrir mitt leyti varð ég fyrir vonbrigðum og gef leiknum falleinkunn.

Avaxtakarfan
I AUSTURBÆ

Birgitta
Guðlaugsdóttir

...Ef horft er á í réttu ljósi hve lífið er stutt og lukkan svo hverful og smá. Ef horft er á í réttu ljósi. Hver dagur er gjóf, svo margt sem að hægt er að sjá.

Við syngjum saman. Eitt fyrir alla-gengur fyrir einn. Einn fyrir alla og allir fyrir einn.....

Miðasala í Austurbæ opin alla daga frá kl.14 til kl.18
pantanir í síma 551 4700
www.avaxtakarfan.is

Sunudagur 10. Apríl kl: 13:30
Sunudagur 17. Apríl kl: 13:30
Sunudagur 24. Apríl kl: 13:30
www.midi.is

Leikfélag Mosfellssveitar

Ævintýrabókin

barnaleikrit eftir Pétur Eggertsson í Bæjarleikhúsinu Mosfellsbæ
Leikstjóri Ingrid Jónsdóttir

4. sýning Sunnud. 03.apríl kl. 14:00
5. sýning Sunnud. 10.apríl kl. 14:00
6. sýning Sunnud. 17.apríl kl. 14:00
7. sýning Laugard. 23.apríl kl. 14:00

Leikritið segir frá hinum ýmsu persónum ævintýranna sem allir þekkja svo vel þó á annan hátt en í hinum raunverulegu ævintýrum. Persónur eru m.a. Mjallhvít, Raudhetta og úlfurinn, Prinsessan á bauninni, Óskubuska, Stígvéladi köturinn og fl.

Miðasala í síma 5 66 77 88
Miðaverð kr. 1500,-

KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR ÖRFÁ SÆTI LAUS Í DAG!

■ Stóra sviðið kl. 20.00
KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR - /Eivindur H.C. Andersen. Ármann Guðmundsson, Sævar Sigurgeirsson og Þorgeir Tryggvason.
Í dag sun. 3/4 14:00 örfá sæti laus, sun. 10/4 kl. 14:00 uppselt, sun. 17/4 örfá sæti laus, sun. 24/4 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 1/5 kl. 14:00 nokkur sæti laus.

■ EDITH PIAF - Sigurður Pálsson
Í kvöld sun. 3/4 örfá sæti laus, fim. 7/4 uppselt, fös. 8/4 uppselt, lau. 16/4 uppselt, lau. 23/4 uppselt, lau. 30/4 örfá sæti laus, lau. 7/5 nokkur sæti laus, fim. 12/5 örfá sæti laus, fös. 13/5 nokkur sæti laus.

■ MÝRARLJÓS - Marina Carr
Lau. 9/4 nokkur sæti laus, fös. 15/4 nokkur sæti laus, fim. 28/4.

■ Smíðaverkstæðið kl. 20.00
GRJÓTHARDIR - Hávar Sigurjónsson
Mið. 6/4 örfá sæti laus, lau. 9/4 örfá sæti laus, fim. 14/4 uppselt, fös. 15/4 nokkur sæti laus, fim. 21/4. Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!

■ Litla sviðið kl. 20.00
KODDAMAÐURINN - Martin McDonagh
Frum sýning mið. 13/4 uppselt, fim. 14/4 örfá sæti laus, sun. 17/4, fös. 22/4, fös. 29/4. Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!

Miðasalan er lokuð til þri. 29/3. Miðasölusími: 551 1200 Netfang: midasala@leikhusid.is
Vefang: www.leikhusid.is Símapantanir frá kl. 10:00 virka daga.
Bjóðleikhúsið sími 551-1200

Sýnt í Borgarleikhúsinu!

Fimmtudagur	21. apríl	FRUMSÝNING	kl. 14.00
- Sumardagurinn fyrsti			
Laugardagur	23. apríl	2. sýning	kl. 14.00
Sunnudagur	24. apríl	3. sýning	kl. 14.00
Sunnudagur	1. maí	4. sýning	kl. 17.00
Sunnudagur	1. maí	5. sýning	kl. 14.00
Fimmtudagur	5. maí	6. sýning	kl. 14.00
- Uppstigningardagur			
Laugardagur	8. maí	7. sýning	kl. 14.00
Sunnudagur	9. maí	8. sýning	kl. 14.00

MÍÐASALAN ER HAFIN
á www.borgarleikhusid.is
og í síma 568 8000

Leikfélagið Snúður og Snælda sýnir:

Tenórinn

Vegna fjölda áskorana verða tvær aukasýningar

Föstudaginn 15. apríl kl. 20
Laugardaginn 23. apríl kl. 20

IDNO Miðasala í síma 562 9700 www.idno.is

Ástandið

Sögur kvenna frá hernámsárunum

Kvöldsýning sunnudagskvöldið 3. apríl kl. 20
Síðasta sýning miðvikudag 6. apríl kl. 15

Tjarnarbakkinn RESTAURANT

BORGARLEIKHÚSIÐ

Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

STÓRA SVIÐ

DRAUMLEIKUR

e. Strindberg. Samstarf: Leiklistardeild LHL.
Lau 9/4 kl 20, Su 10/4 kl 20, Fi 14/4 kl 20

Síðustu sýningar

HÍBÝLI VINDANNA

leikgerð Bjarna Jónssonar eftir vesturfarasögum Böðvars Guðmundssonar
Fi 7/4 kl 20, Fö 8/4 kl 20, Lau 16/4 kl 20, Su 17/4 kl 20, Fi 21/4 kl 20, Fö 22/4 kl 20, Lau 30/4 kl 20

HÉRI HÉRASON

e. Coline Serreau
Lau 23/4 kl 20, Fö 29/4 kl 20

LÍNA LANGSOKKUR

e. Astrid Lindgren
Í dag kl 14 - Aukasýning
Lokasýning

NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ/ÞRÍJA HÆÐIN

SEGÐU MÉR ALLT

e. Kristínu Ómarsdóttur
Lau 9/4 kl 20, Su 17/4 kl. 20

AUSA eftir Lee Hall

Í samstarfi við LA.
Fi kvöld kl 20
Fi 21/4 kl 20 - Síðasta sýning
- Ath: Miðaverð kr. 1.500

ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR

Einleikur Eddu Björgvinsdóttur.
Í kvöld kl 20 - UPPSELT,
Fi 14/4 kl 20 - UPPSELT,
Fö 15/4 kl 20 - UPPSELT,
Lau 16/4 kl 20, - UPPSELT,
Su 17/4 kl 20
Mi 20/4 kl. 20 - UPPSELT,
Fi 21/4 kl 20
Fö 22/4 kl 20 - UPPSELT,

SVIK

eftir Harold Pinter
Samstarf: Á SENUNNI, SÖGN ehf. og LA
Lau 9/4 kl 20
Síðasta sýning

RÍÐIÐ INN Í SÓLARLAGIÐ

e. Önnu Reynolds.
Í samstarfi við leikhópinn KLÁUS.
Aðalæfing fi 7/4 kl 20 - kr. 1.000
Frum sýning fös 8/4 kl 20 - UPPSELT
Fö 15/4 kl 20, Lau 16/4 kl 20
Börn 12 ára og yngri fá fritt í Borgarleikhúsið í fylgd fullorðinna
- gildir ekki á barnasýningum

LEIKHÚSVEISLA FYRIR HÓPA
- UPPSKRIFT AÐ SKEMMTILEGU KVÖLDI

Kl 18:00 Gleðistund í forsal - veitingasalan opin
Kl 18:30 Kynniserfð um leikhúsið
- kynning á verki kvöldsins
Kl 19:00 Matseðill kvöldsins
Kl 20:00 Leiksýning kvöldsins
NÆRING FYRIR SÁL OG LÍKAMA - BÓKIÐ Í TÍMA

Miðasölusími 568 8000 • midasala@borgarleikhusid.is
Miðasala á netinu www.borgarleikhusid.is
Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin: 10-18 mánudaga og þriðjudaga, 10-20 miðviku-, fimmtu- og föstudaga 12-20 laugardaga og sunnudaga

Freyr og Njörður



„Það var allt í einu rétt að honum hasspípa. Hann tók við henni umhugsunarlaust. Hann reykti eins og hinir, en fann ekki nokkur áhrif. Þetta þótti honum furðulegt. Hann varð fyrir miklum vonbrigðum.“

- Feðgarnir Njörður P. Njarðvík og Freyr Njarðarson lýsa í bókinni Ekkert mál fyrstu kynnum ungs manns af hassi. Þau virðast sakleysisleg en reynast afdrifarík.

bækur

bækur@frettabladid.is

NÝJAR BÆKUR

Fyrstu þrjár bækurnar í bóka-flokknum **Úr bálki hrakfalla**, eða Series of Unfortunate Events, eftir höfundinn dularfulla, Lemony Snicket, eru nú komnar út í íslensku þýðingu. Þær heita **Illu byrjar það**, **Skríðýrastofan** og **Stóri glugginn** en fjórða bókin **Mæðulega myllan** er væntanleg í haust. Útgefandi bóka er Mál og menning og þýðandi er Helga Soffía Einarsdóttir.

Hjá Vöku-Helgafelli er komin út bókin **Hugmyndir fyrir sniðugar stelpur** eftir Helle Mogensen. Helga Jóna Þórunnardóttir og Erla Hrönn Sigurðardóttir þýddu. Þessi skemmtilega bók er uppfyll af spennandi

verkefnum, uppskriftum og hugmyndum fyrir stórar og smáar stelpur og alla aðra sem áhuga hafa á að læra að þrjóna, sauma, hekla, mála, sauma út, þæfa og fleira.



Hjá Máli og menningu er komin út barnabókin **Við fórum öll saman í Safariferð**, þar sem lesendur eru boðin að slást í hópinn með börnunum í Tansaníu og skoða dýrin sem þar búa.



Bókafélagið Ugla hefur gefið út bókina **Frá mínum bæjardrym** séð eftir Jakob F. Ásgeirsson. Í bókinni er að finna úrval skrifa Jakobs um þjóðmál á undanföllum árum.

Einhvers konar Þráinn í 17.000 eintökum

Einhvers konar ég, sjálfssævisaga Þráins Bertelssonar, kom út fyrir jólin 2003 og var meðal söluhæstu bóka þeirrar vertíðar. Innbundin útgáfa bókarinnar er fyrir löngu uppseld og kiljuútgáfa hennarkom út í fyrra og seldist einnig upp. Þráinn er þó enn að selja og JPV-útgáfa hefur sent frá sér nýja prentun af kiljuútgáfunni og Einhvers konar ég hefur því samanlagt verið prentuð í 17.000 eintökum. Þráinn fjallar um fátækt, geðveiki, einelti og þunglyndi í bókinni og segir frá sjúklingum á Kleppi, stuttri trúlofun, eftirminnilegu jólahaldi, skrautlegri skólagöngu, kynórum, einsemd, lífsháska, einstæðum föður og vægast sagt óvenjulegum uppvexti. Þegar bókin kom fyrst út sagði hann í viðtali við Fréttablaðið að með henni hefði hann komið skipulagi á fortíðina: „Mér finnst það hafa verið nauðsynlegt að gera upp þennan hluta ævi minnar í eitt skipti fyrir öll til þess að koma jafnvægi á hugann. Minn hugur hefur verið í uppnámi mikinn hluta ævinnar. Ég er seinþroska maður. Ég þarf á hugarró og jafnvægi að halda til þess að geta lifað fallegu lífi þann tíma sem ég á eftir.“ Þráinn skipti svo heldur betur um gir þegar hann fylgdi Einhvers konar ég eftir ári síðar með Dauðans óvissa tíma, sakamálasögu sem sótti efnivið sinn í íslenskan samtíma og raunveruleika. Það er helst að fréttu af Þráni núna að hann situr við skrifitíu í Prag þar sem hann vinnur að öðrum reyfara, jafnvel háspennusögu sem ætla má að komi út í lok ársins.



> Bók vikunnar ...

EKKERT MÁL eftir Njörð P. Njarðvík og Frey Njarðarson

Bókin **Ekkert mál** lýsir á opinskáan hátt heimi heróínufíkils þar sem ekkert skiptir máli annað en að redda sér á næsta skammti. Bókinni var vel tekið á sínum tíma og í ritdómi var talað um að hún ætti að vera skyldulesning í öllum skólum landsins. Ekkert mál var endurútféfin á kilju fyrir skömmu. Feðgarnir Njörður og Freyr sendu frá sér bókina **Eftirmál** í fyrra, 20 árum eftir útkomu **Ekkert mál** og sögðu frá afdrifum heróínufíkilsins og fjölskyldu hans.



Rithöfundar glíma við drauga

Nú um helgina kemur saman hópur norræna rithöfunda og útgefanda í þeim tilgangi að vinna saman að barnabók með norrænum draugasögum. Fyrir liggja fimmtán draugasögur frá átta löndum sem hópurinn mun rýna í og ræða. Höfundarnir eru flestir þekktir í sínum heimalöndum en fulltrúar Íslands eru þær Kristín Helga Gunnarsdóttir og Gerður Kristný. Edda útgáfa leiðir samstarfið hérlandis.

Þessi skemmtilega hugmynd er rakin til þess að haustið 2000 kom út samskonar bók með nýjum barnaljóðum. Bókin var gefin út í Danmörku, Færeyjum, Noregi, Svíþjóð, Finnlandi og á Íslandi og á íslensku bar bókin titilinn Það er komin halastjarna. Strax var ákveðið að halda samstarfinu milli þjóðanna áfram en jafnframt að næsta verkefni yrði af allt öðrum toga. Draugasagnaþemað var svo ákveðið og einnig var ákveðið að bæta tveimur þjóðum við og eru




GERÐUR KRISTNÝ Tekur þátt í samstarfi um norræna draugasögubók. Höfundar úr ýmsum áttum koma saman til skrafs og ráðagerða í Reykjavík um helgina.

því grænlenkskir og samískir höfundar og útgefendur með í þetta sinn. Í framhaldi af fundinum nú um helgina munu höfundar fara heim og vinna úr þeim ábendingum

og tillögum. Teiknarar frá öllum löndum munu svo skreyta sögurnar og glæsileg bók mun væntanlega koma í heiminn haustið 2006. ■


eitt símtal



fjórir sterkir auglýsingamiðlar



FRÉTTABLAÐIÐ



VISIR



BYLGJAN



TALSTÖÐIN

→ Meira en 150.000 manns lesa Fréttablaðið að meðaltali á hverjum degi.*

→ Meira en 160.000 manns að meðaltali nota Vísir í hverri viku.*

→ Tæplega 100.000 manns hlusta á Bylgjuna og Talstöðina á hverjum virkum degi.*

*Samkvæmt fjölmiðlakönnunum Gallup okt. 2004 og feb. 2005. Hlustun á Talstöðina er áætluð.

H.C. ANDERSEN: DANIR MINNAST SKÁLDSINS GÓÐKUNNA

Litli ljóti andarunginn 200 ára

